

# Ólga hjá ISAVIA

Hundruð starfsmanna lækka í launum



Margrét lýsir nótt á bráðamóttökunni

Bugað starfsfólk og ekkert næði



NÆRMYND AF GÍSLA PÁLMA

25. OKTÓBER 2019 / 43. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# DV

## PÖRUPILTUR RAPPSENUUNAR



## „BLOSSI OG ALLT FYLLTIST AF REYK“

- Fórnlamb skotárásarinnar á Eyrarbakka stígur fram
- Lokaði sársaukann inni og fékk taugaáfall
- „Ég óska engum að fá þennan ófögnuð inn í líf sitt“



## Sorgir og sigrar Margrétar Hrafns

Það sem ekki drepur mann, herðir mann



Blað Ferðafélags Íslands fylgir DV í dag



## Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto  
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## Fleyg orð

„Allt það besta í heiminum kostar engan pening. Dýrmætasta auðlind okkar er tíminn.“

– Steve Jobs

## Á þessum degi, 25. október



1331 – Kogon Japanskeisari tók við völdum.



1859 – Spánn lýsti yfir stríði við Marokkó.



1952 – Bandaríski leikarinn Jeff Goldblum fæddist.



2001 – Tölvuleikurinn Grand Theft Auto III var gefinn út og olli miklum usla víða um heim.



2012 – Fjórða plata Taylor Swift, Red, kom út.

# „Nágrannarnir ætluðu ekki að trúá mér“

Óboðinn gestur á Selfossi ■ Bergflétta sem braust inn

Kristínu Annýju Jónsdóttur brá í brún þegar hún komst að hinu undarlega í tengslum við garðplöntu á heimili hennar, en hún hefur fundið sér leið í gegnum steypuvegg og að eldhúsinu – og ekki í fyrsta sinn. Tegundin sem um ræðir er bergflétta, sígræn planta með klifurrætur sem getur vaxið allt upp í tuttugu til þrjátíu metra upp tré, kletta eða húsvaggi. Að sögn Kristínar var henni upphaflega brugðið þegar hún sá að plantan hefði laumast inn um eldhúsið án bersýnilegra skýringa.

Kristín, sem er sölustjóri hjá Víkurverki og búsett á Selfossi, segir í samtali við DV að málið sé hið furðulegasta og hafi hún aldrei séð neitt þessu líkt, að nágrannar hafi verið duglegir að kíkja til hennar til að sjá óboðna gestinn, eins og hún segir.

„Hún er alveg ótrúleg, þessi planta og það er ómögulegt að sjá hvaðan hún er að koma. Hún vex alveg af sjálfri sér og hefur greinilega smeygt sér í gegnum agnarsmáa rifu, hvernig sem hún fór að því. Þetta heldur samt áfram,“ segir hún.

„Ég var alveg gáttuð þegar ég tók fyrst eftir þessu og hún vex nokkuð hratt,“ segir Kristín. „Maðurinn minn tók vegginn frá og sleit plöntuna, en viku síðar var plantan búin að koma sér í gegn aftur.“

Kristín bætir við að til standi að fjarlægja aftur vegginn utan frá en plantan hefur verið undirstaða mikils glens í nágrenninu og því verið beðið með ferlið.

„Nágrannarnir ætluðu ekki að trúá mér fyrst. Einn smiðurinn sem býr hér í hverfinu hélt að ég væri að grínast þangað til hann sá þetta. Það er mikið hlegið að þessu hér í hverfinu og dáðst að þessari þrautseigu plöntu sem virðist ekkert ætla að láta stoppa sig. Þess vegna hef ég leyft þessu að halda sér í bili, þetta er svo mikið grín, og það er forvitnilegt að vita hversu mikið hún mun stækka,“ segir Kristín. ■

## Bergflétta í hnotskurn

- Í flokki tvíkímblöðunga
- Kallast einnig viðvindill eða vafningsviður
- Fræðiheiti: Hedera Helix
- Sígræn planta með klifurrætur
- Getur vaxið upp í 20 til 30 metra upp tré, kletta eða húsvaggi
- Harðgerð og þolir vel hita-sveiflur
- Kom fyrst til Íslands frá Skotlandi í kringum árið 1950 og var gróðursett við Hringbraut 10, þar sem hún óx utan á húsinu og varð frægasta bergflétta landsins



## 5 þekktir sem eru ekki með bílpróf

### Hildur Knútsdóttir

tiskubloggari hefur sagt að fólk mikli bíllausan lífsstíl fullmikið fyrir sér en hún hefur aldrei tekið prófið. Hún hefur opinberlega sagt að það sé minna mál en ætla mætti, sérstaklega með tvö börn. Hún kann ákaflega vel við að sitja í strætó og hlusta á hláðvörp í stað þess að hugsa um að sitja föst í umferð.



### Inga Sæland

formaður Flokks fólksins og þingmaður, er mikil landsbyggðarkona og dugnaðarforkur. Það fylgir starfinu að ferðast töluvert á milli staða en þar notast hún við aðstoð bílstjóra. Inga er, að eigin sögn, ekki með ökuréttindi vegna þess að hún er sjónskert.

### Vignir Rafn Valþórsson

leikari tilheyrir ágætri stétt fagfólks á leikarasviði sem sér litla þörf fyrir ökuskríteini. Mýtan segir að leiklistarfólkið á höfuðborgarsvæðinu haldi sig hvort sem er í miðbænum þar sem allt er í góðu göngufæri.



### Hlynur Páll Pálsson

framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins, hefur aldrei tekið bílpróf og herma sögur að hann kunni þrýðilega við þá ákvörðun.

### Hugleikur Dagsson

listamaður tilheyrir bíllausa hópnum. Uppistandarin Snjólaug Lúdvíksdóttir skaut fast á grínarann í afmælisveislu hans. „Hann er ekki með bílpróf af því að það er bannað að keyra bólufræðinn,“ sagði hún og uppskar mikinn hlátur.



# TÆR STÍLSNILLD




*„... undurfögur en hrollvekjandi mósaíkmynd sem verður að lokum heildstæð í huga lesandans.“*

RAGNHILDUR ÞRASTARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

*„Þetta er frábærlega stíluð bók, hugmyndafræðilega ofboðslega áhugaverð.“*

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN



Áleitið og meistaralega vel skrifað verk eftir verðlaunahöfundinn Sjón



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

## Hver er hann?



■ Hann er alinn upp í Árbænum og Kópavoginum.

■ Hann er Bliki í húð og hár og mikill aðdáandi rapptónlistar.

■ Hann er einnig mikill unnanði tölvuleiksins Counter-Strike.

■ Hann á tvær Mercedes Benz-bifreiðar og hund sem heitir Nino.

■ Hann er landsliðsmaður í knattspyrnu og hefur slegið í gegn í enska boltanum.

SVAR: JÓHANN BERG GUDMUNDSSON

## Það er staðreynd að...



Á Grænlandi búa tæplega 56 þúsund manns.



Meðalmanneskja leysir vind að meðaltali 14 sinnum á dag.



Talið er að Leonardo Da Vinci hafi fundið upp skærin.



Fyrir hverja „venjulega“ netsíðu eru til fimm klámsíður á Netinu.



Verlunardeðjan Wal-Mart tapar milljörðum á ári vegna búðarhnúpls.

# ÓLGA MEÐAL STARFSMANNA ISAVIA



## Launalækkun tekur gildi um mánaðamótin Verður rætt í kjarasamningsviðræðum

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Nokkurrar ólgu gætir meðal starfsmanna ISAVIA um þessar mundir vegna fyrirhugaðrar launalækkunar sem þeim hefur verið gert að sæta. Samkvæmt heimildum DV mun launalækkun starfsmanna í öryggisleit nema um það bil heilum mánaðarlaunum á ársgrundvelli. Samkvæmt heimildum DV skildist einhverjum starfsmönnum að styttri vaktir væru liður í að stytta vinnuvikuna og þeir því óánægðir með launalækkunina, sem var upprunalega tilkynnt í sumar.

Samkvæmt upplýsingum frá ISAVIA munu þessar breytingar vera liður í aðgerðum ISAVIA til að bregðast við fækkun ferðamanna á Keflavíkurlugvelli og miða að því að ekki þurfi að fækka stöðugildum umfram það allra nauðsynlegasta.

„Til þess að bregðast við fækkun farþega um Keflavíkurlugvöll, bæði vegna falls WOW Air fyrr á árinu og

vegna minnkandi umsvifa flugfélaga á vetrarmánuðum þá hafa verið gerðar breytingar sem miða að því að draga úr kostnaði. Breytingarnar lúta meðal annars að breyttum starfshlutföllum, styttingu vakta þar sem dregið er úr yfirvinnu ásamt frestun ráðninga í laus störf og hefur því starfsmannafjöldi dregist nokkuð saman á árinu vegna þessa. Vaktir hjá starfsmönnum í öryggisleit í 100% starfi hafa almennt verið stytta úr 12 tímum í 11,5 tíma. Þá hafa starfsmenn sem þess hafa óskað getað fært sig í hlutastörf og hefur einhver fjöldi nýtt sér það. Í nýlegum aðgerðum er ekki ráðist í uppsagnir heldur farið í aðrar breytingar á vinnufyrirkomulagi sem miða að því að draga úr kostnaði.“

Að sögn Þórarins Eyfjörð hjá Sameyki stéttarfélagi er félagið meðvitað um óánægju starfsmanna en félagið muni berjast fyrir því að komið verði til móts við félagsmenn í komandi kjarasamningum.

„Þetta eru starfsmenn sem starfa að öryggismálum hjá

flugstöðinni. Þetta er eitthvað sem við munum taka til umræðu í kjarasamningsviðræðunum við ISAVIA.“ Þórarinn segir það skiljanlegt að atvinnurekendur hafi þurft að bregðast við breyttum rekstrargrundvelli, sem ISAVIA er að gera vegna fækkunar farþega. „Það breytir því ekki að af þessu höfum við áhyggjur og við gerð kjarasamninga verður þetta rætt þar sem þetta er veruleg lækkun.“

Breytingarnar taka gildi núna um mánaðamótin og munu hafa áhrif á hundruð starfsmanna.

Samkvæmt ISAVIA var reynt að gæta fyllstu aðgátar við aðgerðirnar.

„Þessar breytingar voru gerðar í samráði við stéttarfélög, fulltrúa starfsmanna og trúnaðarmenn. Var markmiðið að finna eins milda lendingu og mögulegt var fyrir starfsmenn flugvallarins. Auðvitað finna allir fyrir svona breytingum, en eins og áður segir er óhjákvæmilegt að laga starfsemi flugvallarins að minni umsvifum flugfélaganna og minnkandi tekjum.“ ■



Þórarinn Eyfjörð

Það breytir því ekki að af þessu höfum við áhyggjur og við gerð kjarasamninga verður þetta rætt þar sem þetta er veruleg lækkun

# Smánun hitt og smánun þetta

## Svarthöfði

Svarthöfði liggur yfirleitt ekki á skoðunum sínum en undanfarið hefur hann verulega íhugað að loka algjörlega á sér trantinum og segja bara pass. Það virðist vera algjörlega sama hvaða skoðanir Svarthöfði viðrar, allar eru þær hjólaðar niður í svað. Svarthöfði þorir ekki fyrir sitt litla líf lengur að spyrja fólk hvað það fékk sér í morgunmat. Það gæti hæglega verið kallað „matarsmánun“. Hvað þá að tala um andúð sína á líkamsrækt. „Líkamsræktarsmánun“ kallar þá einhver. Smánun hitt og smánun þetta.

Það er allir smættaðir virðist vera. Vinsælasta smánunin

er „fitusmánun“, „netsmánun“, „flugsmánun“ og „opinber smánun“. Þessu viðskerti er kastað fram eins og ekkert sé eðlilegra, svo mikið að það hefur nánast misst merkingu sína. Að smána einhvern er nefnilega grafalvarlegt.

Opinber smánun á sér langa og hræðilega sögu. Á öldum áður tíðkaðist það að smána fólk opinberlega og var það hluti af réttarkerfinu víðs vegar um heim. Þá var fólk brennimerkt, sett í gapastokk, því velt upp úr tjöru og fíðri eða látið ganga allsbært um stræti og torg þar sem að-

ir ósmánaðir þegar kepptust um að smána það. Virkilega brútal stöf, meira að segja að mati Svarthöfða sem kallar ekki allt ömmu sína. Að endingu þótti þessi smánun of hræðileg til að viðgangast og smátt var henni útrýmt úr nútímasamfélagi.

Nú hefur smánun gengið í endurnýjun lífdaga og allir og amma þeirra eru smánaðir.

Þetta er svo sem gott og gilt orð og ákaflega lýsandi – að smætta einhvern niður í ekki neitt.

Hins vegar er hættu á að þegar „allir“ geta fundið smánun í daglegu lífi að orðið missi merkingu sína, líkt og hefur gerst með ansi mörg orð í íslenskri tungu síðustu misseri. Því mælir Svarthöfði með því að allir auðnuleysingjarnir þarna úti sem hafa ekkert betra að gera en að setja út á holdafar, skoðanir, útlit og persónu fólks sem það þekkir ekki nokkurn skapaðan hlut að bara hætta því. Þið vitleysingarnir komið illu orði á orðið smánun og satt best að segja væri ráð að leiða ykkur í ólum niður í miðbæ Reykjavíkur, velta ykkur upp úr fíðri og tjöru og hía allrækilega á ykkur. Nokkur svipuhögg og þið leyfið kannski okkur vitiborna fólkinu að grípa til smánunar þegar það á við. ■





BJÖRN BJARNASON / MORGUNBLAÐIÐ



„Þetta er bók sem allir í heiminum ættu að lesa.“


BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... tímamótaverk sem vekur lesendur til umhugsunar ...“

MAGNÚS HALLDÓRSSON / KJARNINN.IS

„Þetta er alveg örugglega besta verk Andra Snæs.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN



Metsölulisti  
Eymundsson  
ALLAR BÆKUR  
Vika 16.-22. okt.

Andri Snær fjallar um stærsta viðfangsefni mannkynsins: loftslagsmálin

*Um tímann og vatnið* er í senn persónuleg ferðasaga og vísindaleg greining þar sem ævafornar goðsagnir og sjálfur Dalai Lama koma við sögu

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Er tilgangslaust að banna áfengisauðglýsingar?

■ Áfengi er auðglýst þrátt fyrir bann ■ Ekki ljóst hvort áfengisauðglýsingar auka neyslu

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Hvers konar auðglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Þetta vita flestir Íslendingar og vita enn fremur að þó svo þetta bann hafi verið í gildi í þrjátíu ár, þá hafa seljendur áfengis ítrekað beitt ýmsum brögðum til að komast fram hjá því. Nú hafa stjórnvöld til skoðunar að afnema þetta bann, bæði hvað áfengi varðar sem og tóbak, og sitt sýnist hverjum um ágæti þeirra áforma.

## Fjölmiðlar ítrekað sektaðir

RÚV var árið 2016 sektað fyrir brot gegn banni við áfengisauðglýsingum. Þar hafði RÚV birt auðglýsingu fyrir Egils Gull okkar bjór þar sem orðunum léttöl eða 2,25% brá fyrir örsnögg. Taldi Fjölmiðlanefnd að þrátt fyrir orðið léttöl í auðglýsingu væri fullljóst að um auðglýsingu á áfengum bjór væri að ræða.

Árið 2017 voru 365 miðlar sektaðir vegna áfengisauðglýsingar sem birtist í tímaritinu Glamour. Málið var athyglisvert fyrir þær sakir að eignarhald Glamour hafði verið fært til erlendis aðila, 365 Media Europe Ltd. Í þremur blöðum tímaritsins birtust alls fimm heilsíður þar sem áfengi var auðglýst. Fjölmiðlanefnd taldi að eignarhaldið hefði verið fært erlendis gagnert til að komast undan íslenskri lögsögu og því bæru 365 miðlar á Íslandi eftir sem áður ábyrgð á birtingu áfengisauðglýsinganna og voru 365 miðlar sektaðir um eina milljón króna.

365 miðlar þurftu einnig á síðasta ári að greiða 750 þúsund króna sekt fyrir að sýna áfengi með yfir 2,25% styrkleika í þætti af þáttaröðinni Ís-skápastríð á Stöð 2. Þar hafði í sjónvarpi verið sýnt inn í ísskáp sem meðal annars innihélt hvítvín- og bjórflöskur.



Ólafur Stephensen vill bannið burt



Skjáskot af Facebook Færslur á borð við þessa eru gjarnan kostaðar, sem felur í sér að þær birtast hjá aðilum sem er talið að þær gætu haft kauphvetjandi áhrif á.

Hafi ein hvítvínflaska jafnframt verið handleikin og vörumerkið þá sýnilegt. Fyrir framan dómara í þættinum hafi einnig staðið opnar bjórflöskur þar sem vörumerkjum var stillt upp með áberandi hætti, eins hafi bæði þáttarstjórnandi og keppendur drukkið úr bjórflöskum.

## Auðglýsingar utan lögsögu

Nú hafa áfengisauðglýsingar íslenskra innflytjenda eða brugghúsa færst að miklu yfir á samfélagsmiðla, þá einkum á Facebook. Þar eru jafnvel keyptar sérkostaðar auðglýsingar sem birtast neytendum á fréttaveitum þeirra að þeim forspurðum. Leikir hafa átt sér stað á Facebook þar sem fólk er hvatt til að líka við áfengisauðglýsingasíður gegn loforði um að eiga kost á að vinna áfengi.

Í álit meirihlutanevndar um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, sem birt var snemma á síðasta ári, segir: „Bent hefur verið á að bannið þjóni vart tilgangi sínum um



Skjáskot Facebook

lengur þar sem slíkar auðglýsingar berist Íslendingum í erlendum miðlum, hvort sem er í gegnum erlenda hljóð- og myndmiðla, erlenda vefi og samfélagsmiðla eða erlend blöð og tímarit.“ Taldi nefndin að fjárhagslegur ávinningur yrði af því fyrir íslenska fjölmiðla. Á móti kæmu síðan skuldbindingar sem Ísland hefði gengist undir á alþjóðlegum vettvangi og það regluverk sem þar gildi varðandi slíkar auðglýsingar. „Um mikla tekjumöguleika og hagsmuni sé að ræða fyrir íslenska fjölmiðla.“

## Skiptar skoðanir um áhrif áfengisauðglýsinga

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, Ólafur Stephensen, er á móti banni á áfengisauðglýsingum. „Góðu rökin fyrir því að afnema þetta auðglýsingabann liggja alveg fyrir. Meginatriðið er að bannið skilar ekki tilgangi sínum og bitnar fyrst og fremst á sumum fjölmiðlum og framleiðendum en ekki öllum,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið. Ólafur hefur bent á að bjór- og vínframleiðsla sé vaxandi starfsgrein á Íslandi sem skapi störf og verðmæti, en þessum aðilum

væri þó gert erfitt uppráttar með banni við að auðglýsa framleiðslu sína. Hann hefur talað fyrir því að banninu verði aflétt og þess í stað verði teknar upp síðareglur um áfengisauðglýsingar. Bendir hann á að áfengisauðglýsingar sem slíkar miði að því að koma vörumerki á framfæri og hvetja neytendur til að taka tiltekið vörumerki fram yfir annað, en auki hins vegar ekki almenna áfengisneyslu.

Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár, benti nýlega á það, í grein sem birtist í Læknablaðinu, að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi bent á að áhrifaríkustu leiðirnar til að draga úr áfengisneyslu væru aðgerðir sem stjórnvöld fara í á borð við takmörkun á framboði, verðstýringu og bann við áfengisauðglýsingum. Telur Laufey að það blasi við að ef slíku banni verði aflétt, eða ef einkasala ríkisins verði afnumin, þá muni það valda aukinni neyslu og þar með fjölgun dauðsfalla, meðal annars vegna krabbameina. „Við blasir að slökun á auðglýsingabanni og afnám einkasölu ríkisins á áfengi mun valda aukinni neyslu og þar með fjölgun dauðsfalla, meðal annars vegna krabbameina. Von-

andi ber Alþingi Íslendinga gæfu til að fara ekki í öfuga átt við lýðheilsustefnu, heldur beini kröftum sínum í farveg sem eflir heilsu, velferð og hamingju landsmanna.“

## Niðurstöður rannsókna greinir á

Fjölmiðlar rannsóknir hafa farið fram um áhrif áfengisauðglýsinga á almenning, einkum áhrif slíkra auðglýsinga á unglinga og ungmenni. Niðurstöðurnar hafa þó ekki verið afgerandi. Hvorki hafa þær sýnt fram á að áfengisauðglýsingar hafi áhrif á áfengisneyslu, eða að áhrifin séu engin, þar sem áfengisauðglýsingar eru bannaðar er ekki að fara fyrir nákvæmu regluverki um hvernig slíkar auðglýsingar skuli settar fram. Samtímis hafa samfélagsmiðlar veitt framleiðendum og innflutningsaðilum vettvang til að auðglýsa vöru sína löglega og að því virðist án takmarkana.

## Bagalegt bann?

Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra lyfjagala þar sem grundvallarbreyting verður gerð á heimild til að auðglýsa lyf. Áður var bannað, líkt og með áfengið, að auðglýsa lyf. Frá þessu banni voru svo gerðar undantekningar. Breytingin sem til stendur mun snúa þessu við. Almennt verði heimilt að auðglýsa lyf, með undantekningum þó. Frumvarpið er nokkuð ítarlegt varðandi hvað bannað sé að auðglýsa, þar undir falla ávanabindandi og lyfseðilsskyld lyf. Einnig hefur um árabíl verið í gildi reglugerð um lyfjaauðglýsingar sem miðar að því að tryggja að neytandi fái réttar upplýsingar og sé með engu móti leyndur upplýsingum um virkni lyfja, eða sannfærður um að í lyfjum felist einhver töfralausn. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningar- málaráðherra, hefur sagt að við skoðun þess að afnema bannið við áfengisauðglýsingum verði einkum horft til lýðheilsusjónarmiða. Það gæti vel endað svo að það sé í almenningi í hag að bannið sé afnumið, því þá verður samhliða hægt að setja slíkum auðglýsingum skorður. ■



Rekstrarumsjón

## LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!

# STEMMARI!

Skemmtilegar hópferðir með íslenskri fararstjórn  
Tryggðu þér sæti. Staðfestingargjald er kr. 35.000.

**“Októberfest á sterum”**  
**HM í Pílukasti**  
Páll Sævar Guðjónsson fararstjóri!

12. - 15. desember 2019  
Verð frá 134.900

**Arsenal** **MANCHESTER CITY**

13. - 16. desember 2019  
Verð frá 139.900

**MANCHESTER UNITED** **ORLÉANS**

10. - 13. janúar 2020  
Verð frá 129.900

**ÖRFÁ SÆTI EFTIR!**

**LIVERPOOL FOOTBALL CLUB** **MANCHESTER UNITED**

17. - 20. janúar 2020  
Verð frá 159.900

## Nánari upplýsingar á [visitor.is](http://visitor.is)

Innifalið í okkar hópferðum: Flug með Icelandair og skattar. Gisting með morgunverði. Handfarangur og ein innrituð 23kg taska. Rúta til og frá flugvelli. Miði á leik/viðburð. Íslensk fararstjórn.



**ÁRSHÁTÍÐARHÓPAR ELSKA OKKUR:)**

Hafðu samband í síma **578 9888**

eða á [hopar@visitor.is](mailto:hopar@visitor.is)

**Visitor**  
FERÐASKRIFSTOFA





Suðurlandsbraut 14  
2. hæð

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



### Aumt einelti

Þau fleygu orð voru látin falla á samfélagsmiðlum, eftir að DV sagði frá umdeildum brandara um **Hildi Lilliendahl** sem varð til þess að brandarasíðu á Facebook var lokað, að DV legði Hildi í einelti. Sandkornaskrifari ákvað að gamni að fletta upp hve mikið hefur verið skrifað um Hildi það sem af er ári. Niðurstaðan: 29 greinar, um það bil ein grein á tíu daga fresti. Af þessum 29 greinum eru fjórar greinar um Málfrélsissjóð sem var til að mynda stofnaður til að létta undir kostnað Hildar vegna ærumeiðingardóms sem hún hlaut í Hlíðarmáliinu svokallaða. Þrjár greinar eru um Hlíðarmálið. Þrjár greinar innihalda jákvæð orð Hildar um ráðhúskisann sáluga, **Guðna forseta** og **Margréti Pálu**. Þrjár um **Jón Baldvin Hannibalsson**. Auk þess tvær aðrar greinar sem vakði hafa athygli á femínískum málstað Hildar. Alls fimmtán greinar. Hinar fjórtán fjalla til að mynda um nýlegan pistil **Ás-laugar Örn**, gagnrýni Hildar á viðtal við vændiskonu, úttekt á mótuneytismat ráðhússins, eitt sandkorn, skrif upp úr pistli **Kolbrúnar Bergþórsdóttur** á Fréttablaðinu. Svo má ekki gleyma að tvær af þessum fjórtán fjalla um fyrrnefndan brandara. Þetta er nú allt eineltið.

## Lítt þekkt ættartengsl

## Ritstjóri og tannlæknir

**J**ón Guðmann Þórisson, lögfræðingur og fyrrverandi forstjóri VBS fjárfestinga-

banka, var nýverið ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins við hlið Davíðs Stefánssonar. Föður-

bróðir Jóns var Rúnar Guðmannsson, sem lést árið 2009. Sá eignaðist son sem heitir Jón Árni Rúnarsson og eru því Jón Árni og Jón Guðmann systkinabörn. Eitt af börnum Jóns

Árna er Hafdís Björk Jónsdóttir tannlæknir en hún er eiginkona tónlistarmannsins geðþekka, Jóns Jónssonar.



Við Ölfusárósa Sandur byrgði sýn þeirra sem þar áttu leið um.

# Ekki benda á mig

## Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



**N**ýja kvikmyndin The Laundromat á Netflix er ekkert sérstaklega góð. Eiginlega hálfgerð vonbrigði. Ein af þessum myndum sem maður veit ekki hvort er að koma eða fara. Það jákvæða við að fá slíka mynd í dreifingu út um allan heim er að minna okkur á. Minna okkur á hvað gerðist fyrir alltof stuttu.

The Laundromat fjallar um þessi alræmdu Panama-skjöl, gagnalekann sem gerði allt vitlaust á vormánuðum árið 2016. Það er ekki lengra síðan. Þá voru bara nokkur ár síðan við kröfsum okkur upp úr bankahruninu og allri vitleysunni sem því fylgdi. Við vorum aðeins farin að treysta á nýjan leik. Treysta stjórnvöldum og bankakerfinu. Treysta að yfir-

völd bæru hag almennra borgara fyrir brjósti.

Svo byrjuðu fréttir að birtast af Panama-skjölunum. Um moldríkt fólk víðs vegar um heiminn sem hafði komið peningum undan í skattaskjólum á Tortóla, Seychelles-eyjum og Panama til að mynda. Fyrst um sinn var þetta fjarskalanget í burtu. Það var skammgóður vermir. Allt í einu náði lekinn til Íslands. Og allt í einu áttum við enn eitt vafasama heimsmetið – met í að koma peningum undan í skattaskjól miðað við höfðatölu. Hvers vegna fjármálahöftin, sem sett voru á í kjölfar hrunsins og afnumin fyrir tveimur árum, náðu ekki yfir þessi vafasömu viðskipti hefur aldrei fyllilega verið svarað. Ekki enn þann dag í dag. Og við furðum okkur á af hverju Ísland er á gráum lista FATF, alþjóðlegs hóps ríkja um aðgerðir gegn peninga-

þvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Það hefur ýmislegt verið reynt af núverandi stjórnvöldum og þingmönnum meirihlutans á þingi til að sannfæra okkur um að það sé ekkert tiltökumál að vera á þessum gráa lista. Það hafi verið lyft grettistaki í að forða okkur frá honum en að ríkisstjórnir fyrri ára hefðu átt að vera löngu búnar að því. Að við eigum þetta hreinlega ekki skilið, við séum svo frábær. Að ráðherrar á Norðurlöndunum séu ósammála FATF. Og svo mætti lengi telja.

Staðreyndin er að við erum á listanum. Alveg eins og það er staðreynd að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, eins stærsta flokks á þingi, var í Panama-skjölunum. Fjármálaráðherrann okkar, Bjarni Benediktsson, var í skjölunum. Sveinbjörg Birna Sveinbjörns-

dóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknar, var í skjölunum. Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrú, var í skjölunum. Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra, var í skjölunum. Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Ásgeir Jóhannesson, sem áttu þar til fyrir stuttu einn stærsta fjölmiðil landsins, voru í skjölunum. Svona gæti ég lengi haldið áfram.

Enginn veit neitt af hverju þetta var hægt. Hvernig var hægt að komast svona fimlega undan með peninga og fela þá á fjarlægum eyjum þegar hér voru í gildi fjármálahöft. Enginn ber ábyrgð og allir benda á næsta mann. Og nú erum við á gráum lista út af peningavætti og enginn skilur af hverju. Það er ekki skrytið að The Laundromat sé frekar slöpp mynd. Því þessi atburðarás meikar bara ekkert sens. ■

## Spurning vikunnar

Hvar værir þú helst til í að búa, ef ekki á Íslandi?



„Á Ítalíu. Þar er heitt, kalt, góður matur, strönd, fótoltamening og sitt lítið af öllu.“

Alexandra Einarsdóttir



„Nýja-Sjálendi. Hef búið þar og unnið í stuttan tíma, leið mjög vel þar.“

Eydís Hulda Jóhannesdóttir



„Ég væri helst til að búa á Nýja-Sjálendi. Það væri ekki mikill breyting fyrir mig. Svipað landslag og á Íslandi og fólkið þar elskar lambakjöt.“

Birgir Snær Hjaltason



„Berlín í Þýskalandi. Ég kann að meta „múltíkúltúrin“ sem er í boði og samgöngurnar eru frábærar.“

Haukur Heiðar Steingrímsson



# LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á  
SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS  
MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA  
FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937  
HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ  
VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER  
ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG  
VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ  
4.990 KR.



SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

# Nærmynd af Gísla Pálma:

## „Ég hef ekkert að fela og hef aldrei falið neitt“

■ Byrjaði í neyslu ellefu ára ■ Varð fljótt vinsælasti rappari landsins ■ „Þegar ég var 15 til 16 ára gamall var ég kominn langt út af brautinni“

Rapparinn Gísli Pálmi Sigurðsson hefur verið mikið í kastljósi fjölmiðla þessa vikuna eftir að Þórdís Árnadóttir, íbúi í Vallarási, bar á hann og kærustu hans þungar sakir. Sakaði hún kærustuparið um að brjótast inn hjá henni og stela meðal annars tölvu, lyfjum og snyrtidóti. Þórdís hefur kært málið til lögreglu en hefur heitið veglegum fundarlaunum þeim sem getur hjálpað henni að finna þýfið.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Gísli Pálmi ratar á síður fjölmiðla. Hann var um tíma vinsælasti rappari landsins og hefur talað opinskátt um baráttu sína við fíkn alla tíð.

### Ólst upp í Bandaríkjunum

Gísli Pálmi er sonur Sigurðar Gísla Pálmasonar, sem var áður kenndur við Hagkaup enda sonur Pálma Jónssonar í Hagkaupum, og Guðmundu Helenar Þórisdóttur. Gísli Pálmi fæddist árið 1991 og ólst að hluta til upp í Bandaríkjunum. Í viðtali við Fréttablaðið árið 2015 sagði hann að skólagangan hefði verið strembin þegar að fjölskyldan flutti aftur til Íslands.

„Ég ólst að hluta til upp í Bandaríkjunum og er því eiginlega tvítyngdur ef svo má segja. Slangrið kemur mikið þaðan. Hefðbundin íslenska getur ver-



id svo stíf, svo mörkuð. Ég átti alltaf erfitt með að vera í íslensku-tímum eftir að ég flutti heim. Mér fannst ég aldrei kunna neitt. Mér var sagt að ég kynni ekki íslensku,“ sagði hann og bætti við að hann hefði oft skrúpað í grunnskóla, en Gísli Pálmi hefur verið duglegur að búa til íslensk nýyrði í sínu rappi. Á unglingsárnum hætti hann í skóla og fetaði vafasama braut, fulla af neyslu og smáglæpum.

### Felur grófustu hlutina

Gísli Pálmi kom síðan eins og stormsveipur í íslenska tónlistarsenu árið 2011 þegar hann gaf út lagið Set mig í gang, á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Þegar þetta er skrifað er búið að horfa á mynd-



bandið á YouTube tvö hundruð þúsund sinnum, en myndbandið vakti mikla athygli á sínum tíma. Í því er Gísli Pálmi ber að ofan og hnyklar vöðvana fyrir framan glæsilegan, svartan Range Rover-jeppa. Í viðtali við Fréttablaðið sumarið 2011 sagðist Gísli Pálmi vilja miðla sinni stormasömu ævi í gegnum tónlistina.



„Ég nota mikið af slangri og það gæti þetta enginn nema að vera búinn að ganga í gegnum það sem ég hef gengið í gegnum — að vera búinn að hanga á röngum stöðum síðustu tíu árin. Þaðan fæ ég þennan orðaforða. Það er mikið af földum skilaboðum í textunum, sem ég segi ekki beint út. Ég fel grófustu hlutina, þeir koma fram í öðru formi,“

sagði hann og bætti við: „Ég var alveg farinn í hausnum og braust inn alls staðar, tók allt ófrjálsri hendi — alveg í bullandi neyslu auðvitað, rændi bílum bara til að rúnta. Ef það var eitthvað sem ég gerði ekki, þá er það líklegast ekki hægt.“

Í því viðtali sagðist hann vera búinn að snúa við blaðinu.

„Já, algjörlega. Ég fann innri





Árásin Skjáskot úr myndbandi af árásinni á Bam Margera.



Vandaði Gísli Pálma ekki kveðjurnar þessa mynd birti Bam Margera á Instagram-síðu sinni eftir árásina.



Ferdist ekki í jakkafötum úr Hagkaupum Viðtal við ungan Gísli Pálma fermingarstrák sem birtist í DV.



Range Rover og sólgleraugu Skjáskot úr myndbandi við lagið Set mig í gang.

frið fyrir nokkrum árum. Ég fékk metnað fyrir öðru. Ég er búinn að lifa lífinu nóg. Í staðinn fyrir að eyða orkunni minni í allar þessar hringekjur sem ég hef verið í síðustu ár, þá ákvað ég að vernda orkuna og nýta hana í tónlist og ræktun á sjálfum mér.“

**Ausinn lofi**

Gísli Pálmi segist aldrei hafa notið fjárhagslega góðs af því að fæðast inn í Hagkaupsfjölskylduna og hefur staðið sjálfur í því að koma sér á framfæri, þar á meðal með því að standa sjálfur í myndbandagerð við lögin sín. Hann naut strax mikilliar hylli landans, sem og landsþekktu tónlistarmanna sem jusu hann lofi. Sölví Blöndal í Quarashi lét til dæmis hafa eftir sér að Gísli Pálmi væri framtíðin í íslensku hipphoppi og það besta sem hann hefði heyrt í langan tíma. Gísli Pálmi trúð upp víða en það var frammi- staða hans á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves árið 2011 sem vakti hvað mesta eftirtekt og kom honum endanlega á kortið sem ein skærasta stjarna íslensks rappheims. Þá fór fjölmiðlamaðurinn Kjartan Atli Kjartansson fögrum orðum um rapparann í skoðanapistli í Fréttablaðinu árið 2013.

„Gísli Pálmi hefur þróað listformið. Hann ögrar, fer sínar eigin leiðir og vekur umtal. Svo- leiðis listamenn eru umdeildir.

Auðvelt er að mislíka eitthvað sem maður skilur ekki. En þeir sem kafa dýpra, undir yfirborðið, verða ekki sviknir. Rapparar eins og Gísli Pálmi eru eins og flottur Playstation 3-leikur við hliðina á gömlu Nintendo-leikjunum sem eru betur geymdir í minningunni.“

Eftir Secret Solstice-hátíðina 2015 skrifaði David Roach Gunnarsson eftirfarandi á vefsíðunni Straumi:

„Gísli Pálmi er fenamón. Ég veit aldrei hvað mér finnst raunverulega um hann og hvað mér á að finnast um hann eða hvort að aðrir fíli hann af einlægni eða kaldhæðni. Fyrir mér er það hluti af aðdráttarafinu. En akkúrat þarna þegar djúpsjávurbassinn nuddaði á mér innnyflin og GP spígsporaði um sviðið eins og hani á kódeini með sjálfálitið skrúfað í botn gat ég ekki annað en tekið minn táknaða hatt ofan í lotningu. Myndskreytingar á bak við hann eiga síðan skilið einhvers konar hönnunarverðlaun glæpamanna.“

**Beðið eftir plötunni**

Gísli Pálmi var búinn að fagna mikilli velgengni í tónlistinni þegar hann loksins gaf út sína fyrstu plötu árið 2015 sem hét einfaldlega Gísli Pálmi. Loksins er vægt til orða tekið því beðið var eftir plötunni með svo mikilli eftirvæntingu að þegar að

verslun Smekkleysu var opnuð á útgáfudeginum biðu tíu manns eftir því að nálgast ein- tak af gripnum, sem af mörgum var talin plata ársins 2015. Platan seldist í bílförum og var meðal þeirra söluhæstu í sögu Smekkleysu. Sama ár hitaði Gísli Pálmi upp fyrir Rae Sremmurd í Laugar- dalshöll og sló í gegn. Í Rokklandi í apríl árið 2015 opnaði hann sig enn og aftur um sína innri djöfla.

„Þetta er bara alvöru tón- list. Þeir sem fíla alvöru tónlist bara elska þetta, það er ástæða- an fyrir því að tekið er svona vel í þetta. Ég er ekkert að bulla, það þekjka margir söguna mína og vita að það sem ég er að gera er bara ekta. Ég hef ekkert að fela og hef aldrei falið neitt,“ sagði hann og bætti við að honum blöskraði magn fíkniefna í umferð á Ís- landi.

„Það er mjög mikið af eit- urlyfjum í samfélaginu okkar. Ég hef aldrei séð jafn mikið. Venju- lega voru það háskóla- og fram- haldsskólakrakkarnir sem voru á móti því en ekki í dag [...] En það er ekki ég sem er að selja dópið lengur,“ sagði hann og óbeint ját- aði að hafa eitt sinn selt fíkniefni.

**Árásin á Bam Margera**

Gísli Pálmi vakti svo heimsathygli árið 2015 þegar myndband sem sýndi hann og tvo aðra karlmenn ráðast á Jackass-meðliminn Bam Margera fór í gríðarmikla um- ferð. Auk íslensku miðlanna fjöll- uðu erlendir miðlar á borð við Vice og New York Daily News um árásina. Forsvarsmenn Secret Solstice sökuðu Bam Margera um að hafa áreitt konur sem sinntu öryggisgæslu á hátíðinni. Eftir að Margera hafði farið af landi brott birti hann mynd af Gísli Pálmi á Instagram-síðu sinni og sagði hann bera ábyrgð á áverkunum. Sagðist hann jafnframt hafa verið að tala við einhvern og snúið undan og því verið algjörlegra óviðbúinn barsmiðum. Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Bam

Margera, staðfesti í samtali við DV á sínum tíma að Jackass- stjarnan hefði lagt fram keru á hendur Gísli Pálma og tveimur öðrum. Gísli Pálmi opnaði sig um atvikid í þættinum Rapp í Reykja- vík sem sýndur var árið 2016 á Stöð 2.

„Það eru fimm milljón manns sem horfðu á þetta vídeó, sem ég gat séð skilurðu bara á nokkrum síðum, bara á einni viku,“ sagði hann. „Ég vil ekki vera með neitt ofbeldi. Ég er ekki ofbeldismaður.“

Í sama þætti sagðist Gísli Pálmi hafa byrjað í neyslu aðeins ellefu ára gamall.

„Maður er löngu kominn á þann stað að vera fíkill, maður er búinn að brjótast inn úti um allt. Maður var að fjármagna neysluna sína með alls konar hætti og var með innbrotspýfi og stolið dót,“ sagði hann og bætti við að hann hefði tekið eldri stráka sér til fyr- irmyndar. „Þegar ég var 15 til 16 ára gamall var ég kominn langt út af brautinni og var á kolvitlausum stað.“

**Faðir vill svör**

Árið 2016 fjallaði Fréttablaðið um að Gísli Pálmi hefði beitt skyndi- hjálp á vin sinn sem missti með- vitund í portinu við spilastofuna Fredda. Var málið tengt við ann- ann manns sem lét lífið heima hjá sér sama kvöld en grunur lék á að fentanyl hefði komið við sögu í báðum málum.

„Að sögn heimildarmanna Fréttablaðsins þekkti Gísli Pálmi báða mennina en hann var með tónleika umrætt kvöld. Sá sem missti meðvitund var á sviði með Gísli Pálma á tónleikunum en hann hefur lengi verið partur af teyminu hans,“ stóð meðal annars í fréttinni.

Sama ár steig Þorvarður Helgason, faðir Evu Maríu, fram í viðtali við Vísi. Þá voru liðin

tvö og hálf ár síðan Eva María lést í partíi í Vesturbæ Reykja- víkur en banamein hennar var margfaldur dauðaskammtur af efninu MDMA, einnig þekkt sem Mollý. Eva fannst látin á heimili Gísli Pálma og bið- laði Þorvarður til rapparans að gefa sér frekari upplýsingar um dauðsfall dóttur sinnar. Áður hafði Þorvarður tvisvar vakið máls á þessu, fyrst í október árið 2014 og aftur ári síðar. Í viðtali við Vísi sagðist Þorvarður trúá því að um slys væri að ræða en vildi vita meira um þetta hörmulega atvik.

„Þó að það breyti engu í dag þá er maður einhvern veginn þannig gerður að maður vill vita ástæður fyrir hlutum,“ sagði hann. „Sérstaklega þegar hlutir verða með þeim hætti sem núna var. Við hefðum gjarnan viljað vita eitthvað meira en við vitum.“ Bætti Þorvarður við að hann teldi að Gísli Pálmi væri sá sem hefði hringt í Neyðarlínuna vegna and- láts Evu Maríu.

**Ekki í ástandi**


Það var svo fyrr á árinu að það komst í fréttir að Gísli Pálmi hefði ekki troðið upp á bæjarhátíðinni Dýrafjarðardögum eins og stóð til. Pétur Albert Sigurðsson, einn skipuleggienda hátíðarinnar, sagði í samtali við Vísi að rapp- arinn hefði ekki verið í ástandi til að spila, því hefði honum verið meinaður aðgangur að sviðinu.

„Við sendum hann því bara heim aftur að hvíla sig, það var ekkert flóknara en það. Það urðu engin eftirmálar af því eða vesen, hann bara var ekki í standi og gat því ekki spilað þarna.“

**Má maður bara ekkert lengur**

Varðandi fyrrnefndar ásaknir um innbrot í Vallarási hefur DV ekki náð í rapparann til að fá viðbrögð hans um þessar þungu sakir. Eina sem hefur heyrst frá honum er á Facebook-síðu hans, þar sem hann virðist hæðast að ásökun- um Þórdísar Árnadóttur:

„BÍDDU VÁÁ! má maður bara ekkert lengur.. hahaha hva er að fréttá“ skrifar hann við innleg Þórdísar þar sem hún nafngreir- ir Gísli Pálma og kærustu hans, birtir myndir af þeim og sakar þau um þjófnað. Því innleggi hefur verið eytt en önnur inn- legg Þórdísar um fundarlaun og þjófnaðinn standa enn. ■



# *Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum*



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 58.500 kr.



SAUNA FYLGIHLUTIR



INFRARAUDUR KLEFI



HEITIR POTTAR

# *Sjáðu úrvalið á goddi.is Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum*



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

# Rafrettur – með eða á móti?

Notkun á rafrettum hefur lengi verið þrætuepli enda sitt sýnist hverjum um skaðleysi eða skaðsemi þeirra. Við fengum tvo álitsgjafa til að bera saman bækur sínar.

Íris Hauksdóttir  
iris@dv.is



## MEÐ

Læknar hvetja fólk til að skipta yfir í veip

Arnaldur Sigurðarson er sjálfstætt starfandi blaðamaður og kvikmyndagerðarmaður en hann lauk nýverið meistaranámi í London. „Tóbak er meðal skaðsömstu uppgötvunum mannkynssögunnar. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni drepur tóbak um 8 milljónir á heimsvísu ár hvert. Um helmingur notenda tóbaks mun deyja af sjúkdómum sem rekja má til tóbaks. Ef það væri hægt að fá neytendur til að skipta yfir í eitthvað annað sem skaðar minna, þá myndi samfélagið sem heild njóta góðs af. Því verður það að teljast vægast sagt furðulegt að íslenskir fjölmiðlar hafa undanfarið kynt undir hysteríu í kringum veip, sem er einmitt ætlað til að draga úr neyslu tóbaks.

Það er vissulega rétt að fólk hefur greinst með sjúkdóma

tengdu veipi í Bandaríkjunum. Þar mikið um svartamarkaðsbrask tengt kannabis og þá nánar til tekið veipvökva sem innihalda gerviform af virka efninu í kannabis.

Viðbrögðin hér við þessu gervivandamáli er að tala um að banna veip og að takmarka vökva sem „höfða til barna“. Fullorðnir sækja jafn mikið, ef ekki meira, í hluti með nammibragði. Verulega hefur dregið úr tóbaksreykingum meðan veipið verður vinsælli kostur.

Sem betur fer er ekki horft á veipið með þessum hysterísku augum alls staðar. Í Bretlandi má sjá mun fleiri auglýsingar fyrir veip til að aðstoða fólk við að hætta að reykja en fyrir nikótínþyggjó, sem er það eina sem er leyfilegt að auglýsa hér heima. Læknar þar hvetja fólk til að skipta yfir í veip og má meira að segja finna veipbúðir í spítölum. Þá hefur breska ríkið sett sér það djarfa markmið að útrýma tóbaksreykingum fyrir árið 2030.

Það eru til ýmsar getgátur um að veipið leiði til tóbaksreykinga meðal ungs fólks, ég leyfi mér að fullyrða að það er álíka vitlaust að halda því fram og að fullyrða að neysla kannabis leiði sjálfkrafa til neyslu sterkari efna. Einungis hafa verið gerðar félagsfræðilegar rannsóknir á þessu fyrirbæri en ekki klínískar svo enn er ekki komið fram neitt haldbært sem sýnir fram á tengsl þarna á milli. Ungt fólk

sem er ekki þegar orðið háð tóbaki ætti ekki að nota veip og ekkert væri eðlilegra en að nota góðar forvarnir, en þær mega ekki bitna á fullorðnum veipurum.

Klínískar rannsóknir sem hafa ekki verið framkvæmdar bandvítlaust vegna þekkingarleysis rannsakennda sýna að veipið er að lágmarki 95% öruggara en að reykja sigarettur. Löglegur veipvökvi hefur verið rannsakaður vel þó ekki sé vitað um áhrif þeirra á líkamann þegar þau blandast saman.

Vegna þekkingarleysis á fólk það til að setja allt veip í sama flokk, en vökvinn skiptir höfuðmáli. Hver sem er getur sett vafasaman vökva í veipið sitt og sett heilsu sína í hættu. En vöklar sem eru framleiddir í samræmi við eðlilegar reglugerðir eru ekkert skaðlegri fyrir þig en venjulegur kaffibolli. Hysterían sem er í gangi í Bandaríkjunum á sér eðlilegar skýringar, tóbaksfyrirtækin tapa gífurlega á veipi en það gera fylkin þar í landi líka, þau eru að missa skatttekjur í stórum stíl.

Ef það væri raunverulegur vilji hjá heilbrigðisráðherra og læknum hér á landi að koma í veg fyrir heilsutjón út af veipi þá væri rétta leiðin ekki að herða lög-in heldur koma kannabisefnum undir sambærilegt eftirlit og veipið er með. ■



## Á MÓTI

Foreldrar ættu ekki að líta á rafrettur sem skaðlaust fyrirbæri

Kristín Ómarsdóttir lýðheilsufræðingur heldur úti vefsíðunni heilsuseigla.com og brennur fyrir bættari heilsu og vellíðan. Kristín er með BA- í tómtunda- og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands auk mastersgráðu í lýðheilsuvísindum frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð.

„Notkun á rafrettum hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og er Ísland engin undantekning. Hlutfall framhaldsskólanema sem nota rafrettur hefur tvöfaldast á Íslandi frá 2016 samkvæmt rannsókn sem Rannsókn og greining gerði í október 2018. Börn og ungt fólk eru langstærsti neytendahópurinn á Íslandi en aðeins 4% fullorðinna nota rafrettur. Um 10–15% grunnskólanema og 25% framhaldsskólanema sem aldrei hafa reykt nota rafrettur daglega. Oftar en ekki heyrir maður sagt: „þetta er bara gufa og því skaðlaust“. En er það svo?

Rafrettan hitar vökva til að búa til loftúða (aerosol) sem notandinn andar að sér. Loftúðinn getur útsett notendur fyrir efnum sem vitað er að hafa skaðleg áhrif á heilsufar, svo sem ofurfinar agnir þungamálma auk rokgjarnra efna sambanda sem notandinn andar að sér. Loftúðinn inniheldur einnig fjölmörg önnur efni sem minna er vitað um sem geta verið líkama notandans skaðleg en langtímarannsóknir standa enn yfir.

Það eru til yfir þúsund tegundir af veipvökva og erfitt er að alhæfa að allt sé jafn skaðlegt. Sjálfstæð rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum fann 20 skaðleg efni í veipvökva og þar á meðal krabbameinsvaldandi efni.

Það eru ekki til neinar langtímarannsóknir á eitrefnafræðilegu öryggi rafretta svo hægt sé að alhæfa að rafrettur séu skaðlausar. Það sem við vitum er að notkun rafretta eykur líkur á einkennum öndunarfærasjúkdóma og að rafrettur hafa skemmandi áhrif á lungu við langvarandi og jafnvel skammtímanotkun.

Dæmi er um unglunga sem nota rafretturnar fyrir kannabisneyslu og það veldur áhyggjum. Rafrettan auðveldar neyslu á kannabis og eykur sölnu á THC-olíu. Tetrahydrocannabinol (THC) er kannabisolía sem er notuð í rafretturnar og rannsókn sem birt var í New England Journal of Medicine sýndi að 84% af 53 sjúklingum sem höfðu verið lagðir inn á spítala vegna öndunarerfileika höfðu

notað THC-olíu í rafretturnar. Helstu einkenni sjúklinga voru mæði, hósti, brjóstverkur, ógleði, magaverkir og hiti. Allt voru þetta sjúklingar með enga fyrri sögu af öndunarfærasjúkdómum en áttu það sameiginlegt að nota rafrettur.

Markaðssetning á rafrettum minnir óneitanlega á markaðssetningu sigarettar í kringum 1950–1960 þar sem Fred Flintstone var notaður til að auglýsa sigarettur. Börn og unglingar eru aðgengilegur markhópur og hafa auglýsingar á rafrettum snúist um hversu skaðlaust veipið er og hversu gott það er á bragðið. Þú getur stundað íþróttir án þess að það hafi áhrif á getu þína og hversu töff það er að reykja. Munum við horfa til baka eins og við gerðum með sigarettur og hugsa hversu fátíðlegt þetta var? Við vitum ekki hversu skaðlegt þetta er eða hvaða áhrif þetta hefur á langtímaheilsu rétt eins og við vissum ekki með venjulegar sigarettur á sínum tíma. Foreldrar ættu ekki að líta á rafrettur sem skaðlaust fyrirbæri í lífi nútíma unglings.

Fimm ungir karlmenn hafa á þessu ári leitað á Landspítala með gat á lunga sem má rekja til rafrettureykinga.

Alls konar samsæriskennningar eru um rafretturnar og vilja menn meina að tóbaksframleiðendur séu að kosta þessar „neikvæðu“ umfjöllun um rafrettur. Markaður fyrir rafrettur hefur þó vaxið gígantískt. Því má segja að rafrettumarkaðurinn sé að nálgast virði tóbaksmarkaðarins. Hvort sem samsæriskennningar eru réttar vitum við að græðgin blindar manninn.

Við vitum ekki nóg en við vitum þó að rafrettan er ekki skaðlaus! Rafrettur geta haft skaðminnkandi áhrif á einstaklinga sem vilja hætta að reykja en að byrja að reykja rafrettur eða leyfa börnum að reykja rafrettur set ég spurningarmerki við. Er það þess virði að taka sénsinn? Börnin eru það dýrmætasta sem við eigum og þau eiga alls ekki að vera tilraunadýr þessara nýjunga. ■



VIÐ KYNNUM NÝTT ÚR FRÁ  
JS WATCH CO. REYKJAVÍK  
*Vinland Gmt*

**GILBERT**  
ÚRSMIDUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is

Sala á öllum hreinlætisvörum  
og áhöldum til ræstinga fyrir  
fyrirtæki, stofnanir og  
heimili í verslun okkar



# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

## Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.  
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:  
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frostagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892 5232  
865 2425 (vakt sími allan sólarhringinn)  
Netfang: [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) Veffang: [www.thrif.is](http://www.thrif.is)

Með allt á hreinu í 15 ár

# „Svo kom blossi og allt fylltist af reykh“

**Skotið á hús Ágúst á Eyrarbakka  
Hvatinn að árásinni var færsla á  
Facebook – Árásarmennirnir ekki  
dæmdir fyrir tilraun til manndráps**



Vill ekki fara  
Ágúst býr enn í  
sama húsinu á  
Eyrarbakka.

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Í febrúar 2013 var skotið á hús Ágúst Valdísarsonar og þáverandi unnustu hans á Eyrarbakka. Atburðurinn hafði djúpstæð áhrif á Ágúst en hann greindist með áfallastreituröskun í kjölfarið.

Íslenskir fjölmiðlar greindu frá málinu á sínum tíma. Þannig hljómaði tilkynning lögreglu:

Fjórir voru handteknir eftir að skoti var hleypt á íbúðarhús á Eyrarbakka í nótt. Lögreglan á Selfossi lagði hönd á haglabyssu sem fjórmenningarnir, þrír karlar og ein kona, höfðu í fórum sínum. Sérveitarlögreglumenn voru kallaðir til eftir að skotinu

var hleypt af, en högl lentu á vegg við eldhúsglugga þar sem ungur maður stóð fyrir innan. Mesta mildi þótti að ekki hefði farið verr. Fjórmenningarnir dvelja í fangaeymslu lögreglunnar á Selfossi og bíða yfirheyrslu, en það er tæknideild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem sér um tæknirannsókn. Atvikið er lítið alvarlegum augum og rannsókn verður framhaldið í dag.

#### Facebook-færsla var kveikjan að árásinni

Ágúst býr enn í dag í sama húsinu á Eyrarbakka, ásamt þriggja ára syni sínum, og vill hvergi annars staðar vera.

Hann segist ennþá muna atburðarásina þessa nótt í febrú-

ar árið 2013. Þáverandi unnusta hans hafði farið út að skemmta sér fyrir um kvöldið, en tilviljun réð því að dóttir hennar, stjúpdóttir Ágúst, var í pössun.

Rúmlega viku áður hafði unnusta Ágúst birt færslu á Facebook þar sem hún nafn- og myndbirti fjölskyldumeðlim sem hafði hlotið dóm fyrir að brjóta á henni kynferðislega. Ágúst segir að það hafi þó ekki verið neinn aðdragandi að árásinni dagana á undan.

„Um þrjú leytið um nóttina hringdi síminn minn. Sá sem hringdi spurði hvort ég ætti svartan og rauðan Nissan-bíl og þegar ég sagði já þá var mér sagt að það væri búíð að „bömpa“ bílinn.“

Sá sem hringdi reyndist vera vinur bróður unnustu Ágúst.

Skömmu síðar tók parið eftir grunsamlegum mannaferðum við húsið og síðar heyrðist einhver kalla nafn unnustunnar. Það reyndist vera bróðir hennar, sem sagðist vera ósáttur við færsluna fyrrnefndu á Facebook. Þrír félagar hans, tveir karlar og ein kona, voru með í för.

„Við fórum aftur inn í húsið og hún hringdi á Neyðarlínuna. Þetta var um hálf fimm leytið. Ég sá síðan út um gluggann að Volkswagen-bílinn var ennþá þarna. Það vildi svo til að ég var með gamla öxi inni hjá mér, ég greip hana og fór út til þeirra til að reka þá í burtu. Þá óku þeir í burtu. Ágúst segir unnustu sína því næst hafa hringt á lögregluna á Selfossi. Á meðan stóð hann við gluggann

í upplýstu eldhúsinu til að kanna hvort fjórmenningarnir væru komnir aftur.

„Allt í einu sá ég svo bílinn keyra hægt niður götuna og framhjá húsinu okkar. Ég sá eitthvað sem var eins og rör koma út um gluggann á bílnum. Svo kom blossi og allt fylltist af reykh. Ég man þetta ennþá, ég gleymi þessu aldrei. Ég rauk aftur út með exina, brjálaður. Ég veit að það eru örugglega margir sem skilja ekkert í því að ég hafi sýnt þessi viðbrögð, að rjúka svona út. En eitt af því sem hefur hjálpað mér að komast yfir þetta er að ég er sáttur við að hafa brugðist við á þennan hátt,“ segir Ágúst og tekur undir með að það sé í raun ómögulegt að segja til um hvaða viðbrögð fólk sýni í



MoReq2

Hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika,  
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamállum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS  
One®  
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is





slíkum aðstæðum, þegar að þeim er vegið.

Skotið hafnaði á vegg rétt fyrir neðan eldhúsgluggann. Það vildi til að unnusta Ágústs var einmitt með lögregluna á Selfossi í símanum á sama tíma og skotinu var hleypt af.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögreglan á Selfossi hafi óskað eftir því að sérveit lögreglustjóra myndi aka í forgangsakstri að húsinu. Vopnaðir lögreglumenn lögðu umsvifalaust af stað frá Reykjavík. Þegar lögreglubifreiðin var stöðd við syðri námu Lambafells á Þrengslavegi mætti hún svartri Volkswagen-bifreið og stöðvaði hana. Fjórmenningarnir voru í bifreiðinni. Undir mottu í farangursrými lá svört haglabýssa. Fjórmenningarnir voru handteknir og færðir í fangaklefa.

**Brotnaði niður**

Ágúst segir atburðarásina næstu daga þokukennða. Það hafi verið erfitt að lesa fréttir í fjölmiðlum um málið.

„Það kvisuðust einhverjar sögusagnir um að þetta hefði verið tengt dópi og undirheimunum. Ég hef aldrei snert fíkniefni og myndi aldrei gera. Ég fékk líka símtöl frá fréttamönnum. Ég skellti strax á.“

Ágúst segir atburðinn stöðugt hafa sótt á hann næstu vikur og mánuði, og að sumu leyti enn í dag.

„Ég fékk martraðir á nóttunni og hrökk upp. Mér brá við að heyra minnstu hljóð fyrir utan húsið og fór í vörn. Það er meira að segja ennþá þannig í dag, ef ég heyri einhver hljóð eða læti fyrir utan húsið þá hrekk ég við. Ofan á þetta bættust eldri áföll, ýmiss konar hlutir úr fortíðinni sem ég hafði ekki gert upp,“ segir hann og bætir við að hann hafi tekið meðvitaða ákvörðun tólf ára gamall um að hann ætlaði ekki að tala um tilfinningar sínar. Þegar hann ólst upp var alkóhólismi til staðar. Það hafði áhrif.

Líkt og svo margir þá tókst Ágúst á við atburðinn með því að grafa allt saman niður og halda áfram með daglegt líf: vinna, borða og sofa. Hann vildi líka vera sterkari aðilinn, vera til staðar fyrir unnustu sína og stjúp dóttur. Það átti eftir að draga dilk á eftir sér.

„Svo kom að því að ég fékk bara taugaáfall. Einn daginn fékk ég bara taugaáfall. Ég fór úr vinnunni, settist út í bíl, keyrði í burtu og brotnaði niður. Ég hef ekki unnið síðan.“

Ágúst fékk hjálp í gegnum vin sinn sem hafði sótt tíma hjá geðlækni. „Hann sagði læknum að hann yrði að taka við mér. Ég fékk símtal samdægurs. Það bjargaði mér.“

**Augljós ásetningur**

Ágúst segir vinnubrögð lögreglu í málinu hafa verið til fyrirmyndar. Tekið hafi verið á málinu af mikilli fagmennsku. Hann gagnrýnir hins vegar vinnubrögð ákærvaldsins. Fjórmenningarnir voru einungis kærðir fyrir vopnalagabrot.

Þú telur að þau hafi átt að vera kærð fyrir til dæmis tilraun til manndráps eða eitthvað alvarlegra?

„Já, alveg hiklaust. Vegna þess að þetta var augljós brotavilji. Þeir

höfðu fyrir því að leita að húsinu og það var alveg augljóst hvað þeir ætluðu að gera.“

Ágúst og unnusta hans lögðu bæði fram bótakröfu á hendur fjórmenningunum. Fram kemur í kröfubréfi að um hafi verið að ræða „sérstaklega fólksulega og hættulega árás þar sem skotvopni var beitt“ og að telja verði að hending ein hafi ráðið því að skotið hæfði rúðuna í eldhúsinu og þannig hugsanlega einnig tjónþola eða sambýlismann hennar sem voru inni í húsinu.“

Á öðrum stað segir að líta verði til þess að árásin átti sér stað á heimili parsins og því gróflega brotið gegn friðhelgi heimisins.

Ekkert kom hins vegar út úr bótakröfunni. „Ég fékk einhverjar 47 þúsund krónur í bætur, vegna skemmda á húsinu. Það var allt og sumt.“

**Vill hjálpa öðrum**

Ágúst er í dag í prógrammi hjá VIRK og ber því vel söguna. Hann sækir tíma hjá sálfræðingi og það hefur reynst honum vel. Hann tekur einn dag í einu.

Fyrr á árinu tók Ágúst stórt skref og birti færslu á Facebook þar sem hann opnaði sig að hluta til um baráttuna síðustu ár.

„Rétt tæpum sex árum eftir þetta eru loksins komnar útskýringar. Ég er kominn með PTSD-greiningu og útskýrir það rosalega margt sem hefur verið í gangi hjá mér í gegnum síðustu ár. PTSD er Post Traumatic Stress Disorder eða áfallastreituröskun á íslensku. Ég mun byrja í meðferð við þessu von bráðar og ætla að koma þessu á bakvið mig. Ég óska engum að fá þennan ófögnuð í sitt líf. Þetta hefur plagað mig miklu meira en mér mögulega datt í hug.“

Á öðrum stað ritaði hann: „Ég er að reyna að hafa þetta þannig að ég skammist mín ekki fyrir þetta. Ég hitti fólk reglulega sem spyr „hvað ég sé að gera og svona“ eftir að ég hætti að vinna. Ég finn einhvern veginn alltaf fyrir smá skömm varðandi svona veikindi. Ég fer að afsaka mig og þannig. Mig langar það ekki og ég þarf þess ekki.“

Hann vonar að hans frásögn muni kannski hjálpa einhverjum þarna úti sem er að glíma við afleiðingar áfalla. Það er mikilvægt að vita að maður er ekki einn.

„Ég hef mikið tekið eftir því undanfarið, að fólk tali við mig, þar sem það segist hafa verið í svipaðri stöðu og fengið smá pepp og byr undir sína vængi við að sjá mig opna mig aðeins um þetta. Ég hef oft staðið orðlaus yfir fólki sem ég þekki kannski ekki neitt náði. Þau koma til mín og þakka mér fyrir þennan status. Mér finnst það bara frábært að getað hjálpað einhverjum, því nógu djöfulli er þetta erfitt fyrir.“

Ég er mikið í bílum og bíladellu, hef hitt stráka þar sem hafa opnað sig við mig eftir þennan status. Bara síðast var það í byrjun þessa mánaðar. Ég hitti kunningja minn úr bílabransanum. Eftir mikið spjall sagði hann mér frá heilmiklu sem er að hrjá hann og hans taugaáfalli, sem nánast enginn vissi af. Hann hafði orð á að það hefði verið svo mikill léttir þegar hann sá minn status, að hann væri ekki einn.“ ■



Dró dilk á eftir sér. Árásin hafði djúpstæð áhrif á líf Ágústs.

MYNDIR: EYÞÓR ÁRNASON

# GRAFÍSK HÖNNUN

**Lógó  
bréfsefni  
bæklingar  
myndskreytingar  
merkingar ofl.**

Sundaborg 1  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

# Varnaglar sleggnir við vefverslun

DV gefur nokkur hagnýt ráð um viðskipti á netinu

Erla Dóra  
erladora@dv.is




Innkaup og hvers kyns verslun hefur í auknum mæli færst yfir á internetið undanfarin ár. Nú er svo komið að jafnvel er hægt að gera heimilisinnkaupin úr sófanum heima hjá sér. Ótal vefverslanir standa neytendum nú til boða, bæði fjöldi íslenskra síðna og svo heilt haf af erlendum verslunum. Í síðasta mánuði greindi DV frá versluninni Renmax sem seldi ryksuguvélmenni á meintum kostakjörum. Þá höfðu áhyggjufullir viðskiptavinir verslunarinnar sett sig í samband við DV vegna meintra svika. Renmax var um ársögmul verslun en hafði þegar þarna var komið lokað heimasíðu sinni og hætt að svara erindum viðskiptavina, sem enn biðu þess að fá ryksugur afhentar sem þeir höfðu þó greitt fyrir. Þetta er engan veginn einangrað tilfelli. Annað fyrirtæki hefur til dæmis á um ári verið með þrjár mismunandi Facebook-síður; Frostvorur.is, Góðkaup og Heimilisvörur, og hefur verið kvartað yfir þeim öllum. Sendingar skila sér illa eða alls ekki og erindum svarað hægt eða alls ekki.

Hér hafa verið teknar saman nokkrar viðmiðunarreglur sem gott er að hafa í huga þegar verslað er af netinu til að minnka líkurnar á að sitja eftir með sárt ennið.

## 1 Hver er seljandinn?

Áður en gengið er til kaupa á netinu þá áttu rétt á að fá að vita hver það er sem er að selja vöruna. Þetta geta verið upplýsingar á borð við nafn og heimilisfang seljanda, en án slíkra upplýsinga getur reynst erfitt að hafa uppi á seljandanum til að kvarta eða til að skila vöru. Einnig er gott að venja sig á að slá versluninni, eða seljandanum upp í leitarvél, til dæmis Google eða jafnvel í leitarglugganum á Facebook. Þaðan gætu fengist upplýsingar frá öðrum viðskiptavinum sem eftir at-



Viðskiptavinir Renmax sátu eftir með sárt ennið þegar fyrirtækið hætti rekstri án þess að standa við skuldbindingar sínar

Tanja Ýr seldi vöru frá AliExpress með gífurlegri álagningu.

vikum gætu haft áhrif á ákvörðun þína um að versla við þessa tilteknu verslun eða seljanda.

## 2 Má ég hætta við kaupin?

Ef þú ert að versla við seljanda sem er staðsettur á Íslandi eða öðru ríki með aðild að evrópska efnahagssvæðinu þá hefurðu rétt á að hætta við kaupin innan 14 daga frá afhendingu og fá endurgreitt að fullu. Þessi regla byggir á því að þegar vara er keypt á netinu þá hefur þú ekki fengið tækifæri til að skoða hana fyrirfram. Hins vegar áttu ekki rétt á að fá endursendingarkostnaðinn endurgreiddan. Ef um sérþöntun er að ræða, eða ef innsigli vörunnar hefur verið rofið, þá er eftir atvikum ekki hægt að skila vörunni. Þessi regla á ekki við þegar verslað er utan EES-svæðisins, svo sem við verslun sem er staðsett í Kína eða í Bandaríkjunum.

## 3 Hvar get ég fengið hjálp ef brotið er á rétti mínum?

Fyrst og fremst getur þú haft samband við seljandan sjálfan. Stærri seljendur eru oft með sérstaka starfsmenn, eða netföng

sem taka við kvörtunum þar sem hvert erindi er metið út af fyrir sig út frá söluskilmálum sem þú samþykkir við kaupin. Hjá minni seljendum er oft ekki fyrir slíkum eynamerktum kvörtunarferlum að fara og þá er best að snúa sér beint til seljanda, með tölvupósti, símleiðis eða þar fram eftir götum. Ef sú leið ber ekki árangur þá eru einnig aðrir leiðir sem gætu verið þér færar.

Ef seljandi er íslenskur þá getur þú snúið þér til Neytendasamtakanna og fengið þaðan aðstoð og/eða eftir atvikum ráðleggingar. Neytendastofa hefur eftirlit með viðskiptum í gegnum netið á grundvelli laga um neytendasamninga.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa getur einnig gefið álit í málum en þau eru ekki bindandi.

Ef þú telur erlendan seljanda á netinu hafa brotið gegn rétti þínum þá getur þú leitað til EEC á Íslandi. Þaðan verður erindi þitt áframsent til EEC-stöðvar í heimalandi seljanda sem tekur svo á málinu.

Ef þú borgaðir fyrir vöru með kreditkorti en fékkst hana aldrei

afhenta þá getur þú haft samband við kortafyrirtæki þitt. Slíkt verður þú að gera innan þriggja mánaða frá áætlaðri afhendingu. Kortafyrirtækið fer þá í málið og hefur samband við seljanda til að kanna hvort varan hafi verið send. Ef slík sönnun fæst ekki þá bakfærir kortafyrirtækið greiðsluna. Eins ef þú hefur greitt fyrir vöru með milliliði á borð við Netgíró þá getur þú haft samband við milliliðið og eftir atvikum fengið endurgreitt.

## 4 Skoðuðu vefslóðina

Til að tryggja öryggi góðra netverslana er slóð þeirra dulkóðuð. Slóðin byrjar þá á https í staðinn fyrir http. Við hlið slóðarinnar ætti að vera mynd af læstum lás.

## 5 Það kostar að fá vöru til Íslands frá útlöndum

Í erlendiri vefverslun getur lágt verk verið söluhvetjandi. Síðan gætir þú orðið fyrir vonbrigðum þegar vara berst hingað til lands og þú þarft að greiða af henni aukakostnað á borð við virðisaukaskatt, toll, umsýslugjald, sendingargjald, tollskýrslugerð og svo framvegis. Til dæmis væri virðisaukaskatturinn af sendingu sem kostaði 15.000 krónur 3.600 krónur. Síðan rúkkar Íslandspóstur 450 krónur í umsýslugjald, og 400–600 krónur í sendingargjald. Ofan á þetta getur bæst geymslugjald ef

sendingin er ekki sótt tímalega á pósthúsið, kostnaður við að opna pakkann og leita að reikningi í sendingunni. Þarna eru þessar 15 þúsund krónur orðnar að um 20 þúsund krónum. Ágætt er að miða við að lokaverð vörunnar eftir að hún er hingað til lands komin sé um 25–33 prósentum hærra en upprunalegt verð. Ef varan er mjög ódýr þá getur kostnaður við að fá hana afhenta á Íslandi numið margföldu verði hennar.

## 6 Er ég virkilega að gera góð kaup?

Nokkuð hefur borið á því undanfarið að vefverslanir skjóti upp kollinum og bjóði kostakjör á gæðavörum. Við nánari skoðun reynast gæðavörurnar vera pantadar frá erlendum söluaðilum á borð við AliExpress eða ebay á aðeins broti af því „kostabóði“ sem þær bjóðast á hér heima. Eftirminnilegt var til dæmis í vetur þegar DV greindi frá því að áhrifavaldurinn Tanja Ýr Ástþórsdóttir, væri að selja glingur af AliExpress á uppsprengdu verði. Neytendum er að sjálfsögðu frjálst að ganga skammtarlaust til slíkra viðskipta, til dæmis ef þeim þykir hentugra að skipta við milliliðið og þeir eru tilbúnir til að borga fyrir það aukagjald. Hins vegar er alltaf best að ganga til viðskipta með bæði augun opin, meðvitaður um hvað maður er að kaupa. ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

## ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTAKNI  
ÁL • STÁL • PLÁST

ht.is

# Whirlpool

# DAGGAR

17.-27.  
OKTÓBER



**20-40% AFSLÁTTUR AF  
WHIRLPOOL HEIMILISTÆKJUM**

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · KÆLISKÁPAR · HÁFAR · HELLUBORÐ  
UPPÞVOTTAVÉLAR · BAKARAOFNAR · FRYSTIKISTUR · ÖRBYLGJUOFNAR



**Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

# „Starfsfólkið gekk ekki um gangana, heldur hlupu flestir“

■ Margrét lýsir upplifun sinni af nótt á bráðamóttöku LSH ■ Ekkert næði og útkeyrt starfsfólk ■ Fékk að dúsa á læknaþekk frammi á gangi

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



**M**argrét Sigurðardóttir er búsett á Egilsstöðum. Hún leitaði á bráðamóttöku LSH í Fossvogi þann 17. september síðastliðinn. Í sex daga hafði hún verið lömud á hægri auga og glímt við höfuðverk og uppköst. Grunur lék á blæðingu í heila eða tappa og var henni vísað suður af vakthafandi lækni á Egilsstöðum.

„Klukkan sex mætum við og maðurinn minn þar sem ég á að tilkynna mig inn, þar sem minn lækni var búinn að melda mig frá Egilsstöðum.“

Þannig lýsir Margrét upplifun sinni af bráðamóttökunni.

„Ég beið frammi í rúman klukkutíma þar til ég var loksins kölluð inn. Þar þurfti ég að dúsa svo í marga klukkutíma. Æðaleggur var settur upp á 5 sekúndum, frammi á gangi fyrir framan annað fólk. Svo tók önnur eins bið við

að fara í myndatöku sem var svo klukkan ellefu um kvöldið.“

Margrét segist hafa verið á biðstofunni til klukkan tvö um nóttina, á meðan hún beið eftir að fá herbergi. „Ég fékk síðan ekkert herbergi heldur fékk ég að dúsa á læknaþekk frammi á gangi ásamt fjölda annarra. Þar fékk ég að sofa um nóttina.“

Skoðun á mér, sem sagt taugaskoðun, fór fram á gangi fyrir framan fjölda fólks. Önnur skoðun fór fram í pínulítilli kompu þar sem varla var hægt að athafna sig.“

## Starfsfólkið hjóp um gangana

Margrét fékk niðurstöður úr rannsóknunum síðar um nóttina, frammi á biðstofunni, fyrir framan fjölda manns.

„Klukkan níu um morguninn vakna ég, eftir að hafa farið að sofa frammi á ganginum klukkan þrjú, Mér finnst líklegast að ég hafi gleymst því maðurinn minn fór klukkan hálf tólf að leita að

hjúkrunarfræðingi til að spyrja um stöðu mála hjá mér. Á meðan voru verkamenn fyrir ofan mig að vinna í loftinu, og ég lá með æðalegg í náttfötum á ganginum á læknaþekk. Gamalmenni lágu úti um alla ganga í hjartalínuritu og starfsfólkið gekk ekki um gangana, heldur hlupu flestir eða gengu kraftgöngu.“

Rannsóknir leiddu í ljós að ekki var um heilablæðingu að ræða. Í samtali við DV segist Margrét sem betur fer vera á góðum batavegi í dag. Hún fékk viðeigandi sterameðferð hjá lækni á Egilsstöðum. En hún kveðst vilja vekja athygli á aðstæðum á bráðamóttökunni. Margrét tekur fram að starfsfólk bráðamóttökunnar hafi verið „dásamlegt í alla staði.“ Vinnuáðstæðurnar séu hins vegar engum bjóðandi.

„Þau voru öll dásamleg upp til hópa og ég hrósa þeim ekki nóg. Starfsfólkið var alveg útbrunnið og maður fann alveg bugun í nokkrum þeirra.“



Margrét spyr hvort þessar aðstæður séu virkilega boðlegar fyrir starfsfólk og sjúklinga. „Ríkisstjórnin má fara að girða sig í brók og gera eitthvað í þessum málum. Ég hef lesið marga pistla um þetta og hélt stundum að þetta væru ýkjur, en það er það svo sannarlega ekki,“ segir Margrét og bætir við. „Ég vona svo innilega að ef þingmaður veikist og þurfi á þessari aðstoð að halda að hann eða hún fái enga sérmeðferð heldur fari aftast í röðina eins og við almúginn.“

## Farsakennt ástand

Í samtali við Rás 2 á dögunum sagði Hjalti Már Björnsson, kennslustjóri bráðalækninga á Landspítalanum, ástandið á bráðamóttökunni hafa verið slæmt lengi en nú væri það orðið „farsakennt“.

„Eins og staðan er núna þá höfum við húsnæði og mannskap til að sinna þessu þannig það ætti nánast aldrei að vera bið hjá okk-

ur. En legudeildir Landspítala hafa ekki mannskap til að taka við öllum þeim sem þurfa að leggjast inn á spítalann. Þess vegna er bara svarið, það eru engin pláss og sjúklingurinn bíður á bráðamóttöku. Meginhluti okkar deilda sem sinnir öllum alvarlegum tilfellum er með 36 rúm og það er ekkert flókin stærðfræði að þegar það er 41 einstaklingur í þeim 36 rúmum sem eru að bíða, þá er engin aðstaða til að veita fólki eðlilega bráðapjónustu.“

Þá bætti hann við á öðrum stað: „Bráðamóttaka er almennt séð komin á kolrautt ástand ef að það eru 5 fastir þar og komast ekki á legudeild. Það er mjög slæmt. Það er búið að vera árum saman, að það hafa alltaf verið einhverjir í bið og eiginlega hefur venjan núna síðasta eitt, tvö árin að það séu 20 sjúklingar að bíða og það er sturlað ástand. Þegar þetta er komið yfir fjórtíu sjúklinga þá eiginlega skortir mig lýsingarorð til að lýsa þessu ástandi.“ ■

## Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORD ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR,  
SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA  
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum  
tilbúið á borðið

Veislulist



PRONET:

# Hápróuð öryggistæki og eftirlitskerfi fyrir heimili og fyrirtæki

**P**ronet er sérhæft fyrirtæki á sviði fjarskiptalausna með áratuga reynslu af uppbyggingu á ljósleiðarakerfum og öðrum fjarskiptakerfum, öryggis- og myndavélakerfum, bæði á Íslandi og erlendis.

Pronet rekur öflugna framkvæmdadeild með starfsmönnum sem hafa viðamikla reynslu úr tæknigeiranum. Tækjabúnaður fyrirtækisins samanstendur af nýjustu og bestu tækjum sem völ er á. Starfsmennirnir eru þrautþjálfaðir í að leysa öll verkefni, stór sem smá, hvort sem um er að ræða byggingu nýs kerfis, eða mælingu, úttekt eða viðhald eldri kerfa.

Pronet rekur öflugna heildsölu/ smásölu og flytur m.a. inn efni fyrir lagna- og netkerfi, verkfæri, raftæki o.fl. Styrkur fyrirtækisins felst í að bjóða vörur á mjög hagstæðu verði, en kannski ekki síður að vörurnar eru valdar af fagmönnum með mikla reynslu.

Helstu birgjar Pronet í öryggiskerfum eru Tiandy (myndavélar og myndþjónar), Protec (brunaviðvörðunarkerfi), Digifort (myndavélahugbúnaður) og SecoLink (öryggiskerfi).

## Tiandy – öryggismyndavélar og vídeóþjónar

Frá Tiandy býður Pronet upp á myndavélar frá 2Mp upp í 12. Til eru vélar með föstum linsum, stillanlegum (varifocal) og stýranlegum (motorised). Ávallt eru til a.m.k. tíu gerðir á lager hverju sinni. Einnig eru í boði PTZ-vélar með frá 20 og upp í 44 x optical aðdrátt sem staðalbúnað.

Enn fremur eru í boði vídeóþjónar

frá Tiandy (NVR upptökutæki) frá 4 og upp í 80 rása með 1 og upp í 8 harða diska. Þessi tæki eru bæði til með PoE og án. Einnig eru til PoE-beinar til að bæta við kerfum.

Kerfin eru einföld í uppsetningu og stillingum. Reyndar eru flest kerfi afhent stillt og tilbúin í uppsetningu ef viðskiptavinir velja að setja upp sjálfir. Pronet setur einnig upp tengingu við síma og spjaldtölvur fyrir viðskiptavini, þeim að kostnaðarlausu.

## Protec – brunaviðvörðunartæki

Protec Algo-Tec(tm) 6100 er hringtengt, stafrænt og tölvustýrt eldskynjunar- og viðvörðunarkerfi sem hentar fyrir litlar og meðalstórar byggingar, s.s. verslanir, hótél og skrifstofur. Stjórnborð kerfisins er hannað og smíðað af Protec og uppfyllir EN 54-2 og 4 eldvarnarstaðla ESB. Stjórnborðið er hægt að festa á vegg, en einnig hægt að fella það inn, sé þess þörf.

Algo-Tec 6100 stjórnborðið er hringtengt með getu til að tengjast og stýra 192 tengipunktum, auk þess að geta tengst og stjórnað öllum stjórnborðum, nemum, viðvörðunarbjöllum, viðvörðunarljósum og handvirkum neyðarboðum.

Algo-Tec 6000PLUS línuna er einnig hægt að tengja inn í Algo-Tec 6300 upplýsingaskjái sem sýna viðburði með sjálfvirkum flettingum á texta.

Með þeim möguleikum sem þetta kerfi býður upp á er hægt að byggja upp öflugt og öruggt stafrænt eldvarnarkerfi, með mun einfaldari lagnavinnu en áður, með þeim sparnaði sem því fylgir.

Fjöldi aukahluta er fánlegur með stöðinni. Optískir reykskynjarar, skynjarar með viðvörðunarbjöllu,

hitnemar, sambyggðir reyk- og hitanemar, handboðar, geislanemar, loftstokkanemar, sírenur og margt annað.

ProPoint PLUS Aspirating er reyksogskerfi, sérstaklega hannað fyrir loftstokka, lyftugöng og t.d. fangelsi eða aðra staði þar sem rafbúnaður hentar ekki. Í staðinn fyrir hefðbundna reykskynjara er kerfið byggt upp þannig að það sýgur loft í gegnum litla pípu og sendir sýni í greiningarbúnað sem skilgreinir agnir og lætur vita ef grunur er um eld. Kerfið er meðal annars notað þar sem hátt er til lofts og viðhald og eftirlit getur verið kostnaðarsamt.

## Digifort – myndaeftirlitskerfi

Digifort myndaeftirlitskerfi kemur í ferns konar útfærslu, en það fer eftir fjölda myndavéla og möguleika sem kerfin bjóða upp á. Fjöldi myndavéla í Digifort Explorer er 4-16, í Standard 4-32, í Professional 8-64 og Enterprise 8-ótakmarkað.

Einnig er hægt að bjóða upp á númeraplötugreiningu, itarlega vídeógreiningu, andlitsgreiningu og viðvörðun og sjálfvirkni (Alarm and Automation). Möguleiki er á því að tengja allar þessar einingar við hvaða kerfi sem er. Digifort hugbúnaðurinn gengur með myndavélum frá flestum framleiðendum heims.

## T.E.L.L. – öryggiseiningar

T.E.L.L. eru öryggiseiningar sem hægt er að tengja við hvaða tæki sem er og senda þaðan boð í vöktunarmiðstöð. Einingarnar eru til í IP og 3G/4G og allt frá 1 rás upp í 6 rásir. Enn fremur er Pronet að prufukeyra sitt eigið vöktunarkerfi sem kynnt verður á næstunni.

## SecoLink – þráðlaus og víruð öryggiskerfi fyrir heimili og fyrirtæki

Frá SecoLink koma öryggiskerfi sem henta fyrir heimili og fyrirtæki. Kerfin geta tengst IP og GSM-neti. Hægt er að fá auka lyklorð, fjarstýringar, hurðanema, vatnsnema, sírenur og fleira. Kerfin eru svæðaskiptanleg og koma með 64 rása stjórnstöð. Kerfunum er stjórnað með appi í síma, með fjarstýringu eða með talnaborði.

Allir hreyfiskynjarar eru með innbyggðum hitanema og er hægt að fylgjast með stöðu á rými við hvern skynjara. Hægt er að láta kerfi senda boð með stöðu reglulega eða fá stöðu með fyrirsögn í gegnum app.

Pronet stillir kerfi og afhendir viðskiptavininum sínum tilbúið til uppsetningar. Eina sem þarf að koma með er SIM kort og þeir setja upp kerfið fyrir viðskiptavini sína. Pronet kemur einnig á staðinn og metur aðstæður að kostnaðarlausu.

## Vision UPS systems varaafgjafar

Vision varaafgjafar henta vel í öll net- og öryggiskerfi. Pronet eru með allt frá litlum varaafgjöfum 1-3KVA fyrir afgreiðslukerfi í allt að 650KVA fyrir stærri kerfi.

Varaafgjafar eru til bæði fyrir 19" rekka og sjálfstandandi.

**Nánari upplýsingar um þessar vörur og margar fleiri er að finna á vefsíðunni [www.pronet.is](http://www.pronet.is)**  
**Pronet er einnig með vörur frá General Cable (netkaplar), TecnoSteel (tölvuskápar), Cubis (lagnabrunnar), LinkBasic (net lagna og tengiefni) Lantech, AOA og Moxa (beinar og merkjabreytur).**  
**Pronet er til húsa að Ögurhvarfi 2, Kópavogi. Símanúmer er 540-3520.**

## ÖRYGGISKERFI Seco link

Við vöktum heimilið þitt þegar þú ert ekki heima





# MAÐURINN SEM SIGRAR SJÁLFAAN SIG LEIÐIR FÍUNG

## ■ JOHN SNORRI SIGURJÓNSSON HEFUR GENGIÐ Á FJÓRA AF HÆSTU OG ERFIÐUSTU TINDUM HEIMS

**H**ann er ljós yfirlitum, hárprúður og brosmildur og einstaklega gjöfull á gríðarlega smitandi hlátur. Hann er grannvaxinn og hár yfir meðallag og segist heita John, sem er nú alls ekki algengt nafn á gegnheilum Íslendingi. Þeir heita nú flestir bara Jón. Til viðbótar segist hann reyndar heita Snorri, eins og goðinn og rithöfundurinn Sturluson sem margir telja að hafi klifið á hæsta tind allra rithöfunda í heiminum á sinni tíð.

Þessi Snorri okkar er líka svakalegur þegar kemur að því að kljást við tinda. Hann hefur nefnilega klifið fjóra af hæstu tindum heims. Hann vann það þrekvirki árið 2017 að klifa næsthæsta fjallið á jarðarkringlunni, K2 sem er 8.611 metrar yfir sjávarmáli. Á undan hafði hann klifið fjallið Lhotse og til að kóróna klifurhringinn í einni og eiginlega sömu ferðinni „skaust“ hann snöggvast á Broad Peak. Á þessu ári kleif hann svo Manaslu sem er það áttunda í röðinni yfir hæstu fjöll heims og einungis fimm fjöll eru talin vera erfiðari viðureignar.

Allir þessir tindar eru yfir átta þúsund metrar á hæð. Til að átta sig á hæðinni þá er hver um sig langtum hærrí en flugvélar fljúga í innanlandsflugi en lítið eitt lægri en þoturnar fljúga almennt þegar þær fara með himinskautum milli landa.

Það fer vel á því að þessi mikli háfjallamaður leiði Ferðafélag unga fólksins enda hefur hann með kappsemi komið þessum nýja anga af meiði Ferðafélagsins í góðan vöxt.

„Markmiðið er að hvetja ungt fólk á aldrinum 18 til 25 ára til að ferðast um landið sitt, kynna landinu og vera úti í náttúrunni í góðum félagsskap og fá jafnvel fróðleik í kaupbæti,“ segir

fjallagarðurinn spurður út í þennan nýlega félagsskap.

Fullyrða má að öryggið sé uppmálað í öllum ferðum því reynsla Johns Snorra er gríðarleg enda hefur hann gengið víða, verið í skátum og björgunarsveitum og oft komist í hann krappann. Þannig verður það samt ekki í þessum ferðum enda áherslan á þægilegar göngur þótt stundum geti aðeins reynt á.

„Mitt markmið er að allir sem vilja eigi að komast með og taki með sér góða skapið – ef ekki þá verður bara séð fyrir því,“ segir John Snorri og hlær. „Það er mikilvægt að njóta og fræðast og vera klæddur eftir veðri. Svo þarf maður auðvitað að taka með sér nesti og það er allt í lagi að gera það líka í styttri ferðunum.“

### Gott fyrir byrjendur

Ferðafélag unga fólksins er mjög hentugt fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í fjallamennsku og er líka frábær vettvangur til að hitta aðra á svipuðum aldri með svipuð áhugamál. FÍUng býður upp á fjölbreytta dagskrá af stuttum dagsferðum á vorin og haustin en á sumrin er farið í nokkrar lengri ferðir.

John Snorri er að teikna upp veturinn núna og árið allt og er að raða ferðunum niður í dagbókina. Hann hefur fengið til liðs við sig haug af ungu fólkum sem stýrir því með honum hvert verður farið. Í vetur og vor var farið m.a. á Helgafell, Akrafjall og Glym og í sumar var farið á Hvannadalshnjúk, Sveinstind, Fimmvörðuháls og í Þórsmörk.

Núna í október var svo farið á Móskarðshnúka. Örugglega verður gengið um svipaðar slóðir að einhverju marki en svo farið eitthvað allt annað.

Dagsferðir eru allar ókeypis fyrir

félagsmenn en árgjald í FÍUng er 3.800 krónur.

### Fékk fjallabakteríuna í smalamennsku

John Snorri fékk fjallabakteríuna kornungur og hefur ekki læknast þrátt fyrir að hafa gengið á þessu firnaháum tinda og þolað gríðarlegan kulda og nánast allar hugsanlegar raunir þess manns sem þarf að ná settu marki í návigi við himintunglin.

„Ég var sendur í leitir upp á fjöll að hausti til þegar ég var bara sjö ára. Fjallkóngurinn sármóðgaði mig með því að færa mig í bókina sem hálfann mann því ég var ekki orðinn fullorðinn. Þannig hófst mín fjallamennska og ég veit ekkert skemmtilegra en að vera á fjöllum. Þótt furdulegt sé frá því að segja þá er fjallganga afslöppun í öllum sínum líkamlegu átökum og hún veitir mikla vellíðan, þetta er í raun hugleiðsla og næring fyrir líkama og sál.“

### 24 tindar á 24 dögum

Eins og ráða má af uppötum Johns Snorra á háskaleg háfjöll hefur hann einstaka ánægju af áskorunum. Síðasta vetur leiddi hann hóp örfárra afar vaskra göngumanna í mesta skammdeginu á 24 fjöll í nágrenni höfuðborgarinnar, á einungis 24 dögum í jólamánuðinum sjálfum. Með honum í öllum göngum var Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins sem er ýmsu vanur, og honum þótti það vænt um átökin að núna verður þetta að öllum líkindum opið verkefni þegar nær dregur jólum. Í fyrra var þetta nokkurskonar niðurtalning til jóla, einn tindur á dag – sama hvernig viðraði.

„Þetta er kannski ekki fyrir hvern sem er, en hugmyndin er samt að

endurtaka þetta núna í vetur og bjóða fleirum með í fjörið,“ segir fjallahöfðingi unga fólksins.

### Háskóli Íslands miðlar fróðleik í ferðum

Háskóli Íslands hefur unnið með FÍUng og mun gera áfram í vetur. Háskólinn hefur starfað með Ferðafélagi Íslands frá árinu 2011 að fræðandi gönguferðum í borgarlandinu undir heitinu með Fróðleik í fararnesti og hafa þúsundir nýtt sér þær göngur.

Í göngum FÍUng, sem Háskólinn veitir liðveislu, kemur vísindamiðlari eða fræðimaður með í förina og veitir magnaðan fróðleik um ótrúlegustu þætti sem tengjast ferðinni sjálfri og svæðinu sem gengið er um.

John Snorri Sigurjónsson segir að þetta dýpki ferðina mikið og geri hana gagnlegri og skemmtilegri. Sjálfur leiðir hann allar göngur unga fólksins. Það er ekki amalegt að fá leiðsögn frá John Snorra, manni sem hefur m.a. gengið á tindana Manaslu, Lhotse, K2 og Broad Peak sem allir eru firnaháir og eftirsóttir á meðal fremsta fjallafólks veraldar. John Snorri ætlar meira að segja aftur á hættulegasta fjalla jarðar, K2 í vetur – á árstíma þegar ekkert lífandi hefur komist á þennan fræga fjallstind.

„Af hverju ég ætla mér þetta,“ segir John Snorri og skelli hlær og er eiginlega bara undrandi á spurningunni. „Ég ætla að sigra sjálfan mig. Þegar líkaminn öskrar á mig: hættu þessu, gefstu upp maður!!!! Þá reynir fyrst vel á mann, og þá kemur þetta aukaátak sem maður veit kannski ekki að maður eigi til. Þegar maður nær að yfirstiga þetta ákall frá sjálfum sér um að hætta... og kemst á toppinn, þá hefur maður sigrað tindinn og líka sjálfan sig.“



# EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ



**RIBELLE OD**  
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  



# Með fróðleik í far

**M**eð fróðleik í fararnesti er frábært samstarfsverkefni Ferðafélag Íslands og Háskóla Íslands þar sem mörg þúsund manns, ungir og aldnir, hafa gengið í borgarlandinu og hlotið þrennt: góða útivist, fína hreyfingu og fróðleik í fararnesti frá vísindamönnum Háskólans. Þetta verkefni hófst fyrir tæpum tíu árum og hefur verið fróðlegt, hollt og spennandi og aukið áhuga almennings á vísindum og fræðum og á íslenskrí náttúru sem víða leynist í borgarlandinu.

Undanfarin ár hefur samstarfið við Háskólann að langmestu leyti verið í gegnum Ferðafélag barnanna og því hefur vísindamiðlunin helst beinst að börnum og fjölskyldufólki. Þannig verður það áfram í vetur þegar verkefnið hefst á ný með miklum tilþrífum.

„Markmiðið með Ferðafélagi barnanna hefur ávallt verið að skapa skemmtilegan vettvang fyrir börn og fjölskyldur þeirra til að njóta útiveru, takast á við nýjar og spennandi áskoranir og hafa einafaldlega gaman af því að leika sér úti,“ segir Dalla Ólafsdóttir, sem leiðir Ferðafélag

barnanna ásamt eiginmanni sínum, Matthíasi Sigurðarsyni. Hann segir að í verkefninu með Háskóla Íslands mæti flinkir og flottir vísindamenn sem bjóði upp á fróðleiksgöngur um fugla, skordýr, sveppi, fjöruna, eldfjöll, stríðminjar og stjörnurnar svo fátt eitt sé nefnt. „Þetta eru gríðarlega vinsælar göngur ár eftir ár og mjög ánægjulegt að geta boðið börnum upp á að njóta náttúrunnar og fá fróðleik samhliða. Vísindamenn Háskólans hafa vakið mikla athygli í göngunum fyrir að draga fram mikilvægi rannsókna og vísindastarfs fyrir íslenskt samfélag, fyrir lífríkið okkar og umhverfið.“

## Stjörnur með Stjörnu-Sævari

Nú er búið að raða upp fróðleiksgöngum fyrir næsta starfsár og verður byrjað strax í janúar 2020 á stjörnu- og norðurljósaskoðun með Sævari Helga Bragasyni. Markmið göngunnar er að hvetja fjölskyldur til þess að njóta náttúrunnar og himingeimsins þegar skilyrði til stjörnuskoðunar eru með besta móti.

Sævar Helgi, sem er stjórnmiðlari hjá

Háskólanum, mun lýsa því sem fyrri augu ber á kvöldhimninum. Hann er fyrir löngu orðinn landsþekktur fyrir miðlun sína á undrum himingeimsins og reyndar mörgu öðru. Hann hefur t.d. kennt stjörnufræði við góðan orðstír í Vísindasmiðjunni, Háskóla unga fólksins og í Háskólalestinni undanfarin ár sem öll eru verðlaunaverkefni ætluð ungu fólki á vegum Háskóla Íslands. Þá hefur Sævar stýrt frábærri sjónvarpsþáttaröð um umhverfismál, Hvað höfum við gert, sem vakti gríðarlega athygli fyrir á árinu.

## Fuglaskoðun þegar vorar

Þótt nú sé haust, og veturinn smám saman að herða tökin, þá er ekki í sjálfu sér langt þangað til fyrstu farfuglarnir snúa aftur heim. Þegar þeir flykkjast aftur hingað er sumarið á næsta leiti. Þess vegna er rakið að fara í fuglaskoðun í apríl og fjaran er auðvitað besti staðurinn til að skoða fugla snemma vors. Þeir Gunnar Þór Hallgrímsson,

prófessor í dýrafræði við Háskóla Íslands, og Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, hafa leitt þessar árvissu fuglaferðir með miklum tilþrífum enda vita þeir eiginlega allt um fugla.

„Minn uppáhaldsfugl er spói,“ segir Tómas Grétar aðspurður um þann fugl sem heillar hann mest. „Fuglar eru frísklegir og áberandi. Dýr sem ekki geta flogið og flúið á vængjum láta síður sjá sig og almenningur kynnist þeim því síður. Líklega værum við líka spennt fyrir fljúgandi krókódilum. Það er eitthvað heillandi við flugið sjálft. Ætli tilhneiging fólks til að velja sér uppáhaldsfugl sé eins og að halda með liði í ensku,“ segir Tómas Grétar og hlær.

Gunnar Þór segir að fuglar séu einu villtu hryggdýrin hérlandis sem séu oft fyrir augum okkar.

„Ástæðan fyrir uppáhaldsfuglinum er sú að við tengjumst oft fuglum í gegnum okkar





# rarnesti

eigið líf vegna hæfileika þeirra í söng og atferli eða vegna þess hversu glæsilegir þeir eru. Hvort tveggja vekur upp sterkar tilfinningar.“

## Fjaran er heillandi heimur

Það er auðvitað hægt að fara í fjöru allt árið um kring, en vorið er frábær tími til rannsókna í flæðarmálinu. Fjöruferð í Gróttu er þess vegna áformuð í lok apríl. Gróttta er algjör perla en þar verða ýmsar lífverur skoðaðar, grúskað og leitað að kröbbum í fjörunni og öðrum smádýrum í skemmtilegri rannsóknaferð. Hildur Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði við Háskóla Íslands, hefur leitt þessa göngu undanfarin ár og gríðarlegur fjöldi hefur notið þekkingar hennar.

„Við eigum von á að sjá gnótt af fjörusniglategundum eins og klettadoppu, þangdoppu og nákuðungi en einnig beitung sem yfirleitt lifir að mestu leyti

neðan fjöru,“ segir Hildur. „Ekki má gleyma að líta milli steina og undir klapparbangið og klóbangið, þar sem leynast marflær, litlir krabbar og jafnvel sprettfiskar, en einnig falllegir gulir svampar,“ segir hún.

## Pöddur, oj bara! Nei, alls ekki, þær eru magnaðar

Margir hafa ímugust á skordýrum og verða harla fegnir þegar haustar eins og núna að því marki að þá fækkar pöddunum í umhverfinu. En pöddur hafa heillað unga fólkíð svo um munar undanfarin ár og pödduskoðun í Elliðaárdal er því árviss viðburður á hverju sumri. Skordýr eru fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarin ár af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna hlýnunar. Nýjar tegundir hafa líka bæst við. Gísli Már Gíslason, skordýrasérfræðingur frá Háskóla Íslands, hefur verið fremstur í flokki við að fræða göngufólk um heim skordýranna en hann hefur líka verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið. Þar hefur hann m.a. talað um nýja tegund hér sem enginn

fagnar en það er lúsmýið sem bitur fólk. Gísli Már segir lúsmýið því miður komið til að vera. Hann segir að skordýr séu stærsti keppinautur mannsins um fæðu og hartnær fjórðungur af nytjaplöntum fari beint í skordýr, m.a. hveiti, bygg, maís og ýmsar aðrar plöntur sem menn nýti sér sem fæðu. „Miklum fjármunum er varið í heiminum á ári hverju í að halda skordýrum niðri.“

Gísli Már segir að skordýr séu engu að síður gríðarlega mikilvæg í lífríkinu. „Skordýr frjóvga allar blómplöntur, og ef þeirra nyti ekki við, þá væru blómplöntur ekki til.“

## Algjör sveppur!

Gísli Már verður líka á ferðinni með fjölda sveppasérfræðinga næsta haust þegar sveppum er safnað í Heiðmörk. Sveppir eru algjört sælgæti en það er betra að þekkja þá góðu frá þeim vondu og eitruðu! Gísli Már og félagar kenna göngufólki að þekkja matsveppi og aðferðir við að geyma þá og matreiða.

Sveppaganan hefur unnið sér fastan sess í tilverunni og þarna hafa fjölskyldur notið haustfegurðar Heiðmerkur og fróðleiks á sama tíma.

„Rösklega tvö þúsund tegundir

sveppa er skráðar á Íslandi og á hverju ári bætast við nýjar tegundir í þennan sérstaka flokk lífvera,“ segir Gísli Már og bætir því við að sumar sveppategundir hafi m.a. flust hingað með trjátegundum því margar þeirra eigi sveppi sem sambýlisveru, t.d. lerki og fura.

## Meiri fróðleikur – meira fjör

Til viðbótar þessu verður Eldfjallaganga á Helgafell næsta haust með jarðfræðingum frá Háskólanum og Stríðsminjaganga um Öskjuhlíð þar sem eru leynileg neðanjarðarhús, skotbirgi, glópagull, kanínur, tankar og trjákofar. Þetta er fátt eitt af því sem gerir Öskjuhlíðina að undraheimi sem ótrúlega gaman er að rannsaka. Í hlíðinni er líka vísir að skógi með miklu fuglalífi. Stefán Pálsson, sagnfræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands ætla að leiða göngufólk um Öskjuhlíðina og veita innsýn í merka sögu svæðisins.

Ókeypis er í allar fróðleiksgöngurnar og allir eru hjartanlega velkomnir. Mikilvægt er að mæta vel klædd og gjarnan með nesti, en alltaf með góða skapið.





Arni Tryggvason hönnuður hefur haft umsjón með verkefninu og tók þessar myndir.

Ferðafélag Íslands hefur í sumar sett upp vegvísa á gönguleiðinni um Kjalveg hinn forna. Settir voru upp 9 vegvísar sem vísa leið á næstu áfangastaði til beggja átta og segja til um kílómetrafjölda í áfangastað.

## Fjallabyggð og Fljót

Ferðafélag Íslands gaf í sumar út gönguleiðaritið Fjallabyggð og Fljóta þar sem gönguleiðum í Fljótum á ysta hluta Tröllaskagans er líst.

Það er fátt sem jafnast á við mikilfengleika ysta hluta Tröllaskagans. Fjölbreytni þar er mikil, há tignaleg fjöll, hamraborgir, fjallaskörð, grösugir dalir, dalverpi og skálar sem sjaldgæfum gróðri. Dýra- og fuglalíf er mikið þar sem margar leiðir liggja nálægt sjó. Viða eru erfiðar gönguleiðir enda ekki hjá því komist á utanverðum Tröllaskaga en fjölbreytni í vali gönguleiða er mikil. Þar er að sjálfsögðu að finna léttari og styttri leiðir sem einnig er lýst í

þessu riti. Svæðið er snjóþungt og eru snjóskafar oft fram eftir sumri í hæstu fjallaskörðum, ýmist göngumönnum til trafala eða léttir þeim gönguna allt eftir aðstæðum.

Í ritinu er lýst 25 spennandi gönguleiðum ásamt kortum og gagnlegum upplýsingum með hverri leið.

Björn Z. Ásgrímsson er verkfræðingur og hefur hlotið menntun sem leiðsögumaður. Hann hefur stundað leiðsögn á utanverðum Tröllaskaga um árabil, þekkir svæðið vel frá unga aldri í gönguferðum, við smalamennsku og á skíðum.

Ritið fæst á skrifstofu FÍ.



Haust og vetrarferðir Ferðafélags Íslands njóta mikilla vinsælda

Sex þátta röð af Fjallaskálum Íslands í umsjá Sigmundar Ernís Rúnarssonar á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, hann ferðast að þessu sinni bæði um vestan- og austanvert landið og yfir það þvert og endilangt. Þættirnir eru unnir í samvinnu við Ferðafélag Íslands og Fjallakofann.

Skálarnir sem eru sóttir heim að þessu sinni eru í Norðurfirði og Látravík á Ströndum, á Víknaslóðum fyrir austan og uppi í Laugafelli, Hrafninnuskeri og Hvítárnesi í óbyggðum Íslands. Þættirnir eru fjölbreyttir að innihaldi og ólíkir hver öðrum, en eiga það þó sameiginlegt að sýna jafnt skálalífið, samfélagið í kring og alltumlykjandi náttúruna sem biður upp á gönguleiðir og fjallaklifur af öllu tagi.

Á [www.hringbraut.is](http://www.hringbraut.is) segir meðal annars um þættina og þáttagerðina:

Fyrsti þátturinn er frá skála Ferðafélags Íslands að Valgeirsstöðum í Norðurfirði á Ströndum norður, sem í raun er gamall bóndabær sem fór í eyði fyrir bráðum aldarfjórðungi, en þar er meðal annars rætt við skálaverðina Ólinu Þorvarðardóttur og Reyni Traustason, svo og heimafólkið Elinu Öglu Briem og Evu Sigurbjörnsdóttur um viðkvæmt og einstakt samfélagið á ystu mörkum Íslands. Þá er haldið á fjöllin og heiðarnar í kring, gengið meðal annars upp að

einum nafntogasta fossi seinni tíma umræðu á Íslandi, Drynjanda í Hvalá sem hugmyndir eru uppi um að beisla með uppistöðulónum og virkjun. Og svo er náttúrulega komið við í kaupfélaginu á staðnum – og Krossneslaus, annað má nú ekki vera.

"Það er búið að vera mikið ævintýri að taka upp þessa þætti með Birni Sigurðssyni myndatökumanni. Ekki einasta höfum við gengið tugi kílómetra, stundum heilan dag til að ná aðeins eins til tveggja mínútna efni, heldur höfum við keyrt um landið þvert og endilangt í samfelld 20 daga eða svo til að koma okkur á milli staða; fórum til dæmis þrisvar norður í Árneshrepp vegna veðurs. Ætli við eigum ekki að baki einhverja 7000 kílómetra, eða sem nemur 5 hringferðum um landið," segir Sigmundur Ernir "og oft komumst við í hann krappann; sveigðum framhjá aurskriðum og bjarghruni á Strandavegi, keyrðum á felgunni suður Sprengisand og fórum í margra tíma vegagerð til að komast yfir kambinn í Hrafninnusker," bætir hann við – og vill þakka sérstaklega öllum viðmælendum þáttanna sem margir lögðu á sig talsvert erfið i, svo sem dagsferð í Stóruð, ellegar hvöttu þáttastjórnendur óspart áfram eins og á við um guðföður þáttanna, Pál Guðmundsson, framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands.



# Öryggisblaðið

25. október 2019

Ábyrgðarmaður: Sigurvin Ólafsson / sigurvin@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Svverrisson / agustb@dv.is



SWISSTRAX:

## Hágæða gólflausnir fyrir fyrirtæki og einstaklinga

**S**traxgolf.is er umboðsaðili Swisstrax á Íslandi. Swisstrax er heildstætt gólfllísakerfi – með 8 flísategundum – sem allar geta tengst saman innbyrðis. Notkunarmöguleikarnir eru því nánast endalausir!

### Svissneskt hugvit

Swisstrax gólfllísarnar eru kenndar við samnefnt fyrirtæki, sem á uppruna sinn í Sviss – en öll hönnun og þróun flísanna er unnin af svissneskum verkfræðingum. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í heiminum í framleiðslu PP-gólfllísa og starfrækt framleiðsluverksmiðjur í Bandaríkjunum í yfir 15 ár, sem og í Kanada og Frakklandi. Swisstrax er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði á heimsvísu og nýtur mikilla vinsælda um allan heim – og er nú loks fáanlegt á Íslandi. Swisstrax er með samninga við fjölmörg stórfyrirtæki og opinbera aðila, s.s. Ford, General Motors, Mercedes, John Deere, slökkvilið New York borgar, Bandaríkjaher og marga fleiri.

Swisstrax-flísarnar eru gerðar úr hreinu polypropylene, sem er gríðarlega þolið gegn slit, miklum þunga, olíum, sýrum, leysiefnum og fleira; og er auk þess hálfufritt í bleytu. Flísarnar þola allt að -30° frost og 120° hita; auk þess að standast allt að 32 tonna yfirkefsluþyngd. Flísarnar eru auðveldar í samsetningu og getur nánast hver sem er sett upp Swisstrax-gólf án aðkomu iðnaðarmanns, en þannig sparast jafnan drjúgur aukakostnaður vegna uppsetningar. Að sama skapi er auðvelt að fjarlægja þær af gólfi, t.d. við flutninga.

Swisstrax hefur einkaleyfi á 24-punkta tengikerfinu, sem tryggir þéttustu samtengingu PP-flísa sem völ er á. Flísarnar eru einfaldlega lagðar yfir það gólf sem er fyrir, hvort sem það er steingólf, steinflísar, gólfdukkur, epoxy- eða viðargólf o.s.frv. og þeim er svo smeltt saman skv. uppsetningarleiðbeiningum. Einfalt er að sníða til flísarnar upp við vegg, en það eina sem þarf er rafmagnssög

með fíntenntu sagarblaði. Swisstrax býður einnig upp á aukahluti, s.s. brúnir – sem smellast á kanta flísanna þar sem það á við, til dæmis við bílskúrsop. Auðvelt er að smella upp einstökum flísum, hvaðan sem er úr fullögðu gólfi.

Swisstrax flísarnar eru 100% umhverfsvænar og endurvinnanlegar, og hafa hlotið fjölmargar grænar vottanir og verðlaun, auk margra gæðavottana – meðal annars frá Evrópusambandinu og Ástralíu. Flísarnar fást í mörgum litum. Allar hafa þær innbyggða sólarvörn, jafnt í grunnefninu sem og litarefninu; og eru auk þess algerlega hálfufriar í bleytu og kulda. Swisstrax flísarnar gefa ekki frá sér neinar óæskilegar lofttegundir, gagnstætt t.d. PVC-gólfllísum. 20 ára verksmiðjuábyrgð er á öllum Swisstrax flísum.

### Magrgar tegundir og endalausir möguleikar

Swisstrax býður upp á 8 tegundir af flísum, sem allar hafa sama smellakerfi – og geta því tengst saman eftir hentugleika, og með auðveldum hætti.

**RIBTRAX** er vinsælasta tegundin. Ribtrax er sjálfrenandi með grófum ristum, og kjósa flestir Ribtrax á grófgerðari svæði, s.s. bílskúra, bílageymslur, verkstæði o.s.frv. Ribtrax hentar jafnframt vel sem öryggis- og hálfuvarngólf utan- sem innandyra, t.d. á stakkageymslur skipa; á útistigapalla fjölbylishúsa; sem öryggisgólf í sturtuklefa o.fl. Einnig má nefna bíla- og mótörhjólammottur; bílskúra; bílasýningar og bílasölur; en Ribtrax hentar einnig vel á sýningarsvæði verslana; sölubása o.s.frv. Ribtrax fæst í 10 litum.

**SMOOTHTRAX** hefur svipaða eiginleika og Ribtrax, nema sléttara yfirborð og meiri mykt. Smoothtrax er vinsælasta tegundin á sólpalla, svalagólf, verandir, sundlaugarsvæði o.fl.; en hentar líka á önnur svæði, s.s. vinnusvæði veitingastaða o.fl. Einnig vinsælt sem sérsniðnir körfubolta- og tennisvellir, vegna myktar sinnar og

fjöðrunar. Fæst í 6 litum.

**VINYLTRAX** eru vinyl-parketflísar, sem er magnaður valkostur fyrir þá sem vilja gólf með parketútliti, en eiginleikum Swisstrax flísanna. Skrifstofuhúsnæði; sýningarsvæði verslana; tækifærissgólf á viðburðum; dansgólf o.m.fl. Hentar einnig vel þar sem fagað útlit er í öndvegi, en mikil áníðsla er á gólfum – t.d. á skemmtistöðum og líkamsræktarsölum. Fæst í 6 „viðartegundum“.

**MARBLETRAX** er glæný afurð frá Swisstrax, sem kom á markað nú í byrjun hausts. Marbletrax eru vinylflísar með marmaraútliti.

Marbletrax fæst í tveimur litatönum – ljósgrátt og svart.

**DIAMONDTRAX** eru gegnheilar flísar, með flöttri áferð og henta vel á þurrari svæði, til dæmis skrifstofugólf, kjallaragólf, heima-gym, sýningarsvæði verslana o.m.fl. Fæst í 7 litum.

**TURFTRAX** eru gervigrasflísarnar í seríunni, og henta til dæmis á sýningarsvæði verslana, á gæludýrasvæði, sem minigolfbrautir o.fl.

**LOGOTRAX** eru logo-flísar. Hægt er að fá logo viðkomandi fyrirtækis prentað á sérstakar flísar sem smellast eins og aðrar flísar hvar sem er inn í Swisstrax-gólfíð. Stærð logos getur verið frá einni flís og upp úr.

**LIGHTRAX** eru LED-flísar, sem eru lýstar upp með LED-lýsingu, og eru þær væntanlegar á markað á árinu 2020. Með Lightrax munu opnast ótrúlegir möguleikar eins og t.d. að lýsa upp gangvegi í gólfinu, lýsa upp logo og margt fleira.

### Auðvelt í umgengni og þrífum

Allar Swisstrax flísategundirnar eru einstaklega auðveldar í þrífum, en það eina sem þarf er vatnsslanga, ryksuga og sápa.

Ribtrax og Smoothtrax eru sérlega þægilegar í þrífum og umgengni. Sjálfrenandi, vegna ristanna á yfirborðinu, og bleytan/óhreinindin skolast gegnum rásirnar neðan á flísunum, í átt að niðurfalli.



Ryksugan

virkar líka vel á laus óhreinindi. Gegn vökvahringjum eða óhreinindaummerkjum má nota hvaða hreinsiefni sem er; enda er viðloðun við flísarnar mjög lítil. SWISSTRAX er þolið gegn hvers kyns olíu, gasi, sýrum og leysiefnum, þar með talið skydrol og alkalis – einum mest tærandi vökvum sem þekkjast. Polir einnig logsuðu.

### Þrívíddar-hönnunarforrit Swisstrax

Á aðalheimasiðu fyrirtækisins [www.swisstrax.com](http://www.swisstrax.com), má finna frábært hönnunartól til þess að hanna sitt eigið Swisstrax-gólf í þrívídd, blanda saman litum og flísategundum; velja fyrirframgefin myndstærðir eða hanna sitt eigið. Einnig er sá möguleiki að bæta inn á myndina aukahlutum s.s. bíl, mótörhjól, dyrum, gluggum, hirsalum o.s.frv., þannig að útkoman verði sem raunverulegust. Hönnunartólið er að finna undir flípanum: „Floor designer“ á heimasíðunni [www.swisstrax.com](http://www.swisstrax.com).

Nánari upplýsingar um Swisstrax flísarnar má finna á heimasíðu Straxgolf.is, [www.straxgolf.is](http://www.straxgolf.is), í síma 781-0999, eða með því að senda tölvupóst á [straxgolf@straxgolf.is](mailto:straxgolf@straxgolf.is). Jafnframt er hægt að hafa samband gegnum facebook-síðu Straxgolf.is, sem finna má undir myllumerkinu #straxgolf.

### Einnig er hægt að koma við hjá söluaðilum Swisstrax, og kíkja á úrvalið. Söluaðilar eru eftirfarandi:

**Reykjavík:** Classic Detail, Bildshöfða 16, s: 777-5674

**Akureyri:** Dekurbílar, Fannagili 3, s: 822-1337

**Reykjanesbær:** AD Company ehf., Hafnargötu 50, s: 848-8454

**Húsavík:** Birkir Viðarsson ehf., s: 854-2115



Elsa ásamt hópi öryggisráðgjafa sem sinna málefnum hnappþega / Mynd: Eyþór Árnason

SECURITAS:

# Öryggishnappur Securitas – Öryggi þegar á reynir

**Ö**ryggishnappur Securitas er hjálpartæki sem eykur öryggi fólks innan veggja heimilisins, en með notkun hans er fljótlegt og auðvelt að gera viðvart ef eitthvað kemur upp á.

## Öryggi öllum stundum

Að hlakka til morgundagsins og horfa björtum augum á það sem er framundan er ofarlega í hugum allra. Flest langar okkur til að eiga ánægjulegt líf með ástvinum, ættingjum og vinum. Það að horfa á börnin sín og barnabörn vaxa og verða að fullgildum meðlimum samfélagsins veitir okkur ómælda ánægju og hugarró. Íbúum á besta aldri á Íslandi mun á næstu árum fjölga mikið. Hluti af þessum hóp verður líkamlega vel á sig kominn og mun geta notið lífsins til fulls þrátt fyrir hækkanáldur. Þessi virki hópur vill hafa áhrif á sitt líf, áhugamál og samfélagsleg verðmæti. Hluti þessa hóps mun þurfa meiri aðstoð en vill á sama hátt og aðrir geta haft áhrif á líf sitt.

„Það er sama hvar einstaklingar eru staddir á lífsleiðinni, hvort viðkomandi er orðinn aldraður eða býr við skert lífsgæði, þá vilja allir vera öruggir á heimilum sínum,“ segir Elsa Einarsdóttir, sölustjóri Securitas. „Vegna líkamlegra breytinga sem fylgja hækkanáldri, skertri heilsu eða hreyfifærni skerdist jafnvægi fólks og viðbrögð verða seinni. Aðstandendur þessa hóps hafa oft verulega áhyggjur af fólkinu sínu, jafnvel þeim sem eru við góða heilsu. Þeir vilja draga úr óhöppum og slysum og auka öryggi síns fólks sem frekast er unnt. Með aðgát og fyrirbyggjandi aðgerðum á heimilinu er hægt að

draga úr slysum og óhöppum eldri einstaklinga og þeirra sem búa við skerta getu,“ segir Elsa.

## Öryggishnappur Securitas

„Öryggishnappurinn gagnast vel þegar að hnappþegi dettur, veikist skyndilega eða þarf aðstoð vegna líkamlegra einkenna án tafar. Um leið og ýtt er á hnappinn opnast talsamband við sérþjálfað starfsfólk á stjórnstöð Securitas,“ segir Elsa.

Viðbrögð frá öryggishnoppum eru flokkuð sem forgangsboð og þeim er sinnt án tafar. Öryggisverðir Securitas bregðast við boðunum, koma á staðinn, grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á hverju sinni. Öryggisverðir Securitas eru vel þjálfaðir í öllum viðbrögðum, margir þeirra hafa menntun sjúkraflutningamanna sem gerir þá sérstaklega hæfa til að aðstoða hnappþega í neyð. Þessi sérstaka þjálfun öryggisvarða Securitas er lyklatríði fyrstu mínútur eftir að kallað hefur verið á aðstoð, rétt og fljótt viðbragð hefur mikið áhrif á þann tíma sem endurhæfing tekur til að komast aftur af stað ef óhapp á sér stað. Þetta viðbragð getur í einhverjum tilvikum skilið milli lífs og dauða. „Securitas er með 12 bíla í hverfum borgarinnar, sem allir eru til taks allan sólarhringinn alla daga ársins,“ segir Elsa. „Það er alltaf stutt í næsta bíl og öryggisvörð sama hvar hnappþeginn býr og því er hjálpin fljót að berast.“

Öryggishnappurinn er borinn um háls eða um úlnlið eftir því hvað hverjum og einum þykir þægilegt. Tæknimenn Securitas setja allan búnað upp og kenna á hnappinn. „Það er afar einfalt að

nota hnappinn, ýtt er á hnappinn og boð sendast til stjórnstöðvar Securitas og þá myndast talsamband stjórnstöðvar við hnappþegann,“ segir Elsa. Hnappþeginn getur gert vart við sig og upplýst um hvort aðstoðar er þörf eða ekki. Ef að ýtt er á hnappinn og ekki næst samband við hnappþega er tafarlaust sendur öryggisvörður á staðinn.

## Aukið öryggi með öryggiskerfi

Með öryggishnappnum er hægt að setja upp einfalt öryggiskerfi sem eykur enn á öryggi hnappþega og aðstandenda hans. Reykskynjarar ásamt vatnsskynjurum eru oft nauðsynleg öryggistæki hjá þeim sem glíma við t.d. minnisleysi og elliglöp. Einnig er hægt að setja upp hreyfiskynjara sem nema óeðlilega umgengni í húsnæðinu og láta vita þegar slíkt gerist. Öryggiskerfi sem bjóða upp á app fylla aðstandendur ró um að allt sé í lagi hjá ættingjum sínum. Kostnaðurinn við slíkt öryggiskerfi er sáralitill þegar horft er til gagnsemi þeirra og öryggis þeirra sem maður elskar.

Lyklar að heimilum hnappþega eru geymdir í öruggum geymslum í stjórnstöð Securitas. Þegar öryggisvörður fer í útkall til hnappþega er ástand hnappþega metið, kallað er á sjúkrabil ef þess gerist þörf, haft er samband við ættingja og hnappþega sinnt eins alúðlega og hægt er.

Hnappþegar Securitas eru heimsóttir tvisvar sinnum á ári. Í þeim heimsóknum er gengið úr skugga um að allur búnaður virki sem skyldi og upplýsingar um breytingar á heilsufari og því tengdar eru skráðar.

Þessar upplýsingar nýtast vel ef hnappþegi þarf að fara á sjúkrahús, þá verður öll meðferð skilvirkari og hægt er að bregðast skjótt við í alvarlegum atvikum.

## Sjúkratryggingar Íslands og öryggishnappur

Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða mánaðargjöld vegna öryggishnapps hjá þeim sem uppfylla ákveðin skilyrði. Í þeim tilfellum sendir læknir viðkomandi einstaklings læknavottorð til Sjúkratrygginga. Eftir samþykkt niðurgreiðslunnar velur hnappþegi þjónustufyrirtæki. Securitas á farsælan feril í þjónustu og aðstoð við hnappþega í tugi ára, og þjónustar í dag á þriðja þúsund hnappþega. Hnappþegar Securitas eru afar ánægðir með þjónustuna og viðbragðið.

Öryggishnappurinn er þó ekki eingöngu fyrir þá sem njóta niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands. Allir geta fengið öryggishnapp sem þess óska.

Það er einfalt að sækja um öryggishnapp, það er eitt simtal til Securitas sem tekur við beiðninni og meðhöndlar hana þar til að hnappurinn hefur verið settur upp hjá viðkomandi.

## Í öruggum höndum með Securitas

Með öryggishnapp Securitas er þeim sem eldri eru eða þeim sem ekki njóta fullrar færni, veittur farsæll tími, tími sem þeir geta notið með fjölskyldu, ættingjum og vinum, tími til að njóta afmælisdaganna og að vera með elskunni sinni heima hjá sér. Öryggishnappur Securitas er öruggt skjól þegar á reynir.



NORTEK:

# Lausnir í öryggismálum

**N**ortek er ört vaxandi fyrirtæki á Íslandi sem sérhæfir sig í öryggiskerfum sem henta bæði heimilum og fyrirtækjum. Það er dreifingaraðili Ajax-snjallöryggiskerfis, sem er eitt snjallasta og notendavænsta öryggiskerfið sem til er í dag og er margverðlaunað í Evrópu. Kerfin eru stillt með snjalltækjum notenda og auðvelt er að vakta kerfin með snjallsímaforriti og eða símhringingum.

## Ekkert mánaðargjald

Sérstafa Ajax-öryggiskerfisins felst ekki aðeins í snjalltækninni, heldur því að viðskiptavinir kaupa kerfið og eiga það og greiða því ekkert mánaðargjald, það er því fljótt að borga sig upp. Notandinn setur kerfið upp sjálfur og hefur fulla yfirsýn yfir virkni þess. Viðkomandi er ekki háður viðbrögðum annarra aðila ef eitthvað kemur upp á í kerfinu. Eigandinn og þeir sem hann hefur

veitt aðgang að kerfinu fá skilaboð í gegnum appið eða SMS og hann metur hvað hann gerir við þær upplýsingar. Þannig koma engar síðbúnar rukkanir vegna falskra útkalla umsjónaraðila.

## Kisu er óhætt

Margir velta fyrir sér hvort gæludýr heimilisins eða ryksuguróbótinn muni sífellt vera að setja hreyfiskynjarana innandyra í gang. En Ajax-kerfið notar stafrænt reiknirit til að greina hreyfingu manna. Svo lengi sem gæludýrin og ryksugan eru minni en 50 sentimetrar og 20 kíló ættu þau ekki að setja Ajax-skynjara í gang.

## Fyrirbyggjandi aðgerðir

Kerfið er vinsælt bæði fyrir fyrirtæki, íbúðarhús og sumarhúsaði enda er öryggi í því að geta fylgst með húseignum þegar eigendur eru ekki á staðnum. Hreyfiskynjari úti getur numið óeðlilegar mannaferðir

og látið eiganda vita samstundis. Þá fær hann skilaboð og getur athugað hvað sé á seyði í gegnum eftirlitsmyndavélarnar. Hægt er að velja um hvort hávæð sirena fari í gang til að fæla viðkomandi á brott eða að eigandi hringi beint á lögreglu. Sú ákvörðun er algjörlega í höndum eigandans. Það er líka mögulegt að tengja kerfið þannig að ljós kvikni inni eða að útvarp fari í gang til að láta líta út eins og einhver sé staddur í húsinu. Á þennan hátt er ekki aðeins látið vita ef brotist hefur verið inn, heldur er oft hægt að koma í veg fyrir að innbrotið sé framið.

## Allsherjar öryggi

Kerfið snýr ekki aðeins að hættu á innbrotum heldur annars konar öryggi eins og reykskynjurum og vatnsskynjurum. Þráðlaus reykskynjari með hitanema mælir stöðugt bæði hita og reyk í rýminu og lætur vita um leið og hitastig

rýmisins rís hratt. Þráðlaus vatnsskynjari nemur fyrstu merki um leka á aðeins nokkrum millisekúndum. Hentar vel til að setja undir vaska og hjá þvottavélum. Í upphafi er keypt svokölluð grunneining sem hægt er að bæta við eins mörgum skynjurum og viðkomandi vill.

## Hentar þetta mér?

Ajax-öryggiskerfin verða sífellt vinsælli hjá almenningi sem vill tryggja eignir sínar og öryggi heimilisins en hafa um leið fullkomna stjórn á sínu eigin kerfi. Á heimasíðu Nortek er hægt að kynna sér kerfin nánar, bæði tækna, verð og fá hugmyndir um hversu margir skynjarar myndu henta þinni eign.

**Nortek Eirhöfða 18, 110 Reykjavík og Hjalteyrargata 6, 600 Akureyri**  
**Vefsíða: <https://ajax.is>**





VÖRN ÖRYGGISKERFI –

# Leiðandi í öryggismálum

**V**örn öryggiskerfi var stofnað árið 2008 af Jóni Á. Hermannssyni og hefur síðan vaxið og dafnað og er í dag í viðskiptum við 1200 fyrirtæki auk fjölda heimila. Átta manna teymi sér um sölu og uppsetningu á myndavélum um allt land.

„Vörn hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á alls kyns tækninýjungar og erum við ávallt með nýjasta og besta búnaðinn frá heimspektum framleiðendum. Við vorum með þeim fyrstu sem buðu uppá þann möguleika að skoða myndavélar í gegnum síma,“ segir Jón Ágúst. „Við erum með vörumerkið Dahua og bjóðum upp á 4k myndavélar sem eru 8 megapíxla með nýrri gerð af nætursjón sem heitir Starvis. Hún virkar þannig að myndin verður ekki svarthvít að nóttu til, hún

heldur lit og þannig er auðveldara að greina einstaklinga í miklu myrkri. Og 4k myndavélar eru það besta sem hægt er að fá í dag í almennum vélum, en þær eru samt á viðráðanlegu verði. Vélarnar henta vel bæði fyrir fyrirtæki og heimili.“

Fyrirtæki geta leitað tilboða, „við setjum upp og þjónustum stærri sem smærri fyrirtæki.“

## Snjalltæknin vinsælust í dag

Snjalltæknin er í boði hjá Vörn og langflestir eru að snjallvæðast. „Það er gríðarlega vinsælt, það vilja allir geta haft stjórn á hlutunum í gegnum símann,“ segir Jón Ágúst. „Þú getur skoðað myndavélar í gegnum símann, getur kveikt og slökkt á þjófavörninni, kaffivélinni, heita pottinum í sumarbústaðnum

svo dæmi sé tekið, það er hægt að gera allt með þessu kerfi í dag. Ef þú ert með þjófavörn og myndavélakerfi þá ertu fljótur að sjá í símanum hvað er að gerast, þú ert fljótari en öryggisfyrirtækið er að hringja í þig. Þannig getur þú sparað þér stórar upphæðir í vöktun.

Við erum leiðandi í tækninýjungum í öryggismálum og verslum við bestu fyrirtæki í heimi. Þjónustustöðin okkar er í Reykjavík, en við setjum upp öryggiskerfi um allt land.“

## Gæðaeftirlitskerfi fyrir útgerðarfyrirtæki

Fyrir útgerðarfyrirtæki býður Vörn upp á gæðaeftirlitskerfi og er það komið upp hjá mörgum fyrirtækjum og er framarlega þar, sem dæmi má nefna Þorbjörn í Grindavík, GPG

Seafood og Fiskmarkað Íslands. „Þessi fyrirtæki og fleiri nota myndavélakerfi sem gæðaeftirlitskerfi fyrir fiskvinnsluna og fleira, enda geta öryggismyndavélar hjálpað til við margt.“

## Myndavélakerfi – vörn gegn einelti og skemmdarverkum í skólum

„Vörn hefur sett upp myndavélakerfi í fjölmarga skóla á höfuðborgarsvæðinu og hefur það reynst gott vopn í baráttunni gegn einelti. Skemmdarverk á skólalóðum geta kostað mikla fjármuni og eru nánast úr sögunni þegar myndavélar eru til staðar,“ segir Jón Ágúst.

**Allar upplýsingar um Vörn öryggiskerfi má fá í síma 561-5600, netfanginu [vorn@vorn.is](mailto:vorn@vorn.is) og á heimasíðunni [www.vorn.is](http://www.vorn.is).**

**VERTU MEÐ ÖRYGGISKERFIÐ Í VASANUM**



GIRÐING.IS:

# Skapar öryggi

**F**yrtækið Öryggisgirðingar ehf. er sextán ára gamalt fjölskyldufyrirtæki og býður upp á heildarlausnir í girðingum, hliðum og aðgangskerfum. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir afar virta og leiðandi framleiðendur á þessu sviði, meðal annars Parking-Facilities á Englandi, sem framleiðir hraðhlið.

Slík hlið hafa verið sett upp á ýmsum stöðum hér á landi í seinni tíð, meðal annars við nýja fangelsið á Hólmsheiði og við nýjan inngang hjá Eimskip í Sundahöfn.

## Vandaðir framleiðendur

Að sögn Þórðar Antonssonar, framkvæmdastjóra Öryggisgirðinga, er það lykilatriði í rekstrinum að vera með vandaða framleiðendur á sínum snærum. „Við erum mjög ánægðir með vörurnar frá ítalska fyrirtækinu CAME sem Öryggisgirðingar ehf. er með umboð fyrir, en það er leiðandi framleiðandi í hliðbúnaði, bílastæðahliðum og aðgangsstýringu.“ Það verður sífellt vinsælla að fólk vilji geta

stýrt aðgangi að einkalóðum eða vegum, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Með CAME-hliðunum er slíkt afar einfalt í framkvæmd því hægt er að opna þeim og loka í gegnum síma.

## Sjálflokandi leikskólahlið

Öryggisgirðingar ehf. smíðar sjálflokandi leikskólahlið, en „það er nýjung sem eykur mjög öryggi barnanna okkar,“ segir Þórður.

## Hljóðlausar girðingar fyrir íþróttavelli

Öryggisgirðingar ehf. er líka með umboð fyrir hollenska fyrirtækið Deciwand og enska fyrirtækið Zaun sem framleiðir grindur hvort sem er eftir máli eða hönnun og er einnig með svokallaðar hljóðlausar girðingar – sem henta einstaklega vel fyrir íþróttavelli.

## Járnsmíði

Fjölbreytt járnsmíðavinna er hjá Öryggisgirðingum ehf. þar sem boðið er upp á sérsníði á flestu sem viðskiptavininum dettur í hug, t.d. hliðum, handriðum



og stigum. Auk þess fást ýmsir íhlutir til hliðasmíða svo sem læsingar, lamir, hurðarpumpur, rafmagnstjakkar o.fl. sem gera hliðasmíði léttu og skemmtilega.

**Öryggisgirðingar ehf.**  
**Suðurhrauni 2**  
**210 Garðabær**  
**Sími: 544-4222,**  
**fax: 544-4221**  
**Heimasíða: [www.girding.is](http://www.girding.is)**

PRONET:

# Háþróuð öryggistæki og eftirlitskerfi fyrir heimili og fyrirtæki

**P**ronet er sérhæft fyrirtæki á sviði fjarskiptalausna með áratuga reynslu af uppbyggingu á ljósleiðarakerfum og öðrum fjarskiptakerfum, öryggis- og myndavélakerfum, bæði á Íslandi og erlendis.

Pronet rekur öfluga framkvæmdadeild með starfsmönnum sem hafa viðamikla reynslu úr tæknigeiranum. Tækjabúnaður fyrirtækisins samanstendur af nýjustu og bestu tækjum sem völ er á. Starfsmennirnir eru þrautþjálfaðir í að leysa öll verkefni, stór sem smá, hvort sem um er að ræða byggingu nýs kerfis, eða mælingu, úttekt eða viðhald eldri kerfa.

Pronet rekur öfluga heildsölu/ smásölu og flytur m.a. inn efni fyrir lagna- og netkerfi, verkfæri, raftæki o.fl. Styrkur fyrirtækisins felst í að bjóða vörur á mjög hagstæðu verði, en kannski ekki síður að vörurnar eru valdar af fagmönnum með mikla reynslu.

Helstu birgjar Pronet í öryggiskerfum eru Tiandy (myndavélar og myndþjónar), Protec (brunaviðvörðunarkerfi), Digifort (myndavélahugbúnaður) og SecoLink (öryggiskerfi).

## Tiandy – öryggismyndavélar og vídeóþjónar

Frá Tiandy býður Pronet upp á myndavélar frá 2Mp upp í 12. Til eru vélar með föstum linsum, stillanlegum (varifocal) og stýranlegum (motorised). Ávallt eru til a.m.k. tíu gerðir á lager hverju sinni. Einnig eru í boði PTZ-vélar með frá 20 og upp í 44 x optical aðdrátt sem staðalbúnað.

Enn fremur eru í boði vídeóþjónar

frá Tiandy (NVR upptökutæki) frá 4 og upp í 80 rása með 1 og upp í 8 harða diska. Þessi tæki eru bæði til með PoE og án. Einnig eru til PoE-beinar til að bæta við kerfum.

Kerfin eru einföld í uppsetningu og stillingum. Reyndar eru flest kerfi afhent stillt og tilbúin í uppsetningu ef viðskiptavinir velja að setja upp sjálfir. Pronet setur einnig upp tengingu við síma og spjaldtölvur fyrir viðskiptavinum, þeim að kostnaðarlausu.

## Protec – brunaviðvörðunartæki

Protec Algo-Tec(tm) 6100 er hringtengt, stafrænt og tölvustýrt eldskynjunar- og viðvörðunarkerfi sem hentar fyrir litlar og meðalstórar byggingar, s.s. verslanir, hótél og skrifstofur. Stjórnborð kerfisins er hannað og smíðað af Protec og uppfyllir EN 54-2 og 4 eldvarnarstaðla ESB. Stjórnborðið er hægt að festa á vegg, en einnig hægt að fella það inn, sé þess þörf.

Algo-Tec 6100 stjórnborðið er hringtengt með getu til að tengjast og stýra 192 tengipunktum, auk þess að geta tengst og stjórnað öllum stjórnborðum, nemum, viðvörðunarbjöllum, viðvörðunarljósum og handvirkum neyðarboðum.

Algo-Tec 6000PLUS línuna er einnig hægt að tengja inn í Algo-Tec 6300 upplýsingaskjá sem sýna viðburði með sjálfvirkum flettingum á texta.

Með þeim möguleikum sem þetta kerfi býður upp á er hægt að byggja upp öflugt og öruggt stafrænt eldvarnarkerfi, með mun einfaldari lagnavinnu en áður, með þeim sparnaði sem því fylgir.

Fjöldi aukahluta er fánlegur með stöðinni. Optískir reyskynjarar, skynjarar með viðvörðunarbjöllu,

hitanemar, sambyggðir rey- og hitanemar, handboðar, geislanemar, loftstokkanemar, sírenur og margt annað.

ProPoint PLUS Aspirating er reyskynkerfi, sérstaklega hannað fyrir loftstokka, lyftugöng og t.d. fangelsi eða aðra staði þar sem rafbúnaður hentar ekki. Í staðinn fyrir hefðbundna reyskynjara er kerfið byggt upp þannig að það sygur loft í gegnum litla pípu og sendir sýni í greiningarbúnað sem skilgreinir agnir og lætur vita ef grunur er um eld. Kerfið er meðal annars notað þar sem hátt er til lofts og viðhald og eftirlit getur verið kostnaðarsamt.

## Digifort – myndaeftirlitskerfi

Digifort myndaeftirlitskerfi kemur í ferns konar útfærslu, en það fer eftir fjölda myndavéla og möguleika sem kerfin bjóða upp á. Fjöldi myndavéla í Digifort Explorer er 4-16, í Standard 4-32, í Professional 8-64 og Enterprise 8-ótakmarkað.

Einnig er hægt að bjóða upp á númeraplötugreiningu, ítarlega videógreiningu, andlitsgreiningu og viðvörðun og sjálfvirkni (Alarm and Automation). Möguleiki er á því að tengja allar þessar einingar við hvaða kerfi sem er. Digifort hugbúnaðurinn gengur með myndavélum frá flestum framleiðendum heims.

## T.E.L.L. – öryggiseiningar

T.E.L.L. eru öryggiseiningar sem hægt er að tengja við hvaða tæki sem er og senda þaðan boð í vöktunarmiðstöð. Einingarnar eru til í IP og 3G/4G og allt frá 1 rás upp í 6 rásir. Enn fremur er Pronet að prufukeyra sitt eigið vöktunarkerfi sem kynnt verður á næstunni.

## SecoLink – þráðlaus og víruð öryggiskerfi fyrir heimili og fyrirtæki

Frá SecoLink koma öryggiskerfi sem henta fyrir heimili og fyrirtæki. Kerfin geta tengst IP og GSM-neti. Hægt er að fá auka lykllaborð, fjarstýringar, hurðanema, vatnsnema, sírenur og fleira. Kerfin eru svæðaskiptanleg og koma með 64 rása stjórnstöð. Kerfunum er stjórnað með appi í síma, með fjarstýringu eða með talnaborði.

Allir hreyfiskynjarar eru með innbyggðum hitanema og er hægt að fylgjast með stöðu á rými við hvern skynjara. Hægt er að láta kerfi senda boð með stöðu reglulega eða fá stöðu með fyrirspurn í gegnum app.

Pronet stillir kerfi og afhendir viðskiptavininum sínum tilbúið til uppsetningar. Eina sem þarf að koma með er SIM kort og þeir setja upp kerfið fyrir viðskiptavinum sína. Pronet kemur einnig á staðinn og metur aðstæður að kostnaðarlausu.

## Vision UPS systems varaafgjafar

Vision varaafgjafar henta vel í öll net- og öryggiskerfi. Pronet eru með allt frá litlum varaafgjöfum 1-3KVA fyrir afgreiðslakerfi í allt að 650KVA fyrir stærri kerfi.

Varaafgjafar eru til bæði fyrir 19" rekka og sjálfstandandi.

## Nánari upplýsingar um þessar vörur og margar fleiri er að finna á vefsíðunni [www.pronet.is](http://www.pronet.is)

**Pronet er einnig með vörur frá General Cable (netkaplar), TecnoSteel (tölvuskápar), Cubis (lagnabrunnar), LinkBasic (net lagna og tengiefni) Lantech, AOA og Moxa (beinar og merkjabreytur).**

**Pronet er til húsa að Ögurharvi 2, Kópavogi. Símanúmer er 540-3520.**

## ÖRYGGISKERFI

### Seko link

Við vöktum heimilið þitt þegar þú ert ekki heima







BENDIR:

# Vörurnar sem tryggja heilsu og öryggi veiðihundsins

Þegar farið er á rjúpu eða í aðra skotveiði þá er ekki síður mikilvægt að veiðihundurinn sé vel útbúinn en að veiðimaðurinn sé það. Góðir veiðihundar leggja mikið á sig í veiðiferðum og það þarf að vernda öryggi þeirra og heilsu. Bendir er eina sérverslun landsins sem selur eingöngu vörur fyrir hunda og sérhæfir sig sérstaklega í vörum fyrir veiðihunda og vinnuhunda. Eigendur eru hjónin Einar Páll Garðarsson og Sigríður Oddný Hrólfsdóttir. Þau hafa áratuga reynslu af þjálfun og umgengni við vinnuhunda og veiðihunda, og miðla af mikilli þekkingu til viðskiptavina verslunarinnar. Einar Páll, sem ávallt er kallaður Palli, fer hér yfir nokkur helstu öryggistækni fyrir veiðihunda. Nánari upplýsingar um allt vöruúrvalið eru síðan á vefsíðunni bendir.is.

## Hlífðar- og sýnileikavesti

„Eitt mikilvægasta öryggistæknið fyrir hundinn er hlífðar- og sýnileikavesti. Þetta snýst ekki bara um að hundurinn sjáist í myrkri því maður veit aldrei hver er á ferðinni á fjalli, oft geta það verið vopnaðar veiðiskyttur, og viðkomandi getur hæglega ruglað saman hundi og töfu úr fjarlægð, sé hundurinn ekki merktur með þessum hætti. Hundurinn þarf að vera vel merktur svo ekki fari á milli

mála að veiðihundur sé á ferðinni,“ segir Palli. Margs konar hlífðarvesti gegna þessu hlutverki en eitt þeirra er Flecta-varmavestið sem auk þess að gera hundinn sýnilegan heldur á honum hita.

## Hlífðarsokkar

„Þegar veiðimenn eru að þjálfa hundana sína á það sér oftast stað á heiði eða rétt fyrir utan bæinn, þar sem jarðvegurinn er oft gras eða mosi, einstaka sinnum grjót. Á þessu hefur hundurinn verið að hlaupa í nokkra mánuði en svolsins þegar kemur að sjálfri veiðiferðinni þá er hún mikið

yfir grjót, urð, skriður og hraun – þá mæðir á þófum hundsins. Menn tapa hundinum sínum á fyrsta degi í rjúpu þannig að hann er kannski ekki nothæfur í tvær þrjár helgar af því að hann er sárfættur. Þetta er eins og farið sé með ostaskera undir þófa hundsins og flett af,“ segir Palli og nefnir til sögunnar tvenns konar hlífðarsokka, frá Cordura og Mendota:

„Hinir fyrrnefndu henta á grjót og urð en þeir síðarnefndu á snjó og snjóskel sem myndast þegar snjór hefur legið lengi á fjöllum, þá myndast hörð skel ofan á sem hundurinn rennur niður í gegnum – og naglaböndin á hundinum verða eitt blóðstykki. Þó að hundurinn sé með drif á öllum fjórum eins og góður jeppi þá eru

framfæturnir hans bæði stýri og bremsur og það mæðir gríðarlega á þeim.“ Palli bendir

jafnframt á að góður veiðihundur fari yfir miklu lengri vegalengd en veiðimaðurinn: „Í góðu göngufæri hefur meðal rjúpnaskytta gengið um 20 kílómetra á meðan standandi fuglahundur eða rjúpnahundur getur farið yfir allt frá 70 upp í 120 kílómetra á sama tíma, þar sem hann leitar, bendir á bráð, hleypur, sækir o.s.frv.“

## Ljós og flautur

Einn grundvallarþáttur í öryggi hundsins eru góð ljós, vatnsheld og með langa rafhlöðuendingu. Fox 40 ljósin uppfylla þessi skilyrði. Þau geta lýst allt að 8 kílómetra í myrkri og það er 100 þúsunda klukkustunda ending á perunni. Með stöðugu blikki logar ljósið í 10 sólarhringa stanslaust.

Palli bendir enn fremur á mikilvægi þess að vera með góða flautu. Í miklum vindi heyrir hundurinn ekki þó að eigandinn gargi á hann en flauturnar eru 110 upp í 122 desibel – og tryggt er að hundurinn heyrir í þeim.

Þá má nefna burðarpoka sem hægt er að setja á hundinn og láta hann deila byrðinni með veiðimanninum ef vel hefur veiðst og mikið þarf að bera til byggða.

**Bendir er til húsa að Hlíðasmára 13, Kópavogi. Verslunin er opin virka daga frá 10 til 18 og laugardaga frá 11 til 15. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni bendir.is og þar er líka vefverslun sem sendir hvert á land sem er.**





# Aktu af öryggi og með góða umhverfissamvisku í allan vetur á Green Diamond

**H**arðkornadekk er ekki það sama og harðkornadekk þegar kemur að því að skipta út hjólbörðum. „Það eru aðilar að auglýsa harðkornadekk til sölu sem komast hvergi nálægt því að standast samanburð við Green Diamond harðkornadekkinn. Ég er ekkert hræddur við að fullyrða að dekkinn frá okkur eru bestu demantsdekkinn á markaðnum, ef ekki bara bestu dekkinn yfirleitt,“ segir Kristinn Sigurðsson. „Mestu skiptir að iðnaðardemanturinn nær inn úr öllu slitlagi dekkisins. Þetta er mjög mikilvægt þar sem það eru tvisvar til þrisvar sinnum meiri líkur á því að ökuður á slitnum hjólbörðum valdi umferðaróhappi en ökuður á nýlegum dekkjum.“

Iðnaðardemanturinn í Green Diamond harðkornadekkinu sést vel, en hann er í öllu slitlagi dekkisins, sem eykur öryggi bifreiðarinnar mjög mikið.

**Íslenskt hugvit slær í gegn**  
Green Diamond hafa verið framleidd í Evrópu í meira en í 15 ár samkvæmt einkaleyfi íslenskra frumkvöðla sem fengið var upp úr síðustu aldamótum. „Markmiðið var að leysa nagladekkinn af hólmi á suðvesturhorni Íslands. Eins og menn vita spæna nagladekkinn upp malbikið sem eykur mikið á svifryksmengun sem veldur einu af erfiðustu heilsufarsvandamálum í Evrópu. Þess má geta að allt að 25% af svifryksmyndun á höfuðborgarsvæðinu er talin vera af völdum nagladekkjanotkunar. Svo má bæta við að rannsóknir dr. Haraldar Sigþórssonar umferðaverkfræðings hafa sýnt fram á hversu ofmetið öryggi nagladekkja er í umferðinni samanborið við aðrar gerðir vetrardekkja.“ Haraldur dregur niðurstöður sínar fram með eftirfarandi hætti:

- Ávinningur umferðaröryggis af völdum nagladekkja er mjög lítill.
- Nagladekk veita falska

öryggiskennnd. (Ökumenn á negldum hjólbörðum aka að jafnaði allt að 10–15% hraðar því þeir „trúa“ því að þeir búi við meira öryggi.)

- Slitnir negldir hjólbarðar eru lélegir rétt eins og allir eyddir hjólbarðar (Innsk. Á þó miklu síður við harðkornadekkinn frá Green Diamond þar sem demanturinn er í öllu slitlagi dekkisins).
- Hugurfar ökumanna hefur meira að segja en naglar í hjólbörðum.
- Ónegldir hjólbarðar eru alltaf að batna og verða fýsilegur kostur.
- Svifryk frá negldum hjólbörðum er mjög heilsuspillandi.
- Notkun negldra hjólbarða veldur hávaðamengun.
- Hemlunarvegalengd á auðu malbiki eykst aðeins ef ekið er á negldum hjólbörðum.

Harðkornadekk frá Green Diamond virka fullkomlega allan ársins hring í nánast öllum aðstæðum. Á veturna veita 2 mm iðnaðardemantarnir gott grip í isingu, og í rigningu nær demanturinn í gegnum vatnsfilmuna, gripur í malbikið og eykur því rásfestu bifreiðarinnar til muna. Dekkin fást í 14–18 tommu stærðum sem henta bílum frá fólksbílum til minni langferðabíla.

## Jaðrar við vörusvik

„Þegar kom að því að sækja um einkaleyfið láðist mönnum að skrá nafnið „harðkornadekk“ og skilgreina hvað mætti teljast sem slíkt. Í Green Diamond fólksbíladekki eru 300–400 grömm af 2 mm iðnaðardemöntum í hverju dekki fyrir sig, sem dreifast í allt slitlag dekkisins. Þegar dekkinn slitna þá varir virknin allan líftíma dekkjanna. Hjá samkeppnisaðilum er algengt að kornin sé einungis að finna í ysta slitlagi dekkjanna og þegar þau slitna, þá eru þau einfaldlega ekki harðkornadekk lengur. Það er ekkert eftir af demantinum í þeim. Green Diamond dekkinn innihalda jafnvel yfir tíu

sinum meira af iðnaðardemöntum en dekk frá samkeppnisaðilum sem auglýsa harðkornadekk. Þegar litið er á þessar tölur sést að hér er alls ekki um samanburðarhæfa vöru að ræða og jaðrar það, að tala um harðkornadekk í flestum tilfellum, við fátt annað en vörusvik,“ segir Kristinn og bætir við að Green Diamond harðkornadekkinn séu einu dekkinn sem standa undir þeim fullyrðingum sem haft er um harðkornadekk.

- Fjöldi prófana hefur verið gerður af óháðum aðilum á eiginleikum Green Diamond harðkornadekkjanna.
- Í slitprófun á demantsdekkjum kom fram, að jafnaði slíta harðkornadekk malbikinu fjórtán sinnum minna en negld dekk.
- Í prófun á móti negldum dekkjum á blautum ís við 0°C kom fram að demantsdekk tóku negldum dekkjum fram þegar dekkinn rúlla á yfirborðinu líkt og við ABS-hemlun eða í keyrslu.
- Hljóðmengunarpróf sýndi fram á að við 60 km hraða framkölluðu demantsdekkinn sama hávaða og venjuleg dekk á meðan nagladekk gáfu frá sér 2–3 sinnum meiri hávaða.
- Prófun á blautum ís við frostmark (þegar glæran lædist að okkur) sýndi fram á að í beygjuprófi voru Green Diamond harðkornadekk 32% betri en næstbesta dekkið og í bremsuprófi voru þau 36% betri en næstbesta dekkið.

## Einu umhverfissvænu dekkinn á Íslandi

Það er leitun að vöru sem stuðlar að jafnmikilli sjálfbærni og umhverfisvernd og Green Diamond harðkornadekkinn. „Þetta getum við fullyrt þar sem við framleiðslu þeirra er notast við eldri belgi sem upphaflega voru framleiddir fyrir fleiri en eitt slitlag. Framleiðslutækninni við endursólingu hefur fleygt mikið fram og notumst við við

sambærilega tækni og þekkist við endursólingu hjá Formúlu 1 og í flugvélabransanum, s.k. „strip winding“ aðferð. Þetta þýðir að nýja dekkið er nálægt 70% eldri belgur sem er endurnýttur og við það sparast á bilinu 50–100 lítrar af jarðefnaeldsneyti við framleiðslu á einum dekkjagangi. Okkur, sem hjólbarðaframleiðendum, ber siðferðisleg skylda til þess að endursóla dekk og stuðla þannig að aukinni sjálfbærni og umhverfisvernd. Með því einu að leysa nagladekk af hólmi, kemur notkun harðkornadekkja í veg fyrir þá miklu svifryksmengun sem annars hefði orðið. Green Diamond harðkornadekkinn hafa mjög góða endingu, en dæmi eru um þau endist allt að 75.000 km. Með betri endingu og löngum líftíma er enn fremur hægt að minnka framleiðslu og flutning á dekkjum.“

## Þessir aðilar standa við stóru orðin í umhverfisvernd!

„Það er komin góð reynsla á notkun á Green Diamond dekkjum frá traustum og ábyrgum aðilum en við erum m.a. í traustu sambandi við Hafnarfjarðarbæ, Ísavia, Ístak, Öryggismiðstöðina og fjölda aðra stóra aðila. Ístak kaupir af okkur nálægt 150 dekk á hverju einasta ári. Þessi viðskipti eru eðlilega komin til vegna almennrar ánægju með dekkinn, en einnig sannarlega vegna stefnu fyrirtækjanna og stofnananna um að stuðla að aukinni sjálfbærni og umhverfisvernd. Í ljósi stöðugt aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og aukinna loftgæða þá trúum við því að mörg fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hjóti að skoða til hlítar þann möguleika að setja bifreiðar sínar á umhverfissvænu Green Diamond harðkornadekk.“

**Hægt er að panta Green Diamond harðkornadekk með því að senda tölvupóst á [panta@hardkornadekk.is](mailto:panta@hardkornadekk.is) eða í síma 694-7720.**

**Hægt er að sækja pöntuð dekk í Dekkjapjónustuna að Auðbrekku 2 í Kópavogi eða fá fría heimsendingu innan höfuðborgarsvæðisins.**

# Veldu umhverfisvæn og öruggari

# dekk



**Green Diamond  
harðkornadekk**

eru einu umhverfisvænu  
dekin á markaðnum!



**Öruggasti valkosturinn  
í stað nagladekkja\***

[ Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum notar  
Green Diamond undir forgangsbifreið sína ]

Við höfum nú notað Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreið okkar í sjö ár. Dekin standast allar okkar kröfur s.s. um öryggi, mýkt og endingu. Þau eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo hagstæðu verði. Auk þess eru þau umhverfisvæn.

Borgþór Vignisson, formaður  
Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.

## UMHVERFISMÁLIN OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Aukin sjálfbærni og betri loftgæði eru stærstu mál samtímans og varða okkur öll! Þar þurfum við öll að leggja okkar af mörkum. Þegar þú velur Green Diamond harðkornadekk stuðlar þú að bættum loftgæðum, endurvinnslu og sjálfbærni – Íslenskt hugvit og þróun.



Í Green Diamond  
heilsársdekkjum eru  
iðnaðardemantar sem:

\*[www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk](http://www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk)


- stórauka veggríp í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekkisins

[ Ath. Iðnaðardemanta  
er ekki að finna í  
neinum öðrum „korna“  
dekkjum á Íslandi. ]

**PANTIÐ Á:**  
[panta@hardkornadekk.is](mailto:panta@hardkornadekk.is)  
611 7799  
[www.hardkornadekk.is](http://www.hardkornadekk.is)



# VÖRUVERNÐ



VÖRUVERNÐ:

## Er með lausnina fyrir þig og þitt fyrirtæki

Fyrirtækið Vöruvernd er byggt á góðum og sterkum grunni. Með yfir 25 ára reynslu er fyrirtækið leiðandi á sviði vöruverndarhlíða og tengds búnaðar og hefur mestu reynsluna á Íslandi á því sviði. Vöruverndarhlíð eru enn í dag besta og sterkasta vörnin þegar kemur að því að minnka rýrnun af völdum þjófnaðs í verslunum. Vöruvernd býður einnig uppá ýmsar aðrar lausnir sem veita aukna vernd á vörum í verslunum eins og þjófavarnamiða, leitarskanna, þjófavarnarmerki og margt fleira.

Vöruvernd kappkostar að bjóða upp á árangursríkar leiðir til þess að vernda vörur fyrir þjófnaði. Því

erum við ávallt vakandi þegar nýjar vörur koma á markað til þess að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á nýjustu og bestu lausnirnar í vöruvernd.

### Ýmsar gerðir lausna sem henta þér og þínu fyrirtæki

Vöruvernd er umboðsaðili fyrir CENTURY sem er stærsti framleiðandi og söluaðili á EAS öryggisvörum í heiminum. Vöruvernd er einnig söluaðili fyrir MW Security og Cofem brunavörum.

Þegar kemur að því að kaupa dýrar vörur er mikilvægt að viðskiptavinurinn fái tækifæri til þess að handleika vöruna og skoða hana. Vöruvernd býður þá upp á UNO display frá CENT. Með þeim

búnaði getur þú varið öll raftæki gegn þjófnaði og hlaðið raftækin í leiðinni svo viðskiptavinir geti skoðað og kynnt sér vörurnar vandræðalaust. „CENT línan er frábær lausn fyrir þá sem selja raftæki eins og síma, tölvur, spjaldtölvur og fleira,“ segir Bjarni hjá Vöruvernd.

Mörg fyrirtæki eru í auknum mæli farin að setja vörur sínar í svokölluð safer öryggisbox, en með þeirri leið er hægt að verja vörurnar mun betur gegn þjófnaði. Boxið er mjög hentugt fyrir vörur eins og tölvuleiki og DVD diska.

### Spider sem vælir

Einnig er hægt að fá spidera sem eru settar á vörurnar eins

og sést oft í verslunum sem selja síma. Ef klippt er á virinn á spidernum fer 100 db hávaði í gang. Sömuleiðis ef spider fer í gegnum vöruverndarhlíðið fer hlíðið í gang og spiderinn vælir stanslaust. Þessi vörn hentar sérlega vel fyrir margar dýrari vörur.

Hægt er að panta ráðgjöf og fá tilboð í vöruverndarhlíð og annan búnað fyrir þína verslun. Söluráðgjafi frá Vöruvernd kemur á staðinn og skoðar hvaða vöruverndarlausnir henta þinni verslun.

### Vöruvernd er að Rjúpnasölum 1,

### Kópavogi

Hægt er að hafa samband í síma 519-8080 eða [www.ismenn.is](http://www.ismenn.is) eða [ismenn@ismenn.is](mailto:ismenn@ismenn.is)

# TAKK ÞIÐ!

Yfir 130 þúsund notendur á dag  
á [www.dv.is](http://www.dv.is)



Fjöldi Íslendinga sem aftar sér upplýsinga, les áhugaverðar greinar og athyglisverðar fréttir í DV, á [dv.is](http://dv.is) og undirmiðlum, hefur aukist jafnt og þétt að undanförunu. Nú fara rúmlega 130 þúsund notendur inn á [dv.is](http://dv.is) á degi hverjum samkvæmt vefmælingum Gallup og fer vefurinn sífellt stækkandi.

Um leið og við viljum þakka lesendum stuðninginn þá viljum við jafnframt fullvissa þá að við erum hvergi nærri hætt. Við höldum áfram að stækka, auka framboð okkar af fréttum og afþreyingu og þjónusta Íslendinga á ýmsa vegu, bæði á netmiðlum okkar sem og vikulegu blaði sem á afar dyggan lesendahóp.

**Þú last það fyrst hér!**



KRÓKUR:

# Sérhæfing í flutningi og björgun ökutækja

**K**rókur er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningi og björgun ökutækja. Gísli Jónsson framkvæmdastjóri segir frá því að félagið reki einnig þjónustumiðstöð þar sem veitt er alhliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða fyrir þá sem þess óska.

„Starfsfólk Króks hefur mikla reynslu og félagið hefur yfir að ráða öflugum bíla- og tækjabúnaði til að sinna þörfum viðskiptavina.“

Helstu þjónustupættir Króks eru:

- Flutningur, björgun og vistun tjónaökutækja.
- Uppboðsmeðferð bifreiða.
- Tjónaskoðun bifreiða.
- Ástandsskoðun og verðmat bifreiða.
- Úttekt á viðgerðum ökutækja eftir stórtjón.
- Björgun, flutningur, vistun, varðveisla og sala lausafjármuna.
- Vegaaðstoð á staðnum, rafmagn, dekk og fleira.
- Þjónusta Króks er aðgengileg allan sólarhringinn alla daga ársins í gegnum síma 522-4600.



Afgreiðslutími bifreiðageymslu og bílauppboðs er frá kl. 8.30–17.00 alla virka daga.

**Bílauppboð á vegum Króks**

Að sögn Gísla Jónssonar eru bílauppboð örugg, hagkvæm og fljótleg leið til að selja bifreiðar. „Í flestum tilvikum seljast bifreiðar á 3–5 dögum gegn staðgreiðslu. Krókur bílauppboð er viðurkenndur söluaðili sem sér m.a. um sölu á bifreiðum fyrir tryggingafélög og fjármálastofnanir.“



**Kostir bílauppboð.is eru:**

„Við seljum bæði bíla sem eru í góðu ásigkomulagi, en einnig bifreiðar sem þarfnast lagfæringa eða viðgerða. (Ástand bifreiða er tekið fram í sölulýsingu miðað við fyrirliggjandi upplýsingar). Seljendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að taka aðrar bifreiðar upp í.“


Uppboðsvöktun er boði fyrir alla þá sem eru skráðir notendur hjá okkur og bjóða í ökutækni og

aðra hluti á [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is). Uppboðsvöktunin virkar þannig að þitt tilboð verður alltaf sjálfkrafa 5.000 krónum hærra en síðasta tilboð frá öðrum – upp að þeirri fjárhæð sem þú hefur skilgreint sem þitt hámarksverð,” segir Gísli.

**Krókur ehf., Vesturhrauni 5, 210 Garðabæ. Sími: 522-4610 Fax: 522-4649.**

# Skýndilegt hjartastopp

## getur hent hvern sem er, hvenær sem er og hvar sem er!



Þegar það gerist geta hjartastuðtækin frá Donnu skilið á milli feigs og ófeigs. Tækin frá okkur er að finna um allt land og hefur fjölda manns verið startað í gang með þeim á ögurstund. Donna ehf hefur verið leiðandi í sölu á þessum tækjum hérlendis frá upphafi. Frá Donnu komu fyrstu tækin sem töluðu íslensku, ávallt með hagstætt verð og enn bjóðum við nýjungar.



### Samaritan PAD 350P – tæki sem hefur margsannað sig.

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fæðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara. Fljótvirkur og auðveldur - tákni og íslenskt tal leiðbeina um hvert skref. Handhægur - léttasti og minnsti hjartastartarinn. Sterkbyggður - með hæstu einkunn fyrir ryk- og vatnsvörn. 8 ára ábyrgð framleiðanda. Mest selda tækið okkar er samaritan® PAD 350P.



### Nýtt HeartSine samaritan® PAD 500P með lífgunarráðgjafa.

Það er auðvelt að gefa rafstuð. Hjartahnoð og blástur er erfiðara. Nýja samaritan® PAD 500P tækið aðstoðar við hjartahnoð með því að segja til um, og sýna með táknum, hvort hnoðað er of hratt eða hægt, of laust eða of fast, eða að hnoðað sé rétt. Viðnámshjartarit (ICG) er notað til að mæla breytingar í hjartaviðnámi sjúklings og ákvarða blóðflæðibreytur hjartans. Í HeartSine samaritan® PAD 500P með lífgunarráðgjafa (CPR Advisor™), eru þessar mælingar notaðar til að gefa til kynna blóðflæði frá hjartanu, sem er svo notað til að meta árangur hjartahnoðs við endurlífun (CPR). Þetta er gert með venjulegum rafskautum og þarf því ekki annan eða flókinn búnað.

## HVAR ER NÆSTA STUÐTÆKI?

Við kynnum til sögunnar nýtt ókeypis app fyrir símann þinn sem getur nýst ef vá ber að höndum. Við höfum skráð inn þau tæki sem Donna ehf hefur selt. Eigendur annarra tækja geta skráð þau inn. Fyrstu hjálpendur geta skráð sig inn í kerfið þannig að sjá má hvar næstu aðstoð getur verið að fá.



<https://citizenssavelives.com/is>



### Corpuls3 - Nýtt byltingakennt hágæða hjartastuðtæki.

Fyrir sjúkrahús, heilsugæslur og sjúkraflutninga kynnum við frá Corpuls í Þýskalandi algjörlega nýtt og byltingarkennt Corpuls3 stuðtæki/skjá. Tækið er í þrem hlutum sem tengjast þröðlaust saman. Stór og vandaður 8,4" litaskjár sem auðvelt er að stjórna með 6 línurit ásamt öllum mældum upplýsingum samtímis. Ef ekki er þörf fyrir stuðtækið má aftengja það og nota skjáinn ásamt tengihlutunum. [www.corpuls.com](http://www.corpuls.com)



### Corpuls1 er létt og fullkomið hjartastuðtæki. Bæði sjálfvirkt og handvirkt.



**Rétt hjartahnoð.** Setjið Beaty á miðjan brjóstakassa og þrýstið kröftuglega niður. Hljóðmerki heyrir þegar þrýst hefur verið 5 sm niður.



**Corpuls CPR er nýtt og fullkomið hjartahnoðstæki. Hnoðar bæði börn og fullorðna.** Corpuls cpr er nýtt, fullkomið og einstakt hjartahnoðstæki. Einstakt, vegna þess að það hentar best til notkunar á hjartadeildum og í neyðartilfellum. Einstakt, vegna þess að það veitir óheftan aðgang að brjóstholi meðan hnoð er í gangi, þökk sé frábærri hönnun með einni festingu. Einstakt, vegna þess að corpuls cpr er eina tækið á markaðnum sem einnig er viðurkennt fyrir börn frá 8 ára aldri.

**Brayden æfingadúkkur** sýna með ljósi ef hnoðaktur og dýpt er rétt. Unglinga- og barnadúkkur einnig fánlegar.



Vefverslun og nánari upplýsingar um vöru og verð: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: donna ehf

**Donna**

Móhelli 2, Sími 555 3100  
221 Hafnarfirði [www.donna.is](http://www.donna.is)



Uniconta er nýtt og öflugt bókhaldskerfi í skýinu

úr smíðju Erik Damgaard sem færði okkur Dynamics AX

Prófaðu  
frítt í 30 daga

UNICONTA –

# bókhaldskerfið sem allir eru að tala um

Uniconta er nýjasta og öflugasta bókhaldskerfið úr smíðju Eriks Damgaard. Erik er ókrýndur konungur bókhaldskerfanna, byrjaði ungur að árum að þróa bókhaldskerfi sem þúsundir fyrirtækja um allan heim hafa notað, t.a.m. Concorde XAL og Axapta. Microsoft keypti fyrirtæki hans fyrir um 200 milljarða króna árið 2001 og hafa lausnir hans verið flaggskipið í lausnaframboði hugbúnaðarrisans síðan þá.

Uniconta kom á markað í Danmörku og á Íslandi árið 2016 og hefur fengið frábærar viðtökur. Önnur kerfi komast ekki með tæmar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem að öll gögn eru vistuð í ISO vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum forrit eða app á tölvu eða snjalltæki.

## Hraði og virkni

„Okkar reynsla er sú að Uniconta sem skýjalausn er að skila gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum niðri í kjallara hjá fyrirtækjum, gögnunum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau er sótt eða send upp í skýið.“ segir framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi, Ingvaldur Thor Einarsson.

Fjárhagskerfið er hjartað í Uniconta og tengist að fullu við allar kerfiseiningar eins og viðskiptavina- og lánardrottnakerfi, birgða-, framleiðslu-, verkþókhalds-, kröfu- og CRM-kerfi. Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API) þannig að einfalt er að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og launakerfa, vefverslana, bókunarkerfa o.s.frv. hins vegar.

Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka teninga í Excel eða PowerBI sem keyra á raungögnum úr Uniconta. Í dag eru á annað hundrað lausnir sem bjóða upp á tilbúna tengingar við Uniconta.

Uniconta má nota á öllum tækjum: Windows- og Mac-tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

## Frábærar viðtökur

Uniconta er viðskiptalausn á heimsmælikvarða og styður nú þegar 30 tungumál. Kerfið er komið inn á nokkra markaði í Evrópu, Asíu og Mið-Austurlöndum. Fjöldi notenda hér á landi er kominn yfir eitt þúsund og vel á þriðja hundrað íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál og rekstur, birgðir, framleiðslu og verk.

Í dag eru flest íslensk fyrirtæki að nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni. „Hér eru þessi gömlu íslensku bókhaldskerfi eins og DK enn víða í notkun. Þessi kerfi voru smíðuð á síðustu öld og voru mjög fin á sínum tíma. Þarna var tækniumhverfið allt annað, nettengingar voru hægar og dýrar. Þessi kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður flöskuháls víða. Notendur þurfa oft að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásættanlegt fyrir einhverjum tíu árum en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi.“ segir Ingvaldur. „Á hinum enda markaðarins eru stóru kerfin eins og Dynamics NAV sem eru einnig komin til ára sinna. Þessi kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur eru dýrar og flóknar. Uniconta er skýjalausn sem uppfærir sjálfkrafa þannig að fyrirtæki sem er í Uniconta þarf aldrei að ráðast í kostnaðarsama

uppfærslu.“

Uniconta er því skynsamlegasta lausnir fyrir íslensk fyrirtæki.

## Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari

Uniconta er seld sem hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lágasta mánaðargjald er kr. 2.499 án VSK en sú áskrift hentar einyrkjum í einföldum rekstri. „Menn bæta svo við notendum, kerfiseiningum, færslum og viðbótarlausnum eftir þörfum. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta eru að jafnaði að ná fram 50% sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis,“ segir Ingvaldur. „Þá er mun einfaldara að innleiða Uniconta en önnur kerfi og hægt að færa öll gögn úr gamla kerfinu yfir í Uniconta. Við aðstoðuðum t.d. lítið fyrirtæki um daginn við innleiðingu Uniconta og það tók klukkustund að koma öllum gögnum og færslum síðustu 10 ára úr gamla kerfinu yfir í Uniconta. Hjá stærri fyrirtækjum hleypur innleiðing á einhverjum dögum en ekki mánuðum eins og hjá mörgum af okkar keppinautum.“

## Aldrei minni vinna við bókhaldið

„Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna, heldur viljum við einnig hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna,“ segir Ingvaldur. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði. Í byrjun árs mun Uniconta kynna nýja lausn sem les upplýsingar af fylgiskjölum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Þetta mun spara alla innsláttarvinnu og nær útrýma mistökum.

Þetta er í takt við þriðju iðnbyltinguna þar sem að tæknin leysir af hólmi einföld, tímaflek verkefni sem eru endurtekin í gríð og erg. „Margir hafa spáð því að starf bókara muni leggjast af en okkar sýn er sú að þessi störf muni ekki leggjast niður – heldur breytast. Bókarar munu hafa tíma til að sinna greiningum og veita stjórnendum fyrirtækja endurgjöf um reksturinn. Þetta skapar mun meiri verðmæti fyrir alla en núverandi fyrirkomulag þar sem heilu stöðugildin eru að slá inn gögn af pappír og raða fylgiskjölum í möppur.“

Uniconta er í stöðugri þróun og við leggjum okkur fram um að hlusta á óskir viðskiptavina okkar. Bestu hugmyndirnar koma frá fólkinu sem notar kerfið daglega til að leysa ýmis vandamál í rekstrinum og kallar eftir nýjum og snjöllum leiðum til að gera hlutina.“

## Um Uniconta


Uniconta A/S er starfrækt í Danmörku og hefur um 30 starfsmenn á sínum snærum. Fyrirtækið er að mestu í eigu Eriks Damgaard en danskir lífeyrissjóðir lögðu til milljarða fjárfestingu á síðasta ári. Uniconta Ísland ehf. hefur dreifingarrétt á Uniconta hér á landi. Uniconta bókhaldskerfið er selt í gegnum fjölda sjálfstæðra sölu- og þjónustuaðila. „Við teljum að þetta sé besta leiðin inn á markaðinn. Viðskiptavinurinn getur valið þann þjónustuaðila sem hann treystir best en við höfum lagt mikla vinnu í að velja og þjálfa öflugan þjónustuaðila sem viðskiptavinir treysta.“

**Sjá nánar á [uniconta.is](http://uniconta.is).**



**SCANGRIP®**

Bætt lýsing - Aukið öryggi



**FOSSBERG**

www.fossberg.is · Dugguvogur 6 · Sími 5757 600

# Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að pantast í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

# Ég fer á fjöll



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**  
[www.fi.is](http://www.fi.is)

# Ferðafélag Íslands

## FRUMKVÖÐLAR MEÐ HUGSJÓNIR OG FRAMTÍÐARSÝN



Á árum áður var fátítt að menn ferðuðust um landið sér til skemmtunar.

Lífsbaráttan var hörð og lítið tóm gafst til slíkra ferða. Þekking almennings á landinu var mjög af skornum skammti. Tilgangur með stofnun Ferðafélags Íslands var m.a. að opna og kynna landið fyrir almenningi og greiða götu ferðamanna. Stofnun félagsins 1927 kom á góðum tíma. Þrá landans eftir sjálfstæði, framförum, breyttum lífsháttum sem og þjóðin var að aðlaga sig að síðum og venjum nágrannaþjóða á sem flestum sviðum. Um leið voru fleiri landsmenn áhugasamari um að styrkja andlegan þrótt og líkamlegt hreytti. Þegar í upphafi var lagður

grunnur að kjörsviðum félagsins, tilgangi og markmiðum. Í dag, 90 árum síðar eru þau enn þau sömu. Stærstu verkefni eru að hvetja fólk til að fara út og kynnast náttúru landsins, opna gönguleiðir, byggja skála og aðstöðu fyrir ferðamenn. Á síðustu árum hafa fjallaverkefni, lýðheilsu – og heyfiverkefni sem og Ferðafélag barnanna og FÍ ung notið mikilla vinsælda.

Árbók félagsins hefur nú komið út í óslitinni röð í 90 ár og er einstakur bókaflokkur um land og náttúru. Árbók er ein nákvæmasta íslandslýsing sem völ er á, skrifuð af heimamönnum og fræðimönnum sem gjörþekkjá það svæði sem fjallað er um hverju sinni. Félagið gefur einnig út gönguleiðarit,

landakort og sérarit af ýmsu tagi.

Náttúruvernd hefur ávallt verið á stefnuskrá félagsins. Með því að kynna og opna landið fyrir almenningi er unnið mikilvægt starf til að auka náttúruvitund fólks. Því betur sem við þekkjum náttúru landsins þeim mun vænna þykir okkur um landið og skiljum þau verðmæti sem felast í ósnortnum víðernum, landslagsheildum og öræfakýrrö.

Fararstjórahópur félagsins er fjölbreyttur. Félagsmenn úr öllum áttum m.a. úr röðum fræðimanna innan háskólasamfélagsins, heimamenn sem gjörþekkjá og úr hópi áhugamanna sem aflað hafa mikillar reynslu og þekkingu. Allur þessi hópur á það sameiginlegt að elska landið og hefur yndi af ferðum

og miðlar af þekkingu sinni.

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag. Sjálfbóðaliðastarf hefur í áratugi gert starf félagsins mögulegt. Sjálfbóðaliðarnir og ekki síst forystufólk félagsins í 90 ár hafa verið frumkvöðlar og hugsjónafólk með með stóra drauma og framtíðarsýn. Þannig hafa verið byggðir 40 fjallaskálar, lagðir tugir gönguleiða, reistar yfir 60 göngubýr og farnar yfir 4000 ferðir með yfir 250.000 þátttakendum og gefnar út bækur í 90 ár. Segja má að þetta starf félagsins hafi einkennst af samfélagslegri ábyrgð í þágu almennings og þjóðarinnar.



Góð aðferð við að vaða ár er að krækja saman höndum, mikilvægt er að vera búinn að losa bakpokann og hafa hann lausan á öxlunum.



FÍ Ung að síga niður kókflöskuna



Skagafjörðsskáli Langadal



Allir í takt á leið niður af Snæfellsjökli

## Hálendið og lokanir skála

Hálendi Íslands færast senn í vetrarbúning og aðstæður geta breyst með skömmum fyrirvara. Fyrir nokkru var fannhvít jörð en snjónum hefur að mestu rígt burtu.

Skálar hafa komið vel undan sumri og undirbúningur fyrir vetrarlokanir nú í fullum gangi við oft erfiðar aðstæður. Eins og veðrið var gott var gott í sumar þá hefur tíðin í haust verið ristjótt eins og gengur og verið úrkomusamt á köflum.

### Lokanir skála

Nú hefur öllum skálum FÍ verið lokað nema í Landmannalaugum.

### Fylgjast vel með aðstæðum

Gott er að fylgjast með heimasíðu Vegagerðarinnar, þar er hægt að sjá færð og aðstæður á fjallvegum. Heimasíða Veðurstofunnar er mjög mikilvæg fyrir ferðamenn. Einnig er vert að minnast á Safetravel, þar er einnig hægt að fá góðar upplýsingar um mikilvæga hluti sem snúa að ferðalagi á hálendi, svo sem aðstæður, opnanir og lokanir vega.

Heimasíða Vegagerðarinnar: [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

Heimasíða Veðurstofunnar: [vedur.is](http://vedur.is)  
Heimasíða SafeTravel: [safetravel.is](http://safetravel.is)

# Þinn árangur

Okkar keppikefli

Fagleg og persónuleg  
þjónusta á sviði fjármála  
og viðskipta.

[grantthornton.is](http://grantthornton.is)



**Grant Thornton**

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf



## Fjallaverkefni Ferðafélags Íslands Hafa fengið frábærar viðtökur

**A**llt frá því að félagið fór af stað með 52 fjalla verkefnið fyrir mörgum árum en það verkefni hefur stundum verið nefnt móðir allra verkefna af þeim sem hafa verið með frá upphafi. Í byrjun hausts voru kynnt verkefni sem fengu mjög góðar viðtökur og seldust upp á skömmum tíma, FÍ Alla leið, FÍ næsta skrefið og FÍ Landvættir sem er á miklu skriði um þessar mundir. Tvö önnur verkefni voru einnig kynnt og enn er laust í þau:

### FÍ hálfur Landvættur

Í ár bjóðum við upp á nýjung í Landvættaverkefni FÍ sem kallast hálfur Landvættur. Verkefnið miðar að því að taka styttri vegalengdir í Landvættaprautumum sem eru Fossavatnsgangan,

Bláalónsbrautin, Urriðavatnssundið og svo Þorvaldsdalsskokið eða Jökulsárshlaupið. Þetta er kjörið tækifæri fyrir þau sem vilja komast í frábært form í náttúru Íslands í skemmtilegum og styðjandi félagsskap með æfingum, æfingabúðum, keppnum og að öllum líkindum nýjum vinum.

### FÍ Ungvættur

Þá verður einnig boðið upp á FÍ ungvætti en það verkefni var sett á laggirnar til að þátttakendur í heilum og hálfum Landvætti gætu skráð unglingana sína í sömu þrautir og gert þetta þannig að fjölskylduverkefni. Það er fyrir unglinga á aldrinum 12-18 ára og taka þau þá stystu vegalengdirnar í öllum þrautumum.





UPPLIFÐU FRELSIÐ MEÐ BERUM AUGUM

Vissir þú? \_\_\_\_\_

**Sjónlag er eina stofan á landinu sem býður upp á alhliða þjónustu þegar kemur að sjónlagsaðgerðum.**

**PANTAÐU TÍMA Í FORSKOÐUN**

s. 577 1001  
sjonlag.is eða  
heilsuvera.is

**LINSUSKIPTI**

Einfokus-, fjölfokus- eða sjónskekkjuaugasteinar.

**LASER – FEMTO LASIK**

Femto Lasik aðgerðirnar eru algjörlega hníflausar.

**SKÝ Á AUGASTEINI**

Hjá okkur færðu nýjan endurbættan augastein á sanngjörnu verði og þarft ekki að bíða.

**LINSUÍGRÆÐSLA**

ICL linsuígræðsla hentar þeim sem hafa nærsýni, sjónskekkju og í sumum tilfellum fjarsýni en sérstaklega þeim sem geta ekki farið í laseraðgerð, t.d. vegna þunnra hornhimna eða mikils sjónlagsgalla.

**Kynntu þér málið og fáðu upplýsingar um alla þá kosti sem eru í boði.**



**sjónlag**

**SJÁÐU BETUR**

GLÆSIBÆ – ÁLFHEIMUM 74  
5. HÆÐ - 104 REYKJAVÍK

# EINSTAKAR BÆKUR

Á hverju ári gefur Ferðafélag Íslands út heimilda- og fræðslurit, kort og bækur



## ÁRBÆKUR

*Bókaflokkur um land og náttúru*

Ferðafélag Íslands gaf út sína fyrstu árbók árið 1928. Árbókin hefur síðan komið út árlega í óslitinni röð og er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Hver bók fjallar um afmarkað svæði á landinu og nær efni bókana um landið allt. Bækurnar eru altæk Íslandslýsing og gefa ferðafólki góðar ferðaupplýsingar ásamt því að veita innsýn í sögu og þjóðlegan fróðleik.



## GÖNGULEIÐARIT

*Leiðir göngumenn á nýjar slóðir*

Gönguleiðaritin benda gjarnan á leiðir sem ekki eru á allra vitorði og leiða göngumenn þannig á nýjar slóðir. Einnig gera þau gönguferðirnar ánægjulegri og eftirminnilegri þar sem fróðleikurinn skapar skemmtilegar tengingar við atburði og sögur úr fortíðinni.

NÁTTÚRUFAR · GRÓÐUR · FUGLAR · JARÐFRÆÐI · SAGA · MENNING



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**

[www.fi.is](http://www.fi.is)



# „Mistería hefur gert heimili landsins hreinni en þau hefðu annars verið“

■ Tinna Björk og Árný kryfja óleyst sakamál ■ Dulúðin er það sem heillar vinkonurnar

Íris Hauksdóttir  
iris@div.is



Hlaðvörp njóta sífellt meiri vinsælda en eitt slíkra, Mistería, hefur slegið rækilega í gegn. Þar fara vinkonurnar Tinna Björk Kristinsdóttir og Árný Guðjónsdóttir yfir óleyst sakamál.

Í þáttunum er farið vandlega ofan í kjölinn á dularfullri atburðarás og ljóst er að baki hverri umfjöllun liggur mikil heimildavinna. Tildrög þátanna segja stelpurnar tilkominn vegna sameiginlegs áhuga þeirra á dularfullum atburðum. „Við elskum að grúska í málefnum sem vekja áhuga okkar og hér höfum við hinn fullkomna vettvang fyrir það,“ segir Árný og heldur áfram. „Það er eitthvað við óleyst sakamál sem og ráðgátur sem heillar okkur. Dulúðin er svo heillandi því það veit enginn hvað hefur átt sér stað í raun og veru nema kannski mögulegur gerandi ef málið er af slíkum meiði. Hann hefur í þessum tilfellum hvorki stigið fram né fundist. Þetta gefur tækifæri til að fara yfir hina ýmsu vinkla á málinu og gefur hlustendum og okkur sjálfum færi á að mynda eigin kenningar út frá þeim gögnum og upplýsingum sem þegar liggja fyrir.“

Spurð hvort eitthvert frásagnarmynstur vekji meiri áhuga en annað segir Árný það fyrst og fremst vera mál þar sem margar skýringar komi til greina. „Við erum ekkert að takmarka okkur við neitt eitt ákveðið umfjöllunarefni þó svo að mannhvörf séu kannski eðli málsins samkvæmt svolítið nærtækur málaflokkur til umfjöllunar. Það er í sjálfu sér mjög misjafnt hvar við finnum þessar sögur, sumar höfum við báðar heyrt af og farið yfir en annað eru mál sem kannski önnur okkar hefur heyrt og kynnt sér að einhverju leyti og hin hellir sér svo í. Eftir að við byrjuðum með



hlaðvarpið eru svo hlustendur farnir að senda okkur ábendingar sem er mjög gaman. Það er af nægu að taka í þessum efnunum en við takmörkum okkur ekki bara við sakamál því við ætlum að skoða ýmsar aðrar ráðgátur svo sem flugslys, dularfulla staði og atburði.“

### Öll málin eru óleyst

Samhliða því að sankna að sér sakamálasögum starfar Árný sem lögmáður en hún hefur sinnt margvíslegum störfum frá útskrift ásamt því að sinna sjálfbodastörfum bæði hér heima sem og á alþjóðavettvangi fyrir einstaklinga

með MND-sjúkdóminn. Hún býr með Tryggva Frey Torfasyni leikara en Tinnu kynntist hún einmitt í gegnum hann. „Tryggvi og Tinna eru bæði úr Hveragerði en Haukur, bróðir Tinnu, er besti vinur Tryggva. Það kannast margir við Tinnu en hún starfar sem skemmtikraftur og við verkefni tengd samfélagsmiðlum í gegnum notandanafn sitt Tinnabkr. Tinna hefur talsvert meiri reynslu en ég þegar kemur að svona hlaðvarpsgerð en hún stjórnar Þarf alltaf að vera grín ásamt Tryggva og Ingólfi Grétarssyni, sambýlismanni sínum. Eftir að Ingó kom inn í lífið hjá Tinnu urðum við

öll bestu vinir og erum búin að ferðast heilmikið saman og hlæja endalaust mikið og skapa ótrúlega góðar minningar á stuttum tíma. Tinna hafði gengið með þennan draum í mörg ár og áður en þau fóru í að gera, Þarf alltaf að vera grín, þá var þetta alltaf á dagskránni. Þarf alltaf að vera grín, varð svo mun stærra en þau þorðu að vona þannig að svona hlaðvarp sat á hakanum. Í vor fór Tinna aftur að ræða þessa hugmynd en vantaði meðstjórnanda og þá ákvað ég að stíga aðeins út fyrir þægindarammann og stínga upp á sjálfri mér. Í kjölfarið fórum við af stað í undirbúning.“

Árný ítrekar jafnframt að ólíkur bakgrunnur þeirra komi sér vel við gerð þátanna. „Ég elska fátt eins mikið og gott excel-skjal með upplýsingum og hef unun af því að grúska í heimildum til að kanna hvort eitthvað sé raunveruleg staðreynd eða ekki. Tinna tók hins vegar alla mögulega sálfræðiáfangana og hefur afar skapandi og frjóga hugsun og er því mun betri í að setja fram hinar ýmsu kenningar varðandi mál in og skoða hvað gæti mögulega hafa gerst. Við tökum okkur þó ekki of alvarlega því öll málin sem eru til umfjöllunar eru óleyst og við vitum að við erum ekki að fara að leysa þau, en við leggjum okkur fram við að kanna sem flesta vinkla og þar vinna ólíkir styrkleikar okkar best saman. Við erum alla vikuna að spá í nýtt mál og velta upp upplýsingum og kenningum, síðan tökum við frá svona hálfan dag í tökur, þá tekur Ingó við þættinum og vinnur hann. Að því loknu klippir Tinna hann með honum og svo bætir hann inn geggjaða hljóðheiminum okkar sem Hafsteinn Þráinsson, Ceastone, bjó til fyrir okkur.“

### Prentaðar bækur henta ekki öllum

Vinsældir hlaðvarps eru sannar-

lega að aukast, teljið þið það bitna á bókaestri eða er hlaðvarp hluti af hraðara samfélagi þar sem fólk þarf helst að gera tvennt eða meira í einu?

„Hlaðvarpið er eitthvað sem er að bætast við flóruna, prentaðar bækur henta ekki öllum og það er bara frábært að núna sé unnt að sækja sér þekkingu og afþreyingu í gegnum símann sinn eða önnur raftæki, þróunin er hröð í þessum heimi og það sem skiptir mestu máli er að hafa gagnrýna hugsun á það efni sem maður er að neyta, hvort sem það er á formi hlaðvarps, hljóðbóka, rafbóka eða prentrits. Hlaðvörp eru frábær leið til að láta leiðinleg verk efni verða að gæðastund, við vitum að minnsta kosti að bæði Þarf alltaf að vera grín og Mistería hafa gert ýmis heimili landsins mun hreinni en þau hefðu annars verið.“

Ög stöllurnar viðurkenna að viðbrögð hlustenda hafi komið þeim gríðarlega á óvart. „Við vissum í raun ekkert hvort einhverjir væru jafn spenntir og við fyrir svona umfjöllun um óleyst mál þar sem í raun er enginn endir. Þátturinn er líka í óformlegum frásagnarstíl, hann hefst á kynningu á málinu en í kjölfarið er hlustandanum boðið í umræður á milli tveggja vinkvenna um hinar ýmsu staðreyndir og kenningar í málinu. Við erum ótrúlega þakklátar fyrir það hvað hlustendur okkar eru duglegir að senda okkur skilaboð, mæla með þættinum og koma með sínar eigin kenningar og skýringar ásamt því að benda okkur á ný mál. Við höfum ekki haft undan að svara og erum ekkert smá ánægðar með allan áhugann sem þættinum hefur verið sýndur. Ætlunin er að halda áfram að sinna báðum hlaðvörpunum, það er ýmislegt spennandi í farvatninu og við höfum sjaldan hlakkað jafn mikið til vetrarins.“ ■

## Húsfélagapjónusta

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

• EIGNAumsjón [www.eignaumsjon.is](http://www.eignaumsjon.is)  
Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

# SAKAMÁL



# MORÐIN Á MEEKS-FJÖLS

■ Gus var í vandræðum vegna Taylor-bræðranna ■ Bræðurnir voru í vandræðum

**H**ún var tætingsleg unga stúlkan sem bankaði upp á hjá frú Carter í Linn-sýslu í Missouri í Bandaríkjunum að morgni 11. maí árið 1894. Við útidynnar stóð Nellie Meeks, sex ára dóttir nágrannanna, og frú Carter leist ekki á blikuna. Klæði Nellie voru í henglum, andlit hennar þakið drullu og blóði og stór skurður á enni hennar.

Nellie gat vart gert sig skiljanlega en frú Carter skildi þó að foreldrar og yngri systur Nellie höfðu verið myrt kvöldið áður. Sjálf hafði Nellie sloppið á lífi því morðingjarnir töldu sig hafa náð að ljúka verkinu.

## Grunn gróf undir galta

Frú Carter gat ekki hugsað sér að fara frá Nellie en ekki var fleiri fullorðnum til að dreifa á heimilinu. Því sendi frú Carter nú ára son sinn, Jimmy, til að kanna málið. Jimmy gat ekki fundið lík fjölskyldu Nellie og því varð úr að Nellie fór með honum og leiddi hann að galta. Undir galtanum var grunn gróf og í henni lík föður hennar og móður, Gus og Deloru, og systra hennar, Hattie, fjögurra ára, og Mary, átján mánaða.

Delora hafði verið barnshafandi og misst fóstur sem einnig var að finna í gröfinni.

Gus og Delora höfðu verið skotin til bana og stúlkurnar barðar til dauðs með grjóthnullungi.

## George Taylor stingur af

Þegar Jimmy og Nellie komu til baka sendi frú Carter son sinn umsvifalaust til að færa nágrönnunum tíðindin. Á leiðinni rakst Jimmy á George Taylor þar sem hann vann á kornakri sínum og upplýsti hann um síðustu atburði.

George fór með Jimmy heim til sín og sagði honum að bíða þar á meðan George legði á klárana. Síðan myndu þeir fara saman að heimili Meeks-fjölskyldunnar.

Jimmy gerði sem George bauð, en biðin varð æði löng því George kom aldrei með klárana. George kom yfirhöfuð ekki til baka.

## Frásögn Nellie

Þegar þarna var komið sögu hafði lækni verið stóttur til að huga að Nellie heima hjá frú Carter. Á meðan lækniinn gerði að áverkum Nellie sagði hún frá því sem gerst hafði.

„Þegar við vorum að fara upp

„**Þeir mokuðu yfir mig, og ég átti erfitt með að anda.**

hæðina sagði maðurinn með yfirskeggið að honum væri kalt á fótunum og fór af vagninum og gekk með honum, hann skaut á pabba og pabbi stökk af vagninum og hljóp,“ sagði Nellie. Hún sagði að þá hefði mamma hennar öskrað og ætlað að stökkva af vagninum og þá hefðu mennirnir skotið hana og á aðra systur hennar.

„Þá börðu þeir mig í höfuðið og ég missti meðvitund,“ sagði Nellie. Þegar mennirnir hentu henni úr vagninum kom hún til meðvitundar og varð vitni að því þegar þeir reyndu að kveikja í galtanum.

## Auðugir og óheidarlegir

„Þau eru öll dauð, helvítis pakkid,“ heyrði Nellie manninn með yfirskeggið segja. „Þeir mokuðu yfir mig, og ég átti erfitt með að anda. Ég heyrði þá tala um að þeir gætu ekki fengið eldinn til að taka við sér.“

Þeir sem Nellie talaði um voru George Taylor og bróðir hans, William, sem voru á meðal auðugustu manna í norðausturhluta Missouri. Það var þó vitað að bræðurnir höfðu ekki auðgast með ærlegum hætti og höfðu verið ákærðir fyrir skjalafals, íkveikjur og nautgripapjófnað.

Gus Meeks hafði verið leiguliði á jörð bræðranna og hafði blandast í mál er varðaði nautgripapjófnað þeirra. Gus hafði verið ákærður, játað sök sína og stungið í grjótið. En mánuði fyrir morðin hafði hann verið náðaður gegn því að hann bæri vitni gegn Taylor-bræðrunum.

## Bræðurnir handteknir

Taylor-bræðurnir vildu ólmir koma í veg fyrir að Gus bæri vitni og buðu honum 1.000 dali fyrir að yfirgefa svæðið. Gus virðist hafa þekkt boðið en þegar bræðurnir komu til að fylgja honum áleiðis, að kvöldi 10. maí, fékk Delora slæmt hugboð. Hún óttaðist um líf eiginmanns síns og krafðist

Nellie Meeks  
Slapp við illan leik frá morðingjunum.



„**Þá börðu þeir mig í höfuðið og ég missti meðvitund**

þess að öll fjölskyldan færi, fannst enda ólíklegt að bræðurnir væru líklegir til að ráða þeim öllum bana.

Í ljósi frásagnar Nellie var gefin út kæra á hendur bræðrunum og í júní þetta ár voru þeir handteknir í Batesville í Arkansas og fluttir til Missouri. Þeir buðu 50.000 dali í tryggingu, tilboðinu hafnað og þeim gert að dúsa á bak við lás og slá fram að réttarhöldum.

## Reiður múgur

Því fór þó fjarri að málinu væri lokið. Þá þegar var réttarkerfið orðið það þróað að menn sem greinilega voru þrælskir gátu sloppið við snöruna, og öfugt að sjálfsgöðu.

Réttarhöldin fóru fram í Carollton en beina þurfti járnbrautalestinni til St. Joe því lögreglustjórnin hafði hlerað að 250 manna hópur hygðist stöðva för

hennar til Carollton. Var hópurinn vel vopnum búinn og huldumenn andlit sitt með hálsklútum og var ætlunin að hengja bræðurna án þess að réttað væri yfir þeim.


## Vafasamur kviðdómur

Réttarhöldin hófust 18. mars, 1895, og bar þónokkur fjöldi vitni. Sum vitnin höfðu heyrt Taylor-bræðurna hóta Gus Meeks og



# SKYLDUNNI Í MISSOURI


## m vegna Gus



**William hengdur** Hundruð fylgdust með aftökunni.



**Meeks-fjölskyldan** Líkin voru grafin undir galta.



William Taylor

George Taylor

**Morðingjarnir** Taylor-bræðurnir voru auðugir og óheiðarlegir.

önnur sögðust hafa heyrt skot-hvelli umrætt kvöld og einnig séð til ferða hestvagns bræðranna. Sannanir voru óbeinar en þó efaðist enginn um sök bræðranna. Að loknu tveggja klukkutíma skrafi varð ljóst að kviðdómur var ekki á einu máli og síðar kom enn fremur í ljós að tveimur kviðdómurum höfðu verið boðnir 750 dalir fyrir að mæla með sýknu.

**Ný ákæra, ný réttarhöld** Réttað var aftur yfir bræðrunum í júlí og ákæruatriðum fækkað. Einungis voru þeir sóttir til saka fyrir eitt morð að yfirlögðu ráði; morðið á Gus. Talið var að erfitt yrði að sanna slíkt hið sama varðandi eiginkonu Gus og börn þeirra. Meðan á réttarhöldunum stóð var Nellie í umsjá saksóknarans, Pierce, og eiginkonu hans. Nellie var viðstödd bæði réttarhöldin en bar

ekki vitni. Tíðum mátti þó sjá hana klifra upp í kjöltu Pierce og koma sér fyrir þar. Þann 2. ágúst, 1895, komst kviðdómur að einróma niðurstöðu og Taylor-bræðurnir voru dæmdir til dauða. **Annar sleppur, hinn hangir** Bræðurnir áfrýjuðu dómnum án árangurs og úrskurðað að þeir skyldu hengjast 30. apríl árið 1896.

Það gekk ekki fullkomlega eftir því bræðrunum tókst að flylja úr fangelsinu 11. apríl. William Taylor náðist fljótlega aftur, en George tókst að forðast hinn langa arm laganna þar til hann dó, hvenær sem það nú varð. William hins vegar gekk til fundar við skapara sinn klukkan 11 fimmtudaginn 30. apríl, eins og

lagt hafði verið upp með. Af Nellie er það að segja að hún ólst upp hjá ömmu sinni, giftist Albert nokkrum Spray og lést af barnsförum árið 1910. Köttur úti í mýri setti upp á sér stýri, úti er ævintýri. ■

Heimild: [murderbygaslight.com](http://murderbygaslight.com)

**Fjár sjóður** Á rannsóknarstofu hjá háskólanum í Queensland í Ástralíu eru geymd mjög sérstök sýnishorn.

# Rannsókuðu hægðir og þvag fimmtings Ástrala

Það sem finnst í skólpinu segir töluvert um tekjur fólks Sýnum lýst sem fjársjóði

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Trefjar, koffín, eiturlyf og fleira sem er í skólpni getur sagt okkur töluvert um tekjur fólks. Hvernig efnadír og minna efnadír lifa lífinu og hvað þeir innbyrða. Á rannsóknarstofu hjá háskólanum í Queensland í Ástralíu eru geymd mjög sérstök sýnishorn, hægðar- og þvagsýni úr rúmlega fimmtingi Ástrala. Sýnin voru

tekin úr skólphreinsistöðvum um allt landið, þau fryst og send til vísindamanna við háskólann. Sýnunum hefur verið lýst sem sannkölluðum fjársjóði sem veitir mikla innsýn í mataræði fólks sem og eiturlyfjaneyslu þess. Með þessu er hægt að sjá hvernig lífshættir fólks eru mismunandi eftir búsetusvæðum.

Þetta kemur fram í umfjöllun BBC. Þar er haft eftir Jake O'Brien, hjá háskólanum í Queensland, að lykillinginn að því að fá öll þessi sýni hafi einfaldlega verið að spyrja

mjög fallega. Sýnunum var safnað saman í tengslum við manntalið 2016 og út frá rannsóknum á sýnunum framkvæmdu O'Brien og Phil Choi rannsókn sína. Þeir rannsókuðu skólpsýnin frá áströlsku sveitarfélögum til að kortleggja mataræði fólks og lífsstíl. Rannsókn þeirra er fyrsta ritrynda rannsóknin af þessu tagi.

Þeir komust að því að á svæðum þar sem félagshagfræðilegar aðstæður eru betri neytir fólk meira af trefjum, sítrusávöxtum og koffíni en þar sem félagshag-

fræðilegar aðstæður eru síðri. Á þeim svæðum þar sem aðstæðurnar eru síðri kom í ljós að notkun lyfseðilsskyldra lyfja var meiri og raunar mjög mikil. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að í betur settum samfélögum var mataræðið hollara. Allar þessar upplýsingar fengust með rannsóknum á hægðum fólks.

Með rannsókninni var reynt að staðfesta það sem aðrir vísindamenn hafa lengi talið hugsanlegt, að hægt sé að fá innsýn í mataræði og fíkniefnaneyslu fólks að meðaltali með því að rannsaka skólpið. O'Brien og Choi segja að með þessari aðferð fáist næstum því rauntímalyfjaneyslu yfir lífsvenjur fólks. Það geti komið að gagni við að móta lýðheilsustefnu. Rannsóknir, þar sem skólp er rannsakað, eru kallaðar faraldsfræðilegar skólprannsóknir. Aðferðin hefur verið við lýði í um tvo áratugi og er notuð í Evrópu, Norður-Ameríku og víðar til að fylgjast með notkun ólöglegra vímuefna. Rannsóknir af því tagi hafa einnig verið gerðar til að fylgjast með notkun löglegra vímuefna á borð við nikótín. Einnig hafa vísindamenn gælt við þá hugmynd að nota þessa aðferð til að reyna að greina útbreiðslu sjúkdóma snemma. Fram að þessu hefur notkun þessarar aðferðar til að kortleggja mataræði fólks aðeins verið á fræðilegu stigi en nú hafa Ástralirnir tveir sýnt fram á að aðferðin gagnast vel við slíkar rannsóknir.

## Fólk skýrir ekki rétt frá neysluvenjum sínum

Choi segir að þegar fólk er spurt út í neysluvenjur sínar hafi það tilhneigingu til að gera meira úr neyslu á hollum mat en óhollum, það skýri í raun rangt frá neysluvenjum sínum. O'Brien segir að rannsóknir af þessari gerð geti gagnast á tvo vegu. Með þeim sé hægt að kortleggja muninn á samfélögum og fylgjast með breytingum í þeim á ákveðnu

tímabili.

„Ef þú ætlar að hrinda einhverju í framkvæmd og vonast eftir jákvæðum breytingum verður þú að geta mælt árangurinn af aðgerðunum.“

Stærsta áskorun þeirra félaga var að hverju þeir ætluðu nákvæmlega að leita í skólpsýnunum. Skólp er meira en bara þvag og hægðir, til dæmis persónulegar hreinlætisvörur, matarleifar eða iðnaðarúrgangur. Vísindamennirnir urðu því að finna ákveðin líffræðileg viðmið fyrir ákveðið fæði, viðmið sem finnst í hægðum og þvagi fólks eftir neyslu ákveðinna fæðutegunda. Þeir notuðu tvö viðmið sem tengjast neyslu trefja og eitt sem tengist neyslu sítrusávaxta, sem eru talin merki um heilbriggt líf-erni.

Rannsóknin leiddi í ljós að í samfélögum þar sem fólk hefur háar tekjur og félagslegar aðstæður eru góðar er mikil neysla og íbúar þar neyta meira af trefjum og sítrusávöxtum en íbúar á svæðum þar sem aðstæður eru síðri. Einnig kom í ljós að koffíneysla var mest hjá þeim sem búa við bestu félagshagfræðilegu aðstæðurnar, sérstaklega á svæðum þar sem húsaleiga er há. Það styður þessar niðurstöður að aðrar rannsóknir hafa sýnt að fólk sem hefur lokið að minnsta kosti grunnnámi í háskóla drekkur meira kaffi en aðrir. Í niðurstöðum rannsóknarinnar eru leiddar líkur að því að kaffineyslan tengist fjárhagslegri getu fólks til að kaupa sér kaffi daglega og ákveðinni kaffimenuingu meðal efnadra Ástrala.

## Mælikvarði á lyfjanotkun

Á hinum enda félagshagfræðilegu aðstæðnanna er lyfja- og fíkniefnaneysla fólks. Í ljós kom að notkun tramadol, sem er blóðþrýstingslyf, og pregabalin, sem er blóðþynnunarlyf, var mest í

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



**Mögnuð rannsókn** Samanburður á úrgangi ríkra og fátækra gæti komið mjög á óvart.

## „Ef þú ætlar að hrinda einhverju í framkvæmd og vonast eftir jákvæðum breytingum verður þú að geta mælt árangurinn af aðgerðunum

fátækari samfélögum. Einnig kom í ljós að tvö síðastnefndu lyfin eru mest notuð af eldra fólki sem er oft með lægri inntöku en yngra fólk. Önnur verkjalyf, þunglyndislyf og önnur lyf eru einnig mest notuð á svæðum þar sem félagshagfræðilegar aðstæður eru ekki svo góðar en þó ekki í eins miklum mæli og fyrrnefndu lyfin.

BBC hefur eftir Choi að samanburður á úrgangi ríkra og fátækra geti komið mjög á óvart. Bara með því að skoða tölurnar sé hægt að bera samfélög saman og þá sjáist jafnvel margfaldur munur á trefjamagni. Choi og O'Brien vonast til að geta endurtekið rannsóknina þegar næsta manntal verður gert til að öðlast innsýn í hvort einhverjar breytingar séu í gangi sem ekki hafa komið í ljós með öðrum rannsóknaraðferðum eða þarfnast frekari rannsókna. Þeir nefna sem dæmi að notkun sýklalyfja sé nokkurn veginn sú sama í öllum félagshagfræðilegum hópum. Það bendi til að ríkisstyrkt heilbrigðisferfi sé að gera gagn. Ef munur fer að mælast á sýklalyfjanotkuninni í síðari rannsóknum þurfi að rannsaka málið betur og komast að hvort og af hverju ákveðnar þjóðfélagsþópar noti sýklalyf í minna magni en aðrir hópar.

Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta það sem nefnt hefur verið félagslegur stígandi en hann tengist betri heilsu þeirra tekjumeiri, minni reykingum og minni offitu þess hóps miðað við aðra þjóðfélagsþópa.

Ástralir telja að gott jafnvægi ríki í landinu á milli hinna ýmsu þjóðfélagsþópa og því er félags- hagfræðilegur ójöfnuður alvarlegt mál að þeirra mati. Í skýrslu frá OECD frá 2018 kemur fram að í Ástralíu er meiri ójöfnuður að meðaltali en í Bandaríkjunum og Bretlandi. Tekjuhæsti fimmtungur þjóðarinnar er með fimm sinnum meiri ráðstöfunartekjur en þeir sem tilheyra tekjulægsta hópnum. Almenn séð þýða meiri ráðstöfunartekjur að fólk hefur meiri getu til að kaupa hollar matvörur á borð við ávexti og grænmeti og aukin menntun þýðir að fólk hefur meiri skilning á mikilvægi næringar.

En rannsóknin sýndi eina athyglisverða undantekningu á tengslum þjóðfélagsstöðu og mataræðis. Á svæðum þar sem stór hluti íbúanna talar ekki ensku borðar fólk mikið af trefjum og sítrusávöxtum. Þetta endurspeglar þá staðreynd að innflytjendur borða oft meira af grænmeti og ávöxtum en heimamenn. ■

**Átta stig** Óhugnanleg rannsókn.



## Morðingjar fara í gegnum átta stig áður en þeir drepa maka sinn

- Morð á Englandi sýna þetta svart á hvítu
- Áður en þör taka saman er maðurinn stjórnsamur

Þegar karlar drepa maka sína eða fyrrverandi maka hafa þeir oft verið mjög stjórnsamir í þeirra garð. Þá eru morðin oft miklu skipulagðari en talið hefur verið fram að þessu. Þetta eru niðurstöður nýrrar breskrar rannsóknar þar sem rannsakað var hvernig atburðarásin var í 372 morðum á konum á Englandi frá 2012 til 2015.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið birtar í tímaritinu Violence Against Women. Aðalhöfundur rannsóknarinnar er Jane Monckton Smith, afbrotfræðingur við University of Gloucestershire. Hún hefur fundið mjög skýrt aðgerðamynstur í átta skrefum sem á sér oft stað í aðdraganda þess að karlar myrða konur sem þeir hafa átt í nánú sambandi við. Það er til dæmis mjög algengt að samböndin hafi mjög fljótt orðið alvarleg og fólk eignast börn saman eða gengið í hjónaband. Fljótlega eftir það byrjuðu karlarnir að stjórna konunum og ráðskast með þær.

Jane vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar geti gagnast lögreglumönnum, heilbrigðisstarfsfólki og félagsmálayfirvöldum í samskiptum þeirra við konur. Hún segir hægt að nota átta þrepa módelið ásamt öðrum viðeigandi formum áhættugreiningar. Módelið geti veitt meiri innsýn í mál þegar fagfólk og fórnarlömb eru í þeirri stöðu að taka verður ákvörðun.

Jane lýsir hinum átta stigum í aðdraganda morðs á eftirfarandi hátt:

Áður en fórnarlambið og morðinginn taka saman hefur maðurinn áður verið stjórnsamur eða ofbeldisfullur í garð fyrrverandi maka eða ofsótt konur.

Eftir að fólkíð kynnist ganga hlutirnir hratt fyrir sig. Maðurinn veitir konunni mikla athygli og fær hana til að skuldbinda sig og því verður sambandið mjög hratt alvarlegt. Jane tekur sem dæmi að maðurinn flytji hugsanleg inn til konunnar sama dag og þau kynnst eða þá að þau eignast barn mjög fljótt. Hún nefnir einnig hjónaband til sögunnar og segir að það gerist oft fljótlega eftir að fólkíð kynnist. Fjölskylda fórnarlambins tekur oft eftir því að hlutirnir ganga óeðlilega hratt fyrir sig.

Þörf mannsins fyrir að stjórna og ráða setur mikið mark á sambandið. Í öllum þeim 372 morðmálum sem Jane rannsakaði byrjuðu mennirnir að vera mjög stjórnsamir í sambandinu. Sumir beittu líkamlegu ofbeldi en aðrir andlegu. Í sumum öllum fylgdust mennirnir með konum sínum öllum stundum og eltu þær á röndum því þeir töldu þær vera að halda framhjá.


Eitthvað kemur síðan þeirri hugmynd inn hjá körlunum að valdi hans yfir konunni sé ógnað. Það getur til dæmis verið ef yfirvöld blanda sér í mál þeirra. Einnig ef konan hótar að yfirgefa karlinn. Stundum finnst körlunum að valdi þeirra sé ógnað án þess að hafa nokkra frekari ástæðu til þess.

Óskir mannsins um að stjórna konunni verða enn meiri og ákafari. Þetta virðist tengjast tilraunum til að ná aftur stjórn á konunni eða tryggja stöðu karlsins. Til að gera þetta geta karlarnir nýtt ýmsar aðferðir. Til að grátbiðja um fyrirgefningu, hóta að beita ofbeldi, beita ofbeldi, elta konuna á röndum eða hóta að fremja sjálfsvíg. Þetta stig getur staðið yfir í skamman eða langan tíma.

Hugmyndin um að myrða konuna kviknar. Oft er það í tengslum við að manninginn finnst sem hann hafi tapað valdi yfir konunni eða misst stöðu sína. Oft finnst karlinum sem hann sé hið raunverulega fórnarlamb og að konan og/eða kerfið fari ósanngjörnum höndum um hann.

Maðurinn skipuleggur morðið. Hann kynnir sér hugsanlega ýmsar aðferðir. Hann útvegar sér vopn. Ef hann hefur einnig í hyggju að fremja sjálfsvíg eyðir hann hugsanlega kröftum í að ganga frá laga- legum þáttum eins og erfðaskrá. Hann íhugar jafnvel hvernig hann getur losað sig við líkið. Hann fylgist grannt með fórnarlambinu og skipuleggur hugsanlega hvernig hann geti komist í aðstæður þar sem hann sé einn með konunni.

Hann myrðir konuna. Morðin geta verið fram- in á margvíslegan hátt og á mismunandi stöðum. Það getur einnig gerst að vitni eða börn séu einnig myrt. Hugsanlega reynir hann að leynd morðinu eða þá að hann játar það strax. Einnig getur verið að hann svipti sig lífi að ódæðinu loknu. ■



# Falun Gong fíaskóíð

■ Heimsókn Falun Gong setti allt úr skordum nokkra sumardaga árið 2002  
■ Íslensk stjórnvöld harðlega gagnrýnd

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Heimsókn þáverandi forseta Kína, Jian Zemin, til Íslands sumarið 2002 dró heldur betur óvæntan dilk á eftir sér. Meðlimir hópsins Falun Gong boðuðu komu sína til landsins til að mótmæla Jian Zemin og þeim mannréttindabrotum sem viðgengust í Kína. Nokkra sumardaga fyrir tæpum tveimur áratugum var um fátt annað rætt en hreyfinguna Falun Gong, enda atburðarásin hreint út sagt mögnuð.

## „Svarti listinn“

Þann 10. júní fullyrti Fréttablaðið að íslensk stjórnvöld hefðu fengið „svartan lista“ í hendurnar, lista yfir nöfn þeirra sem iðkuðu Falun Gong. Átti að leggja blátt bann við að iðkendurnir kæmust inn í landið vegna heimsóknar Jian Zemin. Íslensk stjórnvöld hvorki játuðu né neituðu að listinn kæmi frá Kína, en viðurkenndu tilvist listans. Í frétt Fréttablaðsins var því haldið fram að það væri krafa kínverskra stjórnvalda að Falun Gong-liðar mættu ekki koma

inn í landið á meðan Jian Zemin væri hér staddur og að hann mætti ekki einu sinni berja iðkendum augum. Þetta samþykktu íslensk stjórnvöld.

„Fyrst og fremst eru þessar aðgerðir gerðar í því skyni að tryggja allsherjarreglu og gera íslenskum lögreglumönnum kleift að tryggja öryggi þjóðhöfðingja sem sækir landið heim í boði forseta Íslands,“ sagði Sólveig Pétursdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, og bætti við að einnig væri leitast við að vernda mótmælendurna sjálfa og almenning með þessum aðgerðum. Hin umdeilda Falun Gong-hreyfing leit fyrst dagsins ljós árið 1992. Var um að ræða endurnýjun á fornri, kínverskri orkuleikfimi og héldu forsprakkar hreyfingarinnar fram



Mættur Jian Zemin mætti til landsins, þótt honum hafi verið ógnað af veru Falun Gong-liða á landinu.

að með því að gera fimm æfingar gæti fólk bætt heilsu sína svo mikil að lyf og hefðbundnar lækningar væru óþarfi. Gekk þetta vel



Hvaðan kom listinn? Það fór illa ofan í landsmenn að Kínverjar hefðu svo mikil ítök á Íslandi.

í nokkur ár og fjölgaði meðlimum Falun Gong hratt og örugglega. Í ársbyrjun 1999 voru um fimmtíu milljónir manna farnar að kenna sig við Falun Gong, ekki bara í Kína heldur víðs vegar um heiminn. Í apríl sama ár hófust ofsóknir á hendur Falun Gong-liðum, og var það meðal þess sem iðkendurnir vildu mótmæla á Íslandi.

„Við vitum ekki af hverju þessar ofsóknir hófust. Líklegast hefur stjórnvöldum ekki litist á það hversu margir voru farnir að stunda Falun Gong og þess vegna litist á þetta sem ógnun við yfirvaldið. Það er í sjálfu sér fjaránlegt því Falun Gong er ekki pólitískt fyrirbæri – það eina sem við gerum er að stunda æfingar og tala fyrir bættri siðvitund og friði. En síðan bann var lagt við Falun Gong hafa yfir 50.000 manns verið handteknir, meira en 10.000 hafa verið sendir í þrælkunarbúðir án dóms og laga, 200 hafa verið dæmdir í fangelsi og 1.000 manns hafa verið vistaðir á geðsjúkrahúsum. Það versta er að yfir 200 manns hafa svo verið dreppir fyrir það eitt að leggja stund á æfingarnar,“ sagði Kevin Yang, Falun Gong-iðkandi í samtali við DV þann 10. júní 2002. Sagði hann tilgang Falun Gong á Íslandi vera fyrst og fremst friðsamlegan.

„Við erum stödd hér á landi til þess með friðsemd að biðja forseta Kína að hætta ofsóknunum og til að segja Íslendingum hvað

Falun Gong er í raun og veru. Við erum friðsamlegt fólk sem leggjum stund á öndunaræfingar og hugarleikfimi en erum ekki ofbeldisfullir mótmælendur. Við erum samfélaginu skaðlaus og vonumst til að Íslendingar styðji okkur í baráttunni til að ná fram mannréttindum í Kína, svo sem trú- og málfrelsi.“

## Spilað inn á veikleika lögreglu

Svo fór að um sjötíu iðkendum Falun Gong var synjað um innkomu í landið í kjölfar fréttu um „svartan lista“ stjórnvalda. 26 þeirra komu með flugvélum frá Bandaríkjunum og voru fluttir í Njarðvíkurskóla þar sem þeir voru í haldi lögreglu. Á fimmta tug félagar í Falun Gong, sem komu frá Kaupmannahöfn um hádegi, og nokkrum með síðdegisvélum frá Evrópu, var einnig synjað um landvist. Flestir voru af asískum uppruna þótt fólk af ýmsum þjóðernum væri í hópnum. Sólveig Pétursdóttir sagði í samtali við Morgunblaðið að hún efaðist um að áætlanir hópsins væru jafn friðsamlegar og gefið hefði verið út.

„Með þessari aðferð er hreyfingin að spila inn á veikleika íslensku lögreglunnar sem er fámenn, en um leið að spilla opinberri heimsókn erlends þjóðhöfðingja til landsins. Það er ljóst að íslenska lögreglan, eins góð og vel þjálfuð og hún er, getur ekki tekist á við fjöldamótmæli og um

## PINNAMATUR

VEISLUR ERU OKKAR LIST!

BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA  
PINNAMATS OG TAPASRÉTTA



AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚÐ FYRIR VEISLUNA  
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist



**Lánsöm** „Ég hef kynnst sterkum mönnum sem hafa virt það að ég er ákveðin og framsækin og dugleg og látið mig í friði á annan hátt.“



# Ég sel mig dýrt

*Margrét Hrafnisdóttir hefur eytt tugum milljóna í að ná árangri sem framleiðandi – Loksins komið að uppskeru – „Þetta er töff bransi og ekki fyrir aukvísu að vera í honum.“*

MYND: EYÞÓR ÁRNASON

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**  
lilja@dv.is



Ég er búin að fara tvisvar til Harvard, það hefur kostað mig svo mikið að komast á þennan stað. Núna er þetta að snúast við. Núna er ég loksins að fá borgað fyrir vinnuna. Það mátti ekki seinna vera,“ segir Margrét Hrafnisdóttir, kvikmynda- og sjónvarpsþáttaframleiðandi. Margrét er nýjasti gestur hlaðvarpsþáttar dægurmáladeildar DV, föstudagsþáttarins Fókuss. Margrét hefur verið búsett vestan hafs með eiginmanni sínum til þrjátíu ára, Jóni Óttari Ragnarsyni, síðan árið 1992. Hún kom í stutta heimsókn til Íslands nú á dögum til að fylgja eftir nýjustu mynd sinni, heimildamyndinni House of Cardin, sem sýnd var á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF. Myndin fjallar um ævi og störf tiskumógúlsins Pierre Cardin. Það má í raun segja að myndin hafi verið unnin á mettíma og hálfgerð ævintýra- verkefni leikstjóranna Todd Hughes og P. David Ebersole.

„Það var þannig leikstjórnir hafa verið miklir aðdáendur

Pierre Cardin í mörg, mörg ár. Fyrir tveimur árum fóru þeir til Parísar að leika sér og sáu allt í einu Pierre Cardin-safn og fóru þar inn. Þeir byrjuðu að tala við fólkið hans og þetta er alveg ótrúlegasta fólk, margir búnir að vera þarna frá því að þeir fengu fyrstu vinnuna, í áratugi. Allt í einu kemur einhver og segir að þeir ættu að hitta sjálfan Pierre Cardin og þeir missa út úr sér að þeir væru alveg til í að gera um hann heimildamynd,“ segir Margrét. Í kjölfarið voru leikstjórnir kynntir fyrir Pierre Cardin sem spurði þá einfaldlega hvenær þeir gætu byrjað á myndinni. „Af því að hann er orðinn 97 ára hugsuðu þeir: Við þurfum að byrja eins og skot og vinna hratt. Nokkrum dögum seinna hófst þetta allt saman.“

Fyrst um sinn hjálpaði Margrét leikstjórnunum sem vinur en fyrir rúmu hálfu ári leituðu þeir svo til hennar eftir meiri hjálp í að finna fjármagn og samstarfsaðila til að fullklára myndina. Margrét lagði sig alla í verkefnið, eins og hennar er von og vísa, og útkoman var þessi heimildamynd sem hefur fengið gríðarlega góða dóma, bæði hér á landi og erlend-

is. Myndinni var boðið á kvikmyndahátíðina í Feneyjum áður en hún kom á RIFF og þykir það mikill heiður í þessum bransa. Á frumsýningu myndarinnar í Feneyjum stóð fólk upp og ætlaði lófaklappinu aldrei að linna.

„Það gleður mig rosalega mikið. Þetta er ekki bara mynd um einhvern tiskumógúl og stóran karl heldur er þetta fullt af innblæstri og gefur fólki ákveðinn tilgang eftir að það horfir á hana.“

#### Með fantasambönd

Margrét var rétt skriðin yfir tvítugt þegar hún flutti til Bandaríkjanna með Jóni Óttari. Þar stundaði hún nám í kvikmyndagerð við Columbia College í Los Angeles og Jón Óttar lærði handritagerð. Margrét hóf nám af miklum krafti og átti þar góð tvö og hálf ár. Hún á enn tvær einingar eftir af náminu til að klára það og má rekja það til ráða sem einn kennari hennar gaf henni.

„Það er að þakka, eða kenna, besta prófessor skólans, sem ég var búin að ná á eintal í bekknum og spurði: Hvernig lærir maður að vera framleiðandi hérna? Hann horfði á mig og sagði: Það

er ekki hægt að kenna þetta. Þú nærð í efni sem er spennandi, vonandi. Þú þarft að eiga efni til að vera leiðandi framleiðandi og síðan þarftu að laða að því gott fólk til að vinna að því. Gott fólk laðar síðan fjármagnið að og svo þarftu að halda þessum boltum öllum á lofti þangað til þetta græna ljós kviknar. Svo sagði hann: Það er bara þannig með Hollywood-framleiðendur að þeir þurfa að vera fjárhagslega sterkir. Það er þessi fræga setning, sem er líklegast sönn að mörgu leyti: „There are no poor producers in Hollywood“. Ég hafði haft ákveðinn styrk fjárhagslega en umfram allt bara þor og það að geta tengt mig vel við fólk til að stækka sem framleiðandi. Það hefur skilað sér ótrúlega vel. Ég er með fantasambönd og ansi mörg „element“ sem geta fjármagnað kvikmyndir í dag. Það hefur ekki komið af sjálfu sér. Þetta er alveg rosaleg vinna.“

#### 14 ára þrautaganga

Til marks um þrotlausa vinnu og þrautseigju þá fer Margrét loksins í tókur á kvikmyndinni Kill the Poet í janúar á næsta ári,

en myndin hefur verið í fjórtán ár í vinnslu og fjallar um samband Steins Steinars við listakonurnar Louisu Matthíasdóttur og Nínu Tryggvadóttur. Hjónin Margrét og Jón Óttar eru framleiðendur myndarinnar. Margrét segir vegferð verkefnisins vera lyginni líkast.

„Það er alveg ótrúleg saga en hún er að fá mjög farsælan endi. Þetta er í raun saga sem við bíðum eftir því að segja. Þetta er ástorsaga um þessa listamenn sem munu endurskapa seinni heimsstyrjöldina,“ segir Margrét og fer yfir þrautagönguna, sem virtist endalaus. „Fyrst tók þetta engan tíma. Þetta gekk bara hratt, eins og í sögu frá 2006 til janúar 2008. Þá vorum við búin að fjármagna meira og minna á pappírnum tíu milljóna dollara mynd og þá var enn þá þessi stóri markaður fyrir DVD, sem var mjög gjöfull myndum sem þessum. Svo fann ég einhverja breytingu á fjárfestum og bankanum okkar í febrúar, mars, apríl 2008 en var samt vongóð um að við næðum að komast í gang. Svo bara skall þetta bankahrún á. Það byrjaði allt að þorna upp í kerfinu um sumarið. Ég sá fram á





Á góðri stundu Margrét ásamt forsetafrúnni Elizu Reid og leikstjórnari House of Cardin.

að þetta væri ekki að ganga upp. Við ákváðum að bíða og sjá hvað setur.“

Í framhaldinu ákváðu þau hjónin að minnka myndina, skera niður um helming og byrja aftur. Þá kom Harvey Weinstein, sem nú bíður dóms fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi, inn sem bjargvættur og tók myndina upp á arma sína. Margrét og Jón Óttar náðu því að fjármagna erlenda hlutann af myndinni og sóttu um styrk á Íslandi, en fengu höfnun.

„Þá urðum við svolítið fúl út í Ísland. Við vorum búin að hafa mikið fyrir þessu aftur. Þá ákváðum við að setja þetta á ís,“ segir Margrét. „Svo jafnaði það sig og við höldum af stað í leiðangurinn aftur og hann hefur verið tiltölulega hraður. Núna erum við að sigla Titanic í höfn og byrja tókur í lok janúar.“

#### Vardi Weinstein í fyrstu

Í þessu ferli hitti Margrét Harvey Weinstein tvisvar sinnum og þekkir ekki þá hlið á honum að hann misbeiti valdi sínu og stöðu, eins og fjöldi kvenna hefur opnað sig um.

„Hann tók Kill the Poet upp á sína arma og fyrir það er ég óendanlega þakklát. Ég byrjaði aðeins að verja hann þegar þessar ásakanir komu upp á yfirborðið. Þetta var ekki á allra vitorði en augljóslega á vitorði þeirra sem höfðu unnið náði með honum og lengi. Það er alveg á hreinu. Ég segi bara í raun og veru um hann: Því miður náði hann sér ekki í hjálp fyrir mörgum árum síðan. Það er til lækning við kynlífsfíkn. Ég vil meina að kynlífsfíkn hafi ekkert með kynlíf að gera. Hann er bara fárveikur. Þessar lýsingar þessara kvenna, það fer um mann sem kvenmaður að heyra þetta. Mér finnst það mikil synd að þessi mikil hæfileikamaður í þessu fagi eigi við svona mikinn vanda að stríða. Maður er þakklátur Gwyneth Paltrow, Angelinu Jolie og þessum konum sem þorðu að koma fram og segja sína sögu og gerðu það það vel að hann er núna fyrir rétti.“

Ásakanir á hendur Weinstein komu upp í tengslum við metoo-byltinguna. Margrét segir byltinguna hafa verið af því góða.

„Ég hef verið einstaklega lánsöm. Ég hef kynnst sterkum mönnum sem hafa virt það að ég er ákveðin og framsækin og dugleg og látið mig í friði á annan hátt. Enda kannski búin að

vera harðgift í þrjátíu ár og því leiðinlegur kvenkostur að fara eftir þannig séð en ég hef lent í karlmönnum, sem betur fer ekki oft. Það gerist þegar maður er aðeins viðkvæmari, yngri og þegar maður styrkist þá breytist margt. Maður setur bara mörk og lendir ekki illa í því. Ég held að þessi bylting hafi verið af hinu góða. Ef það er eitthvað eitt sem ég þyrfti að segja að hefði komið út úr þessari byltingu þá er það að það er meira af sterkum kvenpersónum og meira af sjónvarpsþáttum og kvikmyndum gert af konum, sem var gríðarlegur skortur á. Þetta nýtur gríðarlegra vinsælda, eins og við vitum. Þannig að þetta bara þurfti að gerast,“ segir Margrét. Hún telur sig hafa þurft að vinna harðar í sínu fagi til að ná frama út af því að hún er kona.

„Ég vil meina að ég hafi haft miklu meira fyrir því að hafa verið framleiðandi í gegnum Ísland á Kill the Poet sem kona en karlmaður. Ég er að gera stórt verkefni, tvöfalt „budget“ á við íslenska mynd og ég hef ekki fengið eina krónu sem framleiðandi úr neinum ríkissjóðum eða styrk. Ég er nokkuð viss að ef ég væri karlmaður þá hefði mér verið hjálpað hraðar og oftast og meira. Í Hollywood eru ekki margar konur framleiðendur, þótt það sé alltaf að aukast og bæstast í hópinn, sem betur fer. En þetta er tölf bransi og ekki fyrir aukvísu að vera í honum.“

#### Lífið er ótrúlega einfalt

Margrét og Jón Óttar giftu sig í Palm Springs árið 1996 og bjuggu síðan í Los Angeles í um sextán ár. Nú hafa þau snúið aftur til Palm Springs, nánar tiltekið Palm Desert, þar sem þau hafa verið búsett síðastliðin fimm ár. Varðandi daglega lífið segir Margrét það ekki einkennast af glamúr – þvert á móti.

„Lífið mitt er ótrúlega „döll“ og einfalt. Ég vakna yfirleitt fimm á morgnana. Ég segi ekki að ég rjúki á fætur alveg strax heldur byrja á því að skoða tölvuþóst og pæla aðeins í hlutunum. Svo fer ég af stað, byrja að hreyfa mig aðeins og fylgjast með því sem er að gerast. Síðan byrjar dagurinn. Ég vinn mikið og er að vinna að mörgum skapandi verkefnum þessa dagana. Við förum á veitingastaði og mjög mikið í bíó. Við horfum mikið á bíó og sjónvarpsseríur í dag. Við förum í göngutúr á kvöldin og tennis og

„Uppeldi mitt og uppvöxtur bjó mig undir þessa göngu. Það sem ekki drepur mann, herðir mann.“

MYND: EYBÓR ÁRNASON

snemma að sofa. Þetta er ótrúlega glatað,“ segir hún og hlær. Lykillinn að farsælu hjónabandi þeirra Jóns Óttars felst að miklu leyti í því hve óhrædd Margrét hefur verið að leita sér sálfræðihjálp- ar í gegnum tíðina. „Mín skoðun er sú að við erum með ranghugmyndir um hjónabönd af því að ég held að við gerum of miklar kröfur á hinn aðilann og höldum oft að það sem við fáum næst sé miklu betra. Ég er mikið fyrir það að fólk sé í þerapíu, fyrst fyrir sjálf sig, því allar breytingar sem verða á lífi manns gerast innra með manni. Ég hitti mjög ung alveg stórkostlegan sálfræðing sem breytti lífi mínu. Ég fór í meðferð mjög ung, hætti að drekka ung og fór svo í þerapíu. Það var alveg stórkostlegt. Ég vildi að allir gerðu það. Flestir bera þetta fram á fimmtugsaldur og allt í einu byrja hlutir að springa.“

#### Hvernig á að vinna Donald Trump?

Margrét er einnig rannsóknarfræðing og hefur stutt vel fjárhagslega við bakið á Demókrataflokknum.

„Ég fylgi eftir minni ástríðu og hugsjónum og reyni að taka þátt í að skapa betri heim,“ segir hún og styrkir nú Joe Biden, Elizabeth Warren og Kamölu Harris í aðdraganda forsetakosninga í Bandaríkjunum á næsta ári. „Ég held því fram að þetta verði sögulegustu kosningar okkar samtíma. Hvernig á að vinna Donald Trump eða takast á við þetta fyrirbrigði? Hann brýtur öll lögmál og er að mörgu leyti siðblindur stjórnandi og leiðtogi og hefur kannski tekið því hlutverki mjög skringilega. Við erum vön því að vandi fylgi vegsemd hverri. Þarna kemur allt í einu maður sem brýtur öll lögmál. Hann er dóni og hann vandar sig ekki og hann gerir þetta sannarlega með sínu nefi og hefur sinn stíl. Ég held að hann verði ekki endurkjörinn. Ekki nema Rússar taki yfir og það er

auðvitað hættu á því, því þeir eru ekki hættir. Þeir eru alls staðar. Það er eitthvað sem sagan mun segja mjög vel frá síðar en það ber öllum saman um það að þeir hafi haft mikil áhrif.“

#### Sorgir og sigrar

Margréti er tíðrætt um hve erfiður kvikmyndagerðarbransinn er. Þá liggur beinast við að spyrja af hverju hún hafi enst svona lengi í honum?

„Uppeldi mitt og uppvöxtur bjó mig undir þessa göngu. Það sem ekki drepur mann, herðir mann. Það alveg sama hvaða verkefni við fáum í lífinu, það er alltaf einhver þroskaganga. Okkur líður alltaf mjög vel þegar við komumst út úr einhverjum erfiðum kafla. Þá hugsar maður: Þetta bjó mig undir þetta, og svo styrkjumst við öll á lífsins göngu. Ég er orðin þetta sterk á þessari göngu og er þakklát fyrir þessari erfiðu verkefni sem hafa orðið á vegi mínum, eins og verða á vegi okkar allra. Það er enginn undanskilinn því að lenda í ýmsu,“ segir Margrét og telur þau hjónin hafa haldið einkalífi sínu fyrir sig þrátt fyrir að hafa verið í sviðsljósinu í öll þessi ár. „Þegar við höfum gengið í gegnum hluti höfum við miðlað. Ég held að það sé gott að miðla því að það eru sigrar eins og sorgir og ekkert síður sorgir en sigrar í lífsgöngu alls fólks sem reynir að fara á eftir draumum sínum og vekur þar af leiðandi einhverja eftirtekt. En ég held samt að sem betur fer þá vitum við ekkert í raun hvað gengur á. „Be kind for everyone is fighting a hard battle.“ Ég held að þetta sé ótrúlega góð lífsspeki. Ég held að við séum of gagnrýnin á fólk án þess að vita í hverju það stendur.“

#### Útilokar ekki framboð

Framundan hjá Margréti er verkefni með ítölskum leikstjóra með Gerard Depardieu í aðalhlutverki og endurgerð á erlendra kvik-

Útilokar ekki framboð Margrét er rannsóknarfræðing. Mynd: Eybór Arnason



mynd sem verður gríðarstórt verkefni. Margrét getur tjáð sig um hvorugt verkefnið, en þau verða kynnt innan skamms. Eftir þrotlausu vinnu síðustu ár er hún löksins að uppskera og segist ekki ætla að taka að sér gæluverkefni sem hún þurfi að borga með í bráð.

„Ég sel mig orðið dýrt. Það verður þannig framvegis. Góðgerðarstarfsemi er lokið í bili eftir Kill the Poet. Það er búið að kosta okkur tugi milljóna að komast á þennan stað en færum við ekki fórnir þegar þarf? Ég held að allir athafnamenn, allir einstaklingar sem hafa sett eitthvað á stofn sem þeir hafa haft trú á og þurft að borga með sér og vinna mikið og fá minna borgað á meðan þeir eru að koma því á koppinn, sjái svo afraksturinn, það er alltaf eins. Það breytist aldrei. Maður leggur á sig þegar maður finnst það þess virði. Einhverra hluta vegna fannst okkur hjónunum það þess virði, að þrátt fyrir bankahrun og þá vitleysu sem var hér í gangi í kringum það, og kannski er enn þá,“ segir hún. Hún útilokar ekki að flytja aftur til Íslands, en sér það ekki gerast í nánustu framtíð. Varðandi hennar aðra ástríðu í lífinu, pólitíkina, gæti hún vel hugsað sér að spreyta sig á þeim starfsvettvangi einhvern tímann.

„Nú vil ég vera framleiðandi. Nú vil ég hjálpa stjórnmalálmönnum og -konum að vinna að góðum málefnum. Ég hef haft mikið fyrir því að komast á þennan stað. Það eru bæði sjónvarps- og kvikmyndaverkefni sem bíða. En kannski eftir það. Ég held að viska áráttu hjálpi þér sem stjórnmalamaður. Ungir stjórnmalálmenn eru góðir en færustu stjórnmalálmenn samtímans og sögunnar voru oft 55 ára og langt yfir það. Það virðist oft vanta hér í pólitík, visku áráttu og reynslu í bland við ungt fólk. Það þarf að vera blanda.“ ■

# Bitlaus en stílhreinnur furðufarsi

■ Getur kvikmynd verið drasl og snilld til skiptis? ■ Af hverju er Jón Jónsson svona fyndinn?

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá þurfum við Íslendingar á Þorsta að halda núna, burtséð frá notagildi eða meintu ágæti lokavörunnar.

Formúla þeirra kvikmynda sem Ísland framleiðir í bílförnum er orðin skopstælingu líkust (aftur, burtséð frá gæðum) en á undanförunum þremur mánuðum höfum við til dæmis fengið þrjár íslenskar kvikmyndir sem í grunninn snúast um miðaldra hversdagsfólk utan höfuðborgarsvæðisins sem upplifir stöðnun, vonleysi og brotna fjölskyldu. Samtímasögurnar eru yfirleitt vandaðar en húðaðar svo mikilli grámyglu að áhorfendur fer þá eðlilega að þyrsta í nýtt bragð í þá flóru sem við höfum. Þar kemur Þorsti eins og kölluð, þótt lendingin sé allt önnur saga.

Þorsti er hinn undarlegasti bræðingur; „gay vampíru-geirmynd með sprautukláms- og trúarlegu ívafi“ hljómar eins og meiri brandari en lokaafraksturinn býður upp á, en með svona lýsingu er eins gott að myndin standi undir væntingum.

Útkoma Þorsta er í eðli sínu eins og risastór mótsögn; hún er ódýr en aðstandendur bera ódýra yfirbragðið með stolti. Hún er illa leikin en nógu yfirdrifin til þess að það skipti litlu máli. Hún er subbuleg en gengur sjaldan nógu langt með eigin viðbjóð til að sedja viðbjóðshungur þeirra sem sjá hana (ekki nema viðkomandi finnist það sprenglæglegt að sjá alltaf sama afskorna gerviliminn aftur og aftur). Efnislega er allt tekið af ákveðnum klisjulager en þó hefur tekist að salta inn ýmsum bröndurum sem bragðbæta steikina.

## Hæfileikafólkið í aftursætinu

Myndinni er leikstýrt af þeim Steinda Jr. og Gauki Úlfarssyni (sem gerði meðal annars heimildamyndina Gnarr) og má bæði sjá hana sem sjálfstætt flipp og



sem lokaþátt seríunnar Góðir landsmenn, sem félagarnir unnu saman að ásamt áhugaleikhópnum X. Þættirnir eru í rauninni eins og óvenjulega bitastætt baksviðsefni (í gerviheimildarstíl) fyrir gerð Þorsta – og þar af leiðandi hluti af stóra gríninu. Skemmst er frá því að segja að viðkomandi fær eflaust meira út úr Þorsta ef hann eða hún hefur fylgst með sjónvarpsþáttunum þótt það sé ekki beinlínis skilyrði. En áhorfandi sá er þó líklegri til að fyrirgefa vankanta Þorsta öðrum fremur.

Leikhópurinn X er í besta falli misgóður, en þegar B- eða-C mynd er til umræðu er það eins og fylgihlutur ákveðins sjarma – og sennilega viljandi gert í þessu tilfalli. Það er líka eitthvað svívirðilega fyndið við það að setja reynda statista og áhugaleikhóp í burðarhlutverk og á móti leyfa reyndara fagfólki (á borð við Ingvar E. Sigurðsson, Halldóru Geirharðsdóttur og makalaust meinfyndinn Jón Jónsson) að hverfa í bakgrunninn. Þvert á það sem þó kannski mátti við búast er Hjörtur Steinason, lykilmáðurinn sjálfur, afskaplega hentugur í hlutverk samkynhneigðu vampírunnar með hjarta úr gulli og sundurslitna belli í vasanum. Hulda Lind Kristinsdóttir er líka furðu efnileg á móti honum og sýnir mestu tilþrifin á skjánum – fyrir utan Unnstein Manúel í hlutverki pylsusa, vissulega.

Ég er smá – eins og sagt er – „on the fence“ með hann Jens gamla Jónsson og hina meðlimi



áhugaleikhópsins. Þetta er tilfinning sem er gegnumgangandi út alla myndina. Á einum tímapunkti er stutt í leifrandi kjánahroll en svo kemur augnablik sem fer hringinn og verður að gulli. Frasarnir hjá Jens eru sumir svo slæmir að þeir verða nánast frábærir. Ef markmið Þorsta var að vera drasl og snilld til skiptist, þá tókst henni það með látum.

## Konga í svartmyrkri

Það verður þó seint rífið af Þorsta, þrátt fyrir takmarkað framleiðslufjármagn, hvað myndin er stílhrein á flestum sviðum. Hljóðvinnsla, myndataka og ekki síður tónlistin er dýnamísk og rammar inn gómsætan „grindhouse“-fíling. Hápunktur myndarinnar er þó undarlegur teiknimyndakafli – sem hefur nákvæmlega ekkert með afgang framvindunnar að gera – en það skrifast á þau Jón Gnarr og Andreu Björk Andrés-

dóttur grafiker að taka gegnsósa síru alla leið. Í rauninni hefði myndin alveg mátt stíga oftar út fyrir „innihaldið“ og bæta ofan á ringulreiðina, því verkið sem eftir stendur er oftar en ekki örlítið þunnt og mætti vera betur tennt, ef til vill blóðugra.

En eins og áður segir bætir Þorsti við nýjum lit í bíóflóru landans. Myndin treður sér eins og óboðinn gestur í dannað sveitapartí íslenskrar kvikmynda-gerðar og krefst þess að gamla fólkid á svæðinu spili konga allsbert í svartmyrkri. Það að hægt sé að skemmta sér yfir henni annað slagið er í rauninni bónus, en bókað er að myndin skapi sér eins konar „költ“-sess þegar fram í sækir hjá hópnum sem sameinast í bjór- eða jónupartí til þess eins að hlæja að myndinni jafnt og með. Ekki er ólíklegt að meðlimir Leikhópsins X verði á meðal þeirra. ■

## Í stuttu máli:

Hverjum góðum brandara fylgir einn vondur, en myndin stillúkkar fyrir litla peninginn og bragðbætur íslenska bíóflóru með nýjum lit. Af „gay vampírumynd“ að vera mætti hún þó vera betur tennt – og meira „gay.“

Sjáðu þessa ef þú kannt að meta ...



Sleepless in Seattle




Planet Terror



Child Eater



Glæpur og samviska



Thirst



BELTI FRÁ  
5.990 KR.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á  
SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS  
MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA  
FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937  
HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ  
VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER  
ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG  
VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ  
4.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ  
REYKJAVÍK  
— SÍÐAN 1937 —

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR PRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# Ekki hætta við ef þú átt ekki eitthvað til

■ Það er ýmislegt hægt að gera til að bjarga sér í eldhúsinu ■ Hér eru nokkur góð ráð

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Það er hægt að nota ýmis hráefni í stað þeirra sem eiga að vera í uppskriftum þannig að þá hefur maður engar afsakanir fyrir að henda sér ekki inn í eldhús og byrja að baka.

## Ég á ekki til LYFTIDUFT

Blandaðu saman 1/4 teskeið af matarsóða og 1/2 teskeið af „cream of tartar“ fyrir hverja teskeið af lyftidufti.

## Ég á ekki MAÍSSTERKJU

Notaðu 2 matskeiðar af hveiti fyrir 1 matskeið af maíssterkju.

## Ég á ekki EGG

Notaðu 3 matskeiðar af majónesi EÐA hálfan, maukaðan banana blandaðan við 1/2 teskeið af lyftidufti EÐA 2 matskeiðar vatn + 1 matskeið olía + 2 teskeiðar lyftiduft fyrir eitt egg.

## Ég á ekki SÍTRÓNUSAFA

Notaðu 1/2 teskeið af ediki EÐA eina teskeið af hvítvíni fyrir eina teskeið af sítrónusafa.

## Ég á ekki SMJÖR

Notaðu 7/8 bolla af olíu fyrir 225 grömm af smjöri.

## Ég á ekki SÝRÐAN RJÓMA

Notaðu 1 bolla af grískri jógúrt EÐA 3/4 bolla af súrmjólki blandaða saman við 75 grömm af smjöri fyrir 1 bolla af sýrðum rjóma.

## Ég á ekki RJÓMA

Bræddu 75 grömm af ósöltuðu smjöri og blandaðu saman við 3/4 bolla mjólki fyrir 1 bolla af rjóma. Þetta kemur þó ekki í staðinn fyrir þeyttan rjóma.

## Ég á ekki HUNANG

Blandaðu 3/4 bolla af hlyn sírópi saman við 1/2 bolla af hvítum sykri fyrir 1 bolla af hunangi.

## Ég á ekki NÝMJÓLK

Blandaðu 1 bolla af vatni saman við 1 1/2 teskeið af smjöri fyrir 1 bolla af nýmjólk.

Til að eiga möguleika þarftu að gerast vinur **DV** á facebook finna gjafaleikinn og tagga einhvern sem á skilið óvæntan glaðning.

Tenerife fyrir 2 fullorðna 13. nóvember í 7 nætur, gist verður á Apartments Paradero I sem er á Amerísku ströndinni, í um 15 mínútna göngufjarlægð frá „Laugaveginum“ sem margir þekkja. Á ströndina eru einungis um 400 metrar.

ÚR FRÁ 24 ICELAND

FERÐ FYRIR 2

Heimsferðir

65" UHD SNJALLSJÓNVARP FRÁ LG

Heimplistæki

MÍÐAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ

GJAFABRÉF Í LEYNDARMÁL MATARKJALLARANS

SVARTI SAUMURINN BORDSPIL (16+)

20.000 KRÓNA GJAFAKORT

2 MÍÐAR Á ÍSLAND - ANDORRA

BLACKBOX PIZZA GJAFABRÉF FYRIR FJÖLSKYLDUNA

**DV GLEÐUR LESENDUR**

**HEILDARVERÐMÆTI VINNINGA  
RÚMLEGA MILLJÓN**

# Laun 5 áhrifavaldar

## ■ Gríðarlegir peningar í húfi ■ Umdeild atvinna

Áhrifavaldar er vaxandi starfsstétt en þeirra tekjur byggjast á því að fá greitt fyrir að auglýsa vörur. Óljóst hefur verið nákvæmlega hve mikið áhrifavaldar fá greitt fyrir vinnu sína, en nú virðist vera í tísku að vinna með áhrifavöldum sem eru með að hámarki fimmtíu þúsund fylgjendur á Instagram, líkt og nokkrir áhrifavaldar á Íslandi hafa áorkað.

Huffington Post fékk uppgæfið hjá fimm bandarískum áhrifavöldum hvað þeir fá borgað fyrir eitt verkefni, án þess að tilgreina hvaða fyrirtæki réð þá til vinnu. Þótt launagreiðslurnar séu afar einstaklingsbundnar, þá gefa upplýsingarnar góða mynd af því hve hægt er að þéna mikið sem áhrifavaldur úti í hinum stóra heimi.



**Tomi Obebe**  
(@goodtomicha)

Tomi er tísku- og lífsstílsáhrifavaldur sem býr í Charlotte í Norður-Karolínu. Hún er með tæplega nítján þúsund fylgjendur á Instagram og fékk fyrsta launaða verkefnið fyrir þremur árum.

**Samningurinn:** Ein Instagram-færsla með tveimur ljósmyndum sem ljósmyndari, sem Tomi réð til verksins, tók. Þá fékk hún einnig tvo kassa af túrtöppum, en varan þurfti að sjást á myndunum.  
**Laun:** 1.000 dollarar, tæplega 125.000 krónur.

**Önnur samningsatriði:** Tomi mátti ekki vinna fyrir samkeppnisaðila næstu þrjú mánuðina. Fyrirtækið mátti nota myndirnar hennar á samfélagsmiðlum, í fréttabréfum og á heimasíðu sinni.



**Audree Kate Lopez**  
(@simplyaudreekate)

Audree er tísku- og lífsstílsáhrifavaldur og stílisti sem býr í New York. Hún er með rúmlega 31 þúsund fylgjendur á Instagram og fékk fyrsta launaða verkefnið fyrir fjórum árum.

**Samningurinn:** Ein blogg færsla eða YouTube-myndband, tvær Instagram-færslur sem sýndu Audree nota nýja vöru, ein Instagram-saga með möguleika á að tengja við hlekk og ein Facebook-færsla með hlekk á blogg-færsluna. Hún réð tökumann til að vinna með henni að verkefninu.

**Laun:** 3.500 dollarar, tæplega 444.000 krónur.

**Önnur samningsatriði:** Hún mátti ekki vinna fyrir aðra þremur dögum fyrir og eftir að hún birti keypta efnið. Fyrirtækið mátti nota efnið frá henni í auglýsingum og á samfélagsmiðlum.




**Emmalynn**  
(Emma) Cortes  
(@emmasedition)

Emmalynn er tísku-, ferðalaga- og lífsstílsáhrifavaldur sem býr í Seattle. Hún er með tæplega þrjátíu þúsund fylgjendur á Facebook og fékk fyrsta launaða verkefnið fyrir þremur árum.

**Samningur:** Ein Instagram-færsla með þremur ljósmyndum, ein Instagram-saga með fimm römmum og hlekk á vefsíðu fyrirtækisins og átta ljósmyndir sem fyrirtækið mátti nota á heimasíðu sinni.

**Laun:** 1.500 dollarar, tæplega 190.000 krónur, og 100 dollara gjafakort, andvirði tæplega 12.500 króna.

**Önnur samningsatriði:** Fyrirtækið mátti nota allt efni frá henni í eitt ár.




**Sarah Chiwaya**  
(@curvily)

Sarah er tískuáhrifavaldur í New York með tæplega fimmtíu þúsund fylgjendur á Instagram. Hún fékk fyrsta launaða verkefnið fyrir fjórum árum.

**Samningur:** Tvær Instagram-færslur og að lágmarki fimm Instagram-sögur, þar af að minnsta kosti ein með hlekk á fyrirtækið.

**Laun:** 1.800 dollarar, eða rúmlega 220.000 krónur, og 750 dollara inneign, andvirði tæplega 94.000 króna.



**Caitlin Patton**  
(@caitpatton)

Caitlin er tísku-, fegurðar- og lífsstílsáhrifavaldur sem býr í Chicago. Hún er með um 25 þúsund fylgjendur á Instagram og fékk fyrsta launaða verkefnið fyrir þremur árum.

**Samningur:** Ein Instagram-færsla og átta rammar í Instagram-sögu.

**Laun:** 2.000 dollarar, eða tæplega 250.000 krónur.

**Önnur samningsatriði:** Hún mátti ekki vinna fyrir samkeppnisaðila í tvo mánuði og fyrirtækið mátti nota efni frá henni í stafrænu formi í sex mánuði.

## Haustvörurnar eru komnar



**gæludýr.is**

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun  
www.gaeludyr.is

**HAGBLIKK**

# Álpakrennur og niðurföll

**Brotna ekki**

**Ryðga ekki**

Litir á lager:  
Svart, hvítt, ólitað, rautt,  
silvurgrátt og dökkrautt




Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi  
Þær eru einfaldar í uppsetningu

**HAGBLIKK**

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • [hagblikk@hagblikk.is](mailto:hagblikk@hagblikk.is) • [hagblikk.is](http://hagblikk.is)

# Helgarkrossgátan

						dinglaði	káta	söngródd	
	kurra								
	skaut								
	gabb								
	kaðal						atrennan		
	megin samtök								
Teikning: Hallór Andri eftir prentun bónnuð	↓	örlátar	krossgátugerð: Bjarni simt: 845 2510	renniloku	kappnæg	þoki 2 eins		fjarg- viðrast	2
hjárt- fólginn								brella álasa	
	↓		3 eins					anga náðhús	
portkonan						röskan			
2 eins			2 eins		svarf mann			tröll	feng
eldfjallið						fiskur misræmi			
lævis				manni egna					dugleg
2 eins			skordýr tif					droll rit	
stía					öngl	lauga kramdar			
eldstæði						eldsneyti þolraun		féflöttir	8
		vinnukona rekkjan							
bréfsjald				3 eins skott					1
kvendýr			staflaði 2 eins		3			gripdeild róðull	
muldra					fugl tóman				
	slælega fyrirhöfn					hægur ambátt			steðja
vitstola			bág beita				3 eins	7	storm áköf
	5	ögnin rórilla						kvendýr	örvita
öskur					elska			hosu	
jullan				4				6	

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

8		5	6		2	4	1	
		2	8	1			6	7
	6	3	4				9	2
	8		3					5
	1	4	7	5	6		2	
	5	7		2		1		4
7							8	
4	2							
		6			9			

## Erfið

3			5				6
	4		6	9			1
	9			7	4	5	2
	5						3
4			8				1
					3	6	
		5					9
	6	2		3	1		
				8	5		7

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



**FORLAGIÐ**

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Garðar Arason**

**Porlaugargerði**

**900 Vestmannaeyjum**

Lausnarorðið var **GULLINMURA**


**Garðar hlýtur að launum bókina Sláturtíð**

Höfundur: Esi Edugyan, Ólóf Pétursdóttir býddi

Líf þrælanna á skurplanteikru á Barbados árið 1830 verður hreinasta helvíti þegar nýr húsbóndi tekur við. Ellefu ára gamall drengur er sér til skelfingar valinn til þess að þjóna bróður húsbóndans, sérlunduðum visindamanni. Bróðirinn reynist þó vera góðmenni og milli hans og drengsins skapast traust og væntumþykja. En í grimmuðlegum heimi nýlendutímans er hvergi rúm fyrir vináttu af þessu tagi.

Sagan af Washington Black er heillandi verðlaunasaga um frelsi, svik og leit að samastað í fjandsamlegri tilveru. Sögu-sviðið er litríkt og andi ævintýraleiðangra Jules Verne svífur yfir vötnum.

Kanadíski rithöfundurinn Esi Edugyan



**Í verðlaun fyrir gátu helgarbladsins er bókin Sagan af Washington Black**

er ætluð frá Ghana og hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir verk sín. Sagan af Washington Black var meðal annars tilnefnd til Man Booker-verðlaunanna 2018 og fékk kanadísku Giller Prize-bókmenntaverðlaunin sama ár. Fjölmörg blöð og tímarit, þar á meðal The New York Times og The Washington Post, hafa valið hana eina af tíu bestu bókum ársins 2018.



# 8 ómissandi kvikmyndir á hrekkjavöku

**H**vað er það sem kemur okkur í hrekkjavökugírinn? Er það búningafjör, graskersskreytingar, beinagrindur og almennur drungi eða býr eitthvað stærra þarna meira að baki? Hrekkjavaka er enn tiltölulega nýlegt fyrirbæri í íslenski menningu en allir landsmenn

hafa upplifað sinn skerf með aðstoð dægurmenningar. Því er gráupplagt að dusta aðeins rykið af spóluhillunni og skoða átta kvikmyndir sem eru líklegar til þess að koma fólki í sannan hrekkjavökugír, með einum eða öðrum hætti.

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is




## Halloween

Guðfaðir hrekkjavökumynda, eins og sagt er. Upprunalega Halloween frá John Carpenter er mikill hornsteinn í kvikmyndasögu og dægurmenningu og enn þann dag í dag birtist Michael Myers, einn frægasti morðingi kvikmyndanna, með reglulegu millibili. Upphaflega hófst þetta sem lítil og hræðdýr mynd um skelfinguna á hrekkjavökunótt og í gegnum áratuginna hafa framhaldsmyndir og jafnvel endurgerðir komið á færbandi, en sú upprunalega hefur enn ekki verið toppuð. Ef hún skyldi hafa farið fram hjá þér, er löngu tímaþætt að kanna hvers vegna.



## Hellraiser

Hryllingssögukóngurinn Clive Barker er ekki maður sem vert er að abba upp á. Kvikmyndin Hellraiser, sem byggð er á sögunni The Hellbound Heart, er sígilt dæmi um hversu mikið má matreiða upp úr litlu. Sagan er máttulega brengluð, andrúmsloftið er bæði óþægilegt og spennandi en ofar öllu er myndin einfaldlega bara fjárir skemmtileg afþreying sem nauðsynlegt er að kynna sér á ný með reglulegu millibili. Áhorfið skilur ýmislegt eftir sig og er aldrei leiðinlegt að sýna nýgræðingum þá drungalegu veislu sem hér er boðið upp á.



## Beetlejuice

Hin ómótstæðilega og kexruglaða kómédía frá Tim Burton er gjörsamlega ódauðleg á þessum tíma árs. Hún tengist hrekkjavökunni ekki beint en það er erfitt að segja að þemað passi ekki við. Um er að ræða frábæra blöndu af gamaldags hryllingi og gegnsýrðum húmor þar sem leikmyndir, búningar og ekki síst eiturrhressir taktar leikarans Michaels Keaton njóta sín til botns. Í kaupþæti má draga mikinn innblástur að flottum búningum úr þessari mynd einni.



## The Guest

Dularfullur hermaður kemur til fjölskyldu og kynnir sig sem vin sonar þeirra sem dó í bardaga. Fjölskyldan býður manninum inn en þá fara að eiga sér stað forvitnileg dauðsföll. Fleira þarf ekki að vita um kvikmyndina The Guest, sem því miður óvenju fáir hafa séð en hægt er að lofa eftirminnilegu hrekkjavökupartí og óútreiknanlegri atburðarás. Tónlist myndarinnar tengist lauslega en aðalnammið felst í skemmtilegum stíl, hressilegri nálgun og líflegu afþreyingargildi.



## The Addams Family

Í gegnum aldirnar hefur gengið misvel að flytja Addams-fjölskylduna stórfraegu á hvíta tjaldið, en segjast verður að kvikmyndir Barrys Sonnenfeld hafi hitt rakleiðis í mark, báðar tvær. Leikhópurinn er ekkert annað en meiriháttar og sótsvartur húmorinn skilar sér með þrýði. Fyrri myndin er þó meira í stíl við hrekkjavöku en sú seinni, af gildri ástæðu, en heilt yfir er erfitt að gægjast á þessa furðufjölskyldu án þess að smella fingrum með.



## Idle Hands

Grín og hröllur er samanlagt eitt af einkennismerkjum hrekkjavöku og fyrir fólk sem er í stuði fyrir eitthvað yfirdrifið og snarruglað, þá hentar sótsvarta gamanmyndin Idle Hands nokkuð vel. Myndin segir frá iðjuleysingja sem vaknar að morgni hrekkjavökunnar og uppgötvar að hægri hönd hans er komin með sjálfstæðan vilja og þyrstir í blóð. Framvindan stendur svo sannarlega undir því sem grunnhugmyndin lofar og má vel skemmta sér yfir subbuskapnum, þótt hann sé vissulega ekki allra. En það er nú að koma hrekkjavaka.




## Trick r Treat

Eins og það þykir nú sjálf-sagt á hverju ári að smella Die Hard í tækið fyrir jólin er svipað hægt að segja um þessa litlu hrekkjavökuperlu. Trick r Treat er brakandi fersk smásögumynd sem kemur sér beint að kjarna hrekkjavökutímans; hún er þakkaraleg, drungaleg og leynir á sér. Sögur myndarinnar tengjast lauslega en aðalnammið felst í skemmtilegum stíl, hressilegri nálgun og líflegu afþreyingargildi.



## Hotel Transylvania

Stundum – og aðeins stundum – getur grínistinn Adam Sandler verið hörkufinn. Hotel Transylvania er hið undarlegasta samstarfsverkefni Sandler og rússneska leikstjórans Genndys Tartakovsky (sem færði okkur meðal annars þættina Dexter's Lab) og býr lokavaran yfir mikilli sál og sjónrænni dýnamík. Börnin þurfa vissulega sitt léttmeti líka en hinir fullorðnu gætu slystast til að hafa gaman af þessu líka.



# ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

## ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM



Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt ef eitthvað kemur upp á. Þú býrð við meira öryggi á heimilinu og aðstandendum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.

Þú ýtir á hnappinn, boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas þar sem þú færð samband við sérþjálfað starfsfólk. Öryggisverðir Securitas með EMR þjálfun eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér kosti öryggishnappsins og hvaða annan öryggisbúnað hægt er að hafa með honum.

**SECURITAS**  
Sími 580 7000 | www.securitas.is



# MATTI SMIÐUR

893-3300

## UTANDYRA

- SKJÓLVEGGIR
- SÓLPALLAR
- HEITIR POTTAR
- SÓLSKÁLAR
- GESTAHÚS
- ÚTIGEYMSLUR
- ÞÖKULAGNIR
- HELLULAGNIR
- HLAÐNIR VEGGIR
- STEINBEKKIR
- ÞAKKANTAR
- GLUGGAR
- STEYPTIR VEGGIR

## INNANDYRA

- NIÐURTEKIN LOFT
- INNRETTINGAR
- INNIHURÐIR
- PARKET
- MILLIVEGGIR

ÞAÐ SKAL VANDA SEM LENGI

Á AÐ STANDA



## LANDSBYGGÐIN ER ENGIN FYRIRSTAÐA

Matthías Pétursson er smiður með 30 ára starfsreynslu. Matthías hefur unnið sem smiður í meira en 30 ár og sérsvið hans er pallasmíði, garðar og hellulagnir. Verkefni hans hafa einnig verið sumarhús, einkalóðir og lóðir í nýbyggingum og eldra húsnaði. Þá hefur Matti, eins og hann er oftast kallaður, einnig séð um nýja garða og endurgerð eldri garða.

# Hvað varð um ísle

■ Hvað eiga BT-músin, Bingó Bjóssi, KR ljónið og DV tígurinn sameiginlegt? ■

*Heyra lukkudýr á Íslandi sögunni til? Hvers vegna var svona mikil útbreiðsla á þeim hér?*

Ísland hefur svo sannarlega fengið sinn skerf af kostulegum fígúrum fyrirtækja, sem oftar en ekki leiddu til þess að einhver manneskja þurfti að klæða sig í íburðarmikinn búning á viðburðum. Skemmst er þó að segja frá því að sumar fígúrnar voru eftirminnilegri en aðrar og vert að skoða hvaða hlaðborð lukkudýra hefur staðið til boða.




## KR-ljónið (Knattspyrnufélag Reykjavíkur)

Árið 1993 var KR-ljónið kynnt til sögunnar, yngri stuðningsmönnum liðsins til mikillar ánægju. Umrætt ljón gegndi því hlutverki að hressa upp á umgjörð heimaleikanna og trylla lýðinn. Leikarinn Hilmar Guðjónsson naut heiðursins af að spreyta sig lengi í gervi ljónsins.



## Þorskurinn Þorri (Lýsi)

Þorskurinn Þorri var mikið notaður í auglýsingaherferðum Lýsis þar sem sprellfjörug rödd Ladda hvatti börn til þess að drekka lýsi og vera syngjandi glöð. Ímynd Þorra hefur skekkst töluvert í ljósi þess að meðfylgjandi mynd er það fyrsta sem kemur upp í einföldu gúgli.



## Króni og Króna (Sparisjóðurinn)

Tvíburarnir Króni og Króna voru til þess hannaðir að kenna krökkum að fara vel með peningana sína. Þau komu fyrst fram í Stundinni okkar árið 1991 þar sem þau

börðust við Eyðsluklærnar. Króni og Króna voru gefin út í alls konar útgáfum og litum. Sumar útgáfurnar voru meira að segja handmálaðar.



## Trölli (Útvegsbankinn)

Fuglinn Trölli kom fram í upphafi áttunda áratugarins og varð einn vinsælasti sparibaukur sögunnar. Einnig var kvenkyns útgáfa sem lengi var nafnlaus en fékk síðan nafnið Trína í verðlaunaleik Æskunnar árið 1972. Útvegsbankinn notaði Trölla og Trínu fram yfir gjaldmiðilsbreytinguna árið 1980 þegar verðmæti smámyntar hundraðfaldaðist. Trölli var einna þekktastur fyrir letilegt kántrilag sem notað var í auglýsingum og hefst á textanum: „Í kalli mínum geymi ég gullið, sem gríp ég höndum tveim. Svo fæ ég vexti og vaxtavexti, og vexti líka af þeim.“



## Dreitill (Mjólkursamsalan)

Mjólkurdropinn Dreitill er fáum ókunnur og steig eftirminnilega fram á sjónarsviðið um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Það var Halla Vilhjálmssdóttir sem söng lagið Mjólkur er góð á hinn krúttlegasta máta. Auglýsingarnar með mjólkurdropanum þóttu almennt vera dúllulegar, þrátt fyrir að fígúran hafi best kunn að við að bragða á sjálfri sér.

# Íslensku lukkudýrin?

## Komu, kættu og hurfu

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



### Fiddi froskur (Vodafone)

Auglýsingaherferð Vodafone þar sem „essasú“-froskurinn var í aðalhlutverki er með þeim íslensku auglýsingaherferðum sem vöktu hvað mesta athygli í upphafi áratugarins. Eftir stendur einhver vinsælasti auglýsingafrasi síðari tíma, „essasú?“, 196 þúsund áhorf á auglýsingar með froskinum á myndbandavefnunum Youtube.com og 21 þúsund aðdáendur á síðu sem stofnuð var til heiðurs essasú-froskinum á Facebook. Þá má segja að það sé nokkuð ljóst að grínarinn Pétur Jóhann Sigfússon hafi staðið á bak við nokkra af þekktustu hversdagsfrösum landans á þessum tíma, en „essasú?“ tók hressilega við af „Já, sæll,“ þótt seinni frasinu lifi enn dátt.



### Bingó Bjössi (Bingó Lottó)

Sennilega eru einhverjir landsmenn sem muna eftir skemmtipættinum Bingó-Lottó í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Það var ekki svo gott að Ingvi Hrafn hafi sjálfur gegnt hlutverki lukkudýrs þáttanna, heldur var það bangsinn Bjössi. Mikið húllumhæ skapaðist í kringum tilurð Bingó Bjössa, þar sem teiknaða figúran var kynnt fyrir landsmönnum með hressilegum leik þar sem börn á öllum aldri sendu inn tillögur að nafni fyrir karakterinn. Bingó Bjössi var lendingin og gegndi bangsinn meðal annars því hlutverki að leggja stafabrautir fyrir krakkana.



### FH-pandan (Fimleikafélag Hafnarfjarðar)

Íþróttafélögum hefur lengi verið afar annt um dýrin og kom Fimleikafélag Hafnarfjarðar með sitt svar við KR-ljóninu. Það var vissulega tilefni til að slá til figúru í svarhvítu, í stíl við FH-merkið sjálf, og var þá FH-pandan fyrir valinu. Hermt er að valið hafi staðið á milli hunds og pöndu, en eins og meðfylgjandi mynd sýnir er miklu kostulegra að sjá pöndu takast á við ljón.



### Jibbí hundurinn (Sól-Víking)

Kötturinn Klói hefur tekið eftirtektarverðum breytingum í gegnum árin og þarf vart að kynna fyrir landsmönnum. Hins vegar eiga sjálfsagt margir erfitt með að muna eftir svörnum óvini hans og andstæðingi sem fylgdi með súkkulaðidrykknum Jibbí. Varan kom á markaðinn árið 1997 og var heldur skammlíf, en fernuna prýddi brúnleitur hundur sem gelti dátt á milli atkvæða í lögum sjónvarpsauglýsingarinnar og söng þar lag sem líkist þjóðháttíðarlagi Íslendinga.



### Tígri (Krakka DV)

Tígurinn Tígri var lukkudýr Krakka-klúbbs DV á sínum tíma. Hann var fyrst kynntur til leiks árið 1992 og þótti mikill vinur barnanna á ýmsum uppkomum. Einnig voru gefnar út bækur um Tígra og náði þakkarasvipur dýrsins til ófárra barna áður en Tígri var lagður á hilluna endanlega.

### BT-músin (BT)

Á tímabili var BT stærsta raftækjaverslun landsins og var heldur betur stutt í músina í kynningarefninu. Gula BT-músin er á meðal þekktari íslenskra lukkudýra og gerði hún gæfumun fyrir kennimerki versunarinnar, sem margir sögðu vera stolið frá bandarísku keðjunni Best Buy. Eftir gjaldþrotið tóku Hagar BT yfir en samkeppnis-efirlitið hafnaði síðar þeirri yfirtöku. Þá var gula músin öll en gleymist hún seint.



## YFIRHEYRSLAN

# Leitin að tilgangi listarinnar

**Guðmundur Ingi Þorvaldsson** er sjálfstætt starfandi listamaður og að eigin sögn í stöðugri leit að skemmtilegum áskorunum úti um allan heim. Hann fer um þessar mundir á kostum verkinu HÚH, Best í heimi sem sýnt er í Borgarleikhúsinu. Guðmundur Ingi er í yfirheyrslu helgarinnar.



## Hvar líður þér best?

Í skapandi vinnu með skemmtilegu fólki og svo bara í afsloppun með fjölskyldunni úti í náttúrunni.

## Hvað óttastu mest?

Voða fátt orðið í rauninni. Svo lengi sem fólkinu mínu líður vel og er heilbriggt óttast ég ekkert. Ég hef trú á mannkyninu og framtíðinni.

## Hvert er þitt mesta afrek?

Að rækja grunnskyldur mínar af kostgæfni sem góður eiginmaður og faðir og finna kærleikann í lífinu.

## Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Ég fór einu sinni í gangstéttasteypuvinnu. Þá þurfti ég einu sinni að horfa á steypu þorna í átta tíma. Passa að enginn myndi stíga í blauta steypu. Ég hélt að þetta væri vinnustaðargrín allan tímann.

## Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Leitin að tilgangi listarinnar.

## Hvernig væri bjórin Guðmundur Ingi?

Taðgaffall.

## Besta ráð sem þú hefur fengið?

Skoskur læknir ráðlagði mér að kíkja á 12 spora fundi. Það er sennilega það gáfulegasta sem ég hef gert í seinni tíð.

## Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Prif á baðherbergi.

## Besta bíómynd allra tíma?

EKKI séns að ég geti nefnt eina. Kvikmyndalisti er stórkostlegt form sem býður upp á endalaus möguleika. Ég verð mjög oft uppnúminn yfir góðum myndum. Nú síðast yfir rússnesku myndinni *Elephants Can Play Football*.

## Hvaða hæfileika vildir þú búa yfir?

Ég myndi gjarnan þiggja meiri þolinmæði og jafnaðargeð. Af yfirnáttúrulegum myndi ég helst vilja getað flogið.

## Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Ég reyni að taka alltaf áhættu, með allt nema fjölskyldulífið. Listamaður sem tekur ekki áhættu er dauður.

## Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Íslenskir frasar sem snúast um að spyrja um líðan fólks án þess að spyrjandinn hafi nokkurn áhuga á að heyra raunverulegt svar og spyrjandinn svarar jafnvel sjálfur. Ertu ekki bara hress, ha? Jú jú. Sem og fyrirsagnir og frasar sem miða að því að gera fólk óttaslegið og fullt vantrausts í garð annars fólks. Svona týpísk nútíma pólitík sem snýst um að búa til ringulreið og ótta. Frasar sem ala á fordómum í garð þeirra sem minna mega sín í samfélaginu fara líka í taugarnar á mér. Fólk með silfurskeiðar getur ekki með nokkru móti sett sig í spor fólks sem alist hefur upp í hvers kyns birtingarmyndum fátæktar og ofbeldis.

## Hvað getur þú sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Kaffi, súkkulaði, góðar sósur, blóðugar steikur, skriftn og ögrandi verkefni.

## Hvað er á döfinni hjá þér?

Sýningar á HÚH! Best í heimi í Borgarleikhúsinu. Útvarpsþættir um heimilsofbeldi fyrir Útvarpsleikhúsið með RaTaTam. Sýningar á SUSU! verkinu okkar í RaTaTam í nóvember í samstarfi við flestar stofnanir og félagasamtök sem vinna í kringum þennan erfiða málaflökk. Klára plötuna Miðaldra með Tveimur Dónalegum Haustum. Svo er ég í tveimur risaverkefnum erlendis sem er stranglega bannað að tala um. Annars bara að reyna að halda heimilislífinu eðlilegu.

# Tenerife

Flug frá  
**39.950**



Flug & hótél frá  
**84.945**



2 fyrir 1  
**HAUST  
ÚTSALA**  
2 fyrir 1

"2fyrir1" af flugsætum og flugsætum í pakkaferðum til Tenerife

30. október, 3. nóvember, 6. nóvember og 13. nóvember

Sjá verðdæmi hér að neðan

**30. OKTÓBER**

**14 NÆTUR**



Hotel Bahia Flamingo



**FRÁ KR. 122.145**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Hálf fæði innifalið

**3. NÓVEMBER**

**10 NÆTUR**



Cristian Sur Apartments



**FRÁ KR. 106.730**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Ekkert fæði

**6. NÓVEMBER**

**7 NÆTUR**



Castle Harbour



**FRÁ KR. 84.945**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Ekkert fæði

Skoðaðu fleiri gistingmöguleika á [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)

**BÓKAÐU SÓL  
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,  
taska og handfarangur  
innifalið.

595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)

**Heimsferðir**



## Lögmaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri WOW selja slotið

**G**uðrún Valdimarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálasviðs WOW, og eiginmaður hennar, lögmaðurinn Hörður Felix Harðarson, hafa sett hús sitt við Nesbala á Seltjarnarnesi á sölu.

Um er að ræða tæplega 290 fermetra einbýlishús og er ásett verð 150 milljónir króna. Húsið er einstaklega smekklega innréttað og á bílaplaninu má sjá forlata sjúkótt. Húsið er búið stórum stofum, borðstofum, eldhúsi, þvottahúsi, fjórum svefnherbergjum, þremur baðherbergjum og tvöföldum bílskúr. Inni af einni stofunni

er falleg víngeymsla og fyrir aftan húsið er sólríkur pallur með heitum potti.

Guðrún er viðskiptafræðingur að mennt og starfaði sem fjármálastjóri Viðskiptaráðs Íslands áður en hún hóf störf hjá WOW sem aðstoðarkona Skúla Mogensen, fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins. Hörður er einn af eigendum hjá Mörkinni lögmannstofu og einnig starfandi lögmaður. Bar mikið á Herði í kringum CLN-málið svokallaða, en hann var lögmaður Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, sem sakaður var um umfangsmikil umboðssvik en síðar sýknaður, ásamt þeim Sigurði Einarssyni,

fyrrverandi stjórnarformanni Kaupþings, og Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg.



## Kampavín og skjaldbökur

**W**orld Class-erfingjarnir Birgitta Líf og Björn Boði Björnsbörn hafa notið lífsins á Maldíveijum undanfarna daga. Þau gista á Conrad Hotels, sem er fimm stjörnu hótél og lúxus í fyrirrúmi. Kostar nóttin allt frá tæpum níutíu þúsund krónum og upp í rúmlega sex hundruð þúsund krónur. Meðal þess sem stjórnusílin hafa gert sér til dægurstyttingar er að drekka kampavín, liggja í sólbaði og fara í sérstakt skjaldbókusafarí þar sem þau köfðu með þessum hægfara ferfætlingum.



## Ein nótt til sölu

**S**pákonan og flotþerapistinn Ellý Ármanns vakti verðskuld aða athygli á síðasta ári þegar hún byrjaði að mála afar erótískar myndir. Ein mynd vakti sérstaka athygli. Sú heitir Nóttin okkar og sýnir konu klovvega ofan á annarri manneskju sem liggur á grúfu. Báðar manneskjur eru allsnaktar. Töldu margir að um væri að ræða Ellý og unnusta hennar, Hlyn Jakobsson. „Ég bara teikna það sem er í gangi, þetta getur verið ég, þetta getur verið fantasía,“ sagði Ellý í samtali við DV á sínum tíma. Í vikunni auglýsti Ellý síðan umrædda mynd til sölu og ljóst er að um er að ræða algjöran safngrip.



Sérfræðingur frá Jensen verður hjá okkur í dag og á morgun laugardag, 25.-26. október. Fáðu aðstoð við að velja rúmið sem hentar þér.

**10% afsláttur af öllum pöntunum.**

### Sérfræðingur í heimsókn


Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- 70 ára reynsla. Skandinavísk hönnun.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Hvert rúm er sérsmíðað fyrir þig.

Stillanlegt rúm, Ambassador\*

Verð frá:

**577.400.-**

\*Aukahlutir gaffl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.